FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

294. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 14. DESEMBER 2017



Sænska félagið á Íslandi hélt Lúsíuhátíð í Seltjarnarneskirkju í gær. Hátíðin er alltaf haldin þann 13. desember í nafni heilagrar Lúsíu en var fyrst haldin í Värmland í Svíþjóð á átjándu öld áður en hún breiddist út um alla Svíþjóð og Norðurlönd. Á Íslandi hefur Sænska félagið staðið að hátíðinni frá 1954 og haldið tónleika í tilefni hátíðarinnar frá 1991. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gögnum um mál Roberts Downey eytt

**Anna Katrín Snorradóttir, sem kærði Robert Downey í sumar, hefur verið upplýst um að gögnum sem tengjast máli hennar hafi verið eytt. Það var bókað hjá lögreglunni á Suðurnesjum í febrúar 2015. Mál hennar er á borði ákærusviðs og þar metið hvort það er fyrnt.**

**LÖGREGLUMÁL** Anna Katrín Snorradóttir, sem lagði fram kæru gegn Robert Downey vegna kynferðisbrota 5. júlí í sumar, bíður enn niðurstöðu lögreglu. Mál hennar er nú komið á borð ákærusviðs þar sem meðal annars er skoðað hvort mál hennar teljist fyrnt. Hún var upplýst um framgang málsins og rannsókn lögreglu í gær og fékk þá að vita að öllum gögnum úr máli Roberts Downey hafi verið eytt. Það sé bókað hjá lögreglunni á Suðurnesjum þann 24. febrúar árið 2015.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu voru kynferðisbrot Roberts Downey í upphafi rannsökuð af lögreglunni í Keflavík á sínum tíma, nú lögreglunni á Suðurnesjum. Tímabilið sem um ræðir eru árin 2001 til 2004. Réttargæslumanni Önnu Katrínar, Steinunni Guðbjartsdóttur hrl., kemur á óvart að umræddum gögnum hafi verið eytt. Skýra þurfi ástæðu þeirrar ákvörðunar og heimild fyrir eyðingu gagnanna á þeim tíma sem um ræðir.

Önnu Katrínu var tjáð í sumar þegar hún lagði fram kæru að möguleiki væri á því að gögnin væru týnd eða skemmd.

Að sögn Önnu Katrínar er að finna í gögnunum samtöl við þær stúlkur sem Robert hafði samskipti við í gegnum tölvu og myndir af þeim. „Ég tel allar líkur á því að þar hafi verið bæði samtöl sem hann átti við mig frá því ég var 14 til 17 ára og myndir sem ég hafði sent honum af mér á því tímabili,“ segir Anna Katrín. Hún hafi treyst á að þessi gögn væru til þegar hún lagði fram kæru. Það hafi verið henni mikið áfall að heyra að gögnin gætu mögulega verið týnd eða skemmd.

„Það er enn meira áfall fyrir mig að fá það staðfest að gögnunum hafi verið eytt og engin haldbær ástæða gefin fyrir því nema að það sé svo langt síðan dæmt var í málinu og að í gögnunum gætu verið viðkvæmar upplýsingar um aðra þar sem Robert var lögfræðingur. Ég er miður mín og trúi því ekki að þetta sé í lagi. Er í alvöru ekki mikilvægara að tryggja rétt brotaþola heldur en að varðveita lögfræðigögn? Málið er ekki fyrnt. Það eru þrettán ár síðan hann braut á mér. Það er fáránlegt að áður en fyrningarfrestur er runninn út hafi gögnum í málinu verið eytt,“ segir Anna Katrín.

– **kbg** / sjá síðu 6

## Mjakast áfram í viðræðunum

**KJARAMÁL** Viðræður flugvirkja við Samtök atvinnulífsins (SA) halda áfram í dag. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir að viðræður hafi mjakast áfram á fundi í gær. „Tíminn er á þrotum og það dregur að úrslitastund,“ segir Halldór.

Flugvirkjar hjá Icelandair hafa boðað til ótímabundins verkfalls frá og með klukkan sex næstkomandi sunnudagsmorgun. Talið er að verkfallið muni hafa áhrif á um tíu þúsund farþega á dag en nærri þrjú hundruð flugvirkjar starfa nú hjá flugfélaginu. – **hae**




## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorgerður Katrín skrifar um kapphlaupið við tímann í loftslagsmálum. 28

**LÍFIÐ** Fólk rifjar upp bestu og verstu jólagjafir sem það hefur fengið. 74

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




HNÍFAPARATÖSKUR
12 MANNA
ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990

Tékk KRISTALL
LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

SMÁRALIND
GJAFAKORT SMÁRALINDAR
ÓTAL MÖGULEIKAR Í EINUM PAKKA

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD
10 DAGAR TIL JÓLA

Kringlan 30 ára

## Veður




Norðanátt og él um norðanvert landið í dag, en yfirleitt léttskýjað syðra. Frost 0 til 7 stig, kaldast inn til landsins. SJÁ SÍÐU 48

# Beðið eftir fjárlagafrumvarpi



**Það eru fleiri en Stjörnustríðsaðdáendur sem hafa þurft að bíða undanfarna daga. Í gær fékk stjórnarandstaðan kynningu á fjárlagafrumvarpi hinnar nýju ríkisstjórnar. Fyrsta umræða um frumvarpið fer fram á föstudag í þinginu. Allnokkrir þingmenn voru saman komnir í gær og biðu eftir kynningunni þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Frumvarpið verður kynnt á blaðamannafundi klukkan 9 í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Of snemmt að segja til um eldsupptök

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Vestfjörðum verst allra fregna varðandi eldsupptök þegar útgerðarhúsnæði Hraðfrystihúss Gunnvarar á Ísafirði brann.

Verið er að skoða vísbendingar sem fundust á vettvangi og vinna úr tæknimálum. Of snemmt er að segja til um eldsupptök, en vonandi verði hægt að segja til um þau fyrir lok vikunnar.

Útgerðarhúsnæðið brann til kaldra kola síðastliðið föstudagskvöld, en slökkviliðinu tókst með faglegum vinnubrögðum að bjarga nærliggjandi húsum, meðal annars Rauða húsinu svokallaða, gömlu timburhúsi sem stendur mjög nærri byggingunni sem brann. **– aig**

## Ráðherra slær á væntingar

**STJÓRNMÁL** „Það verður ekki hægt að fara í allar þessar framkvæmdir; Tvöföldun Reykjanesbrautar, Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar, auk Sundabrautar og Borgarlínu allt á sama tíma og við erum að byggja tíu þúsund íbúðir í Reykjavík, það hefur verið reynt áður og er útópía,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra samgöngumála. Hann segir að byggja þurfi á forgangsröðun og langtímaáætlun þar sem horft verði til alls landsins.

Ný samgönguáætlun bæði til fjögurra ára og tólf ára verður afgreidd á Alþingi í vetur. Ráðherra segir hana þurfa að vera í samræmi við þá fjármálaáætlun sem lögð verði fram á svipuðum tíma. **– aá**



**Sigurður Ingi Jóhannsson**

## Skálholtsmálið algjört klúður

**KIRKJUMÁL** „Það má auðvitað kalla það klúður þegar farið er af stað með svo mikilvægt mál eins og kjör biskups í kirkjunni og stöðva þarf kosningaferlið vegna þess að ákveðinn fjöldi kjörmanna var ekki valinn samkvæmt gildandi reglum,“ segir Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, aðspurður um stöðuna í Skálholti nú þegar þarf að kjósa upp á nýtt um nýjan vígslubiskup.

Kristján Valur varð sjötugur þann 28. október síðastliðinn. „Það hefur verið venja að biskupar fái bréf um það úr ráðuneytinu hvenær þeir eru leystir frá störfum, einnig þeir sem verða sjötugir í embætti. Ég hef ekki fengið slíkt bréf og sit hér því þangað til,“ segir Kristján Valur, sem mun væntanlega gegna embætti vígslubiskups fram á Skálholtshátíð næsta sumar þegar nýr vígslubiskup verður settur í embætti. **– mhh**

# Ikea-geitin stendur enn en brennur á málverki

**Ikea-geitin hefur öðlast sess í þjóðarsálinni og þá helst í ljósum logum. Hún stendur þó enn keik. Framkvæmdastjóri Ikea vonar að að hún lifi aðventuna þótt Þrándur Þórarinsson myndlistarmaður hafi kveikt í geitinni á striga.**

**MYNDLIST** Glænýtt málverk Þrándar Þórarinssonar af Ikea-geitinni alelda hefur vakið athygli enda vantar ekkert upp á dramatíkina þar sem heiðnar vísanir og demónísk áhrif frá sjálfum Francisco de Goya dansa í bálinu.

„Ég fékk eiginlega bara þessa vitrun, að ég yrði að mála jólageitina í björtu báli,“ segir Þrándur um verkið sem hann vann mjög hratt. „Ég vildi koma henni út fyrir jólin.“ Enda ekki eftir neinu að bíða þegar Ikea-geitin er annars vegar þar sem segja má að hefð sé komin fyrir því að kveikja í henni fyrir jól.

Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri Ikea, er yfir sig hrifinn af málverkinu og segist endilega vilja eignast það fyrir hönd Ikea.

„Mér finnst þetta frábærlega flott og ég væri til í að eignast þessa mynd og gefa henni heiðurssess á skrifstofunni minni. Ég gleðst yfir að alvöru listamaður sýni þessu áhuga,“ segir Þórarinn. „Hún er með horn, eins og hún komi úr neðra, en annars eru ansi mikil líkindi með henni og geitinni okkar,“ segir hann, býsna glöggur á myndmál Þrándar.

„Það er eitthvað díabólískt og heiðið við að kveikja í geit og ég velti fyrir mér hvernig ég gæti undirstrikað það,“ segir listamaðurinn sem sótti í smiðju Goya en horn geitarinnar minna mjög á geitur í þekktum nornamyndum þess mikla meistara.

Þótt Þórarinn hrífist af málverkinu vonast hann til þess að Ikea-geitin fái að standa í friði þetta árið. „Það er þegar búið að sýna henni nokkur tilræði og nýlega voru þrír drengir stöðvaðir áður en þeim tókst að kveikja í henni. Eitthvað hefur verið talað um auglýsingagildi þess að hún brenni en það er ekki það sem við viljum.“

Þórarinn segir geitina aldrei hafa verið jafn vel vaktaða. „Við erum með mann í bíl við hliðina á henni allar nætur, umhverfis hana er rafmagnsgirðing með gaddavírum og myndavélum er beint að henni. Við kostum miklu til til þess að koma í veg fyrir þetta en ef brotaviljinn er nógu einbeittur getur það reynst erfitt,“ segir Þórarinn og nefnir sem dæmi að hann hafi heyrt hugmyndir um að nota dróna til þess að hella yfir hana bensíni og kveikja í.

„Einu sinni brann hún á Þorláksmessu þannig að hún er ekki sloppin.“

thorarinn@frettabladid.is



**„Ég fékk eiginlega bara þessa vitrun, að ég yrði að mála jólageitina í björtu báli.“ Þrándur Þórarinsson myndlistarmaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Sjáið geitina í listrænum logum.**




Kringlan
30 ára
KOMDU INN Í
HLÝJUNA
Njóttu þess að undirbúa jólin hjá okkur. Við erum með opið til kl. 22 öll kvöld til jóla.
OPIÐ TIL
22
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
OPIÐ 10–23 Á ÞORLÁKSMESSU
YFIR 1000 HUGMYNDIR
NÁÐU ÞÉR Í EINTAK Á ÞJÓNUSTUBORÐI.
GLEÐILEGA HÁTÍÐ
JÓLAGJAFA HANDBÓK
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

# Vilja byggja helmingi fleiri íbúðir en skipulag gerir ráð fyrir

**HAFNARFJÖRÐUR** Bjarg íbúðafélag hefur óskað eftir því að fjölga íbúðum um helming á lóð sem það hefur fengið úthlutað í Hraunskarði í Hafnarfirði. Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs, segir fjölda íbúða á lóðinni og kvaðir um ytra útlit húsanna útiloka að hægt sé að byggja hagkvæmar litlar íbúðir fyrir þá tekjulægstu.

Bjarg íbúðafélag er húsnæðissjálfseignarstofnun sem er rekin án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja aðgengi að hagkvæmu, öruggu og vönduðu íbúðarhúsnæði. Félagið var stofnað af BSRB og Alþýðusambandi Íslands og sitja forsvarsmenn þeirra í stjórn Bjargs.

Hinn 30. desember 2016 fékk Bjarg samþykkt stofnframlag ríkisins vegna lóðar fyrir 32 íbúðir í sex litlum fjölbýlum við Hraunskarð. Ljóst var að sá fjöldi væri ekki hagkvæmur og var óskað eftir fjölgun íbúða um tíu og var það samþykkt í maí á þessu ári.

Nú fer Bjarg fram á að geta byggt 60 íbúðir í tveimur byggingum í stað 42 íbúða í samtals sex fjölbýlishúsum. „Það er okkar mat að skipulagið hamli því að við getum byggt hagkvæmar litlar íbúðir. Markmiðið er að byggja íbúðir fyrir lægstu tekjutíundirnar og því þurfum við að byggja hagkvæmt til að verkefnið standi undir sér,“ segir Björn.

Erindi Bjargs var tekið til umræðu á fundi skipulagsráðs Hafnarfjarðar í gær. Málið verður unnið áfram í bæjarkerfinu með Bjargi og von verður á niðurstöðu í málinu á fyrsta fundi nefndarinnar á nýju ári, sem áætlaður er þann 9. janúar. – **sa**



**Bjarg vill byggja 60 íbúðir í tveimur byggingum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Aldís fær engar bætur frá ríkinu

**DÓMSMÁL** Aldís Hilmarsdóttir fær engar skaðabætur frá íslenska ríkinu. Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði ríkið í málinu í gær og málskostnaður var felldur niður.

Aldís, sem var yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, stefndi ríkinu vegna ákvörðunar Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur lögreglustjóra um að færa hana til í starfi í fyrra.

Tilfærsluna taldi Aldís jafngilda ólögmætri brottvikningu úr starfi. Krafðist hún ógildingar ákvörðunarinnar og 126 milljóna króna í skaðabætur. Ríkislögmaður fullyrti á móti að lögreglustjóri hafi haft fulla heimild til að breyta starfsskyldum Aldísar tímabundið. – **kk**

**126**

**milljóna krafðist Aldís í skaðabætur**

## Lík fannst í Fossvogsdal

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu barst á þriðjudag tilkynning um að mannslík hefði fundist í Fossvogsdal í Reykjavík. Vitni komu að látnum karlmanni rétt fyrir klukkan fjögur á þriðjudag.

Líkið fannst í skurði við læk nálægt vinnusvæði í dalnum. Lögregla hefur reynt að bera kennsl á hinn látna en talið er að um sé að ræða íslenskan karlmann á fertugsaldri.

Margeir Sveinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir að ekkert bendi til að nokkuð saknæmt hafi átt sér stað. Verið sé að rannsaka hvað gerðist og meðal annars hvort um slys hafi verið að ræða. – **ngy**

# Dregur æ nær úrslitastund í viðræðum flugvirkja og SA

**Framkvæmdastjóri SA segir ekkert dæmi um viðlíka hækkun líkt og flugvirkjar fara fram á síðustu áratugi. Boðað hefur verið til ótímabundins verkfalls frá og með klukkan sex næstkomandi sunnudagsmorgun. Ekki eru uppi áform um að setja lög á verkfallið sem talið er að muni hafa áhrif á um tíu þúsund farþega á dag.**

**KJARAMÁL** Viðræður flugvirkja við Samtök atvinnulífsins (SA) halda áfram í dag. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir að viðræður hafi mjakast áfram á fundi í gærkvöldi. „Tíminn er á þrotum og það dregur að úrslitastund,“ segir Halldór.

„Ég segi kannski ekki að fundurinn hafi verið alveg árangurslaus en við erum allavega á svipuðum stað eftir fundinn og við vorum fyrir hann,“ segir Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands.

Flugvirkjar hjá Icelandair hafa boðað til ótímabundins verkfalls frá og með klukkan sex næstkomandi sunnudagsmorgun. Talið er að verkfallið myndi hafa áhrif á um tíu þúsund farþega á dag. Um 300 flugvirkjar starfa nú hjá flugfélaginu.

Halldór segir að búið sé að bjóða „mjög sanngjarnar launahækkanir sem eru algjörlega í takt við það sem aðrir í samfélaginu eru að fá. Það er útilokað að einn hópur geti skorið sig úr þegar kemur að kjarasamningum. Kröfur flugvirkja eru himinháar og langt umfram það svigrúm sem er til staðar til launahækkana.“ Hann segir að flugvirkjum hjá Icelandair hafi fjölgað mikið undanfarin ár – hefur flugfélagið ráðið um 100 flugvirkja til starfa – samhliða því að hafa fært viðhaldsverkefni í auknum mæli til Íslands.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra sagði í gær að stjórnvöld hefðu ekki uppi „nein áform um að setja lög“ á boðaðar verkfallsaðgerðir flugvirkja. Samningar flugvirkja hjá Icelandair losnuðu í lok ágúst. Var kjaraviðræðum vísað til ríkissáttasemjara 8. september.



**Flugvirkjar Icelandair hafa boðað til verkfalls frá og með klukkan sex á sunnudagsmorgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Halldór segir það eiga að vera sameiginlegt markmið allra aðila á vinnumarkaði að viðhalda stöðugleika og þeim árangri sem náðst hefur í að hækka kaupmátt launa á síðustu árum. „Hvort sem þar er um að ræða flugvirkja og Icelandair, eða aðra hópa og önnur fyrirtæki.“

**» Hlutabréfaverð Icelandair hefur lækkað nokkuð í vikunni vegna fregna af mögulegu verkfalli flugvirkja**

Hlutabréfaverð Icelandair hefur lækkað nokkuð í vikunni vegna fregna af mögulegu verkfalli flugvirkja og í gær lækkaði gengi bréfa félagsins um 1,66 prósent í 260 milljóna króna viðskiptum.
**hordur@frettabladid.is**




# Theresa May gat ekki smalað köttunum

**BRETLAND** Meirihluti breska þingsins samþykkti í gær breytingartillögu á Brexit-frumvarpi sem gekk út á að nauðsynlegt verði að bera lokaútgáfu samningsins við Evrópusambandið um væntanlega útgöngu Breta undir þingið. Theresa May forsætisráðherra barðist gegn tillögunni og hefur áður sagt að lögbundin trygging um slíka atkvæðagreiðslu gæti komið í veg fyrir hnökralausa útgöngu úr sambandinu.

Það voru þingmenn Íhaldsflokksins, flokks May, sem tryggðu meirihluta í málinu og var flokkurinn því klofinn í málinu. Dominic Grieve, þingmaður Íhaldsflokksins, var flutningsmaður tillögunnar. Alls kusu 309 þingmenn með en 305 á móti.

Þetta er í fyrsta skipti sem ríkisstjórnin býður ósigur á þinginu í málum sem lúta að Brexit-stefnunni, að því er BBC greinir frá. Segir jafnframt í umfjöllun miðilsins að gagnrýnendur þessarar ákvörðunar hafi í umræðum á þinginu sagt að með þessu væri verið að trufla ferlið og reyna að binda hendur ríkisstjórnarinnar.


**Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, gat ekki tryggt sér stuðning flokksmanna sinna.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mikil óvissa ríkti í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar. Sagði Nick Eardley, blaðamaður BBC, stuttu áður en þingmenn greiddu atkvæði að útlit væri fyrir að stór hluti uppreisnargjarnra Íhaldsmanna myndi frekar sitja hjá en greiða atkvæði með tillögunni. Íhaldsmennirnir Paul Masterton og George Freeman greindu sjálfir frá því að þeir hygðust sitja hjá.

„Það olli okkur vonbrigðum að þingið skyldi samþykkja þessa breytingartillögu þrátt fyrir þær tryggingar sem við höfum nú þegar gefið,“ sagði talsmaður ríkisstjórnarinnar eftir atkvæðagreiðsluna í gær. – **þea**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

*Jólaveisla*

# TAX FREE

**Jólaskraut • Seríur • Gervitré**
**Búsáhöld • Fatnaður**
**Verkfæri • Smáraftæki**



**TAX FREE af ÖLLU jólaskrauti, seríum, gervijólatrjám, búsáhöldum, fatnaði, verkfærum og smáraftækjum**

Gildir einnig í vefverslun husa.is

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

*Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman*

husa.is



# Ákærusvið skoðar hvort málið sé fyrnt

**Önnu Katrínu Snorradóttur, sem kærði Robert Downey í sumar fyrir kynferðisbrot, hefur verið tjáð að gögnum sem tengjast máli hennar hafi verið eytt. Það sé bókað hjá lögreglunni á Suðurnesjum í febrúar 2015. Mál hennar er á borði ákærusviðs.**

**SAKAMÁL** Anna Katrín Snorradóttir, sem lagði fram kæru gegn Roberts Downey vegna kynferðisbrota 5. júlí í sumar, bíður enn eftir niðurstöðu lögreglu. Mál hennar er nú komið á borð ákærusviðs þar sem meðal annars er skoðað hvort mál hennar teljist fyrnt. Hún var upplýst um framgang málsins og rannsókn lögreglu í gær og fékk þá að vita að öllum gögnum úr máli Roberts Downey hafði verið eytt. Það sé bókað hjá lögreglunni á Suðurnesjum þann 24. febrúar 2015.

„Þegar ég lagði fram kæru í sumar spurði lögreglumaðurinn mig hvort ég ætti einhver gögn til að styðja mál mitt. Ég greindi frá því að á sama tíma og hann hefði brotið á mér hefði hann einnig brotið á öðrum stelpum. Gögn um þau brot hefðu verið gerð upptæk á heimili hans. Þeirra á meðal minnisbók með nöfnum barnungra stúlkna og tölvugögn. Ég sagði við lögreglumanninn að ég væri 99 prósent viss um að í þessum gögnum væri hægt að finna sönnun fyrir brotum gegn mér líka. Hann sagði mér þá strax að það væri möguleiki á því að gögnin væru týnd eða skemmd,“ segir Anna Katrín.

Að sögn Önnu Katrínar er einnig að finna í gögnunum samtöl við þær stúlkur sem Robert hafði samskipti við í gegnum tölvu og myndir af þeim.

„Ég tel allar líkur á því að þar hafi verið bæði samtöl sem hann átti við mig frá því ég var 14 til 17 ára og myndir sem ég hafði sent honum af mér á því tímabili,“ segir Anna Katrín. Hún hafi treyst á að þessi gögn væru til þegar hún lagði fram kæru. Það hafi verið henni mikið áfall að heyra að gögnin gætu mögulega verið týnd eða skemmd.

„Það er enn meira áfall fyrir mig að fá það staðfest að gögnunum hafði verið eytt og engin haldbær ástæða gefin fyrir því nema að það sé svo langt síðan dæmt var í málinu og að í gögnunum gætu verið viðkvæmar upplýsingar um aðra þar sem Robert var lögfræðingur. Ég er miður mín og trúi því ekki að þetta sé í lagi. Er í alvöru ekki mikilvægara að tryggja rétt brotaþola heldur en að varðveita lögfræðigögn? Málið er ekki fyrnt. Það eru þrettán ár síðan hann braut á mér. Það er fáránlegt að áður en fyrningarfrestur er runninn út sé gögnum í málinu eytt,“ segir Anna Katrín.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu voru kynferðisbrot Roberts Downey í upphafi rannsökuð af lögreglunni í Keflavík – nú lögreglunni á Suðurnesjum – á sínum tíma . Tímabilið sem um ræðir eru árin 2001 til 2004.

Réttargæslumanni Önnu Katrínar, Steinunni Guðbjartsdóttur hrl., kemur á óvart að umræddum gögnum hafi verið eytt. Skýra þurfi ástæðu þeirrar ákvörðunar og heimild fyrir eyðingu gagnanna á þeim tíma sem um ræðir.

**kristjanabjorg@frettabladid.is**



Nína Rún, Glódís Tara, Halla Ólöf og Anna Katrín lengst til hægri eru allar þolendur Roberts Downey og hittust fyrst allar saman í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Er í alvöru ekki mikilvægara að tryggja rétt brotaþola heldur en að varðveita lögfræðigögn? Málið er ekki fyrnt.**
>
> Anna Katrín



## Dómur Héraðsdóms

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 2007 kemur fram að Róbert hafi nýtt sér yfirburði sína til að tæla fjórar stúlkur, þrjár 15 ára og eina 14 ára gamla, með peningagreiðslum og blekkingum.

Komst hann í samband við þær með blekkingum, og þóttist hann til að mynda vera 17 ára gamall táningspiltur að nafni Rikki í samskiptum við eina þeirra í gegnum netið.

Þá hafi hann í 15 skipti tælt aðra stúlku, sem þá var 15 ára, með peningagreiðslum og blekkingum til þess að hafa við hann kynferðismök í bifreið á ýmsum stöðum í Reykjavík.

FÁÐU GJAFIRNAR SENDAR HEIM Á ELKO.IS
ELKO

# 57 ríki vilja viðurkenningu Palestínu

**PALESTÍNA** Leiðtogar 57 múslimaríkja undirrituðu í gær yfirlýsingu þar sem kallað var eftir því að alþjóðasamfélagið viðurkenndi sjálfstæði Palestínu og að hinn hernumdi austurhluti Jerúsalem væri höfuðborg ríkisins. Ákvörðun Donalds Trump Bandaríkjaforseta um að öll Jerúsalem væri viðurkennd höfuðborg Ísraelsríkis var jafnframt dæmd dauð og ómerk í augum leiðtoganna 57.

Alls hafa 136 af 193 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna viðurkennt sjálfstæði Palestínu. Á meðal ríkja sem ekki hafa gert það eru Ástralía, Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Bretland, Ísrael og Bandaríkin.

Á fundi leiðtoganna í gær sagði Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, að milliganga Bandaríkjanna um friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna væri óásættanleg þar sem Bandaríkjamenn stæðu með Ísraelum. Þess í stað ættu Sameinuðu þjóðirnar að hafa milligöngu.

Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, tók einnig til máls. Sagðist hann lofa því að standa uppi í hárinu á „bandarískum yfirgangsseggjum“.

Í yfirlýsingunni segir enn fremur að Bandaríkin reyni vísvitandi að grafa undan friði á svæðinu og með gjörðum sínum ýti Bandaríkjamenn undir öfgar og hryðjuverkastarfsemi. Bandaríkjamenn verði ábyrgir fyrir afleiðingum ákvörðunar sinnar, dragi þeir hana ekki til baka. – **þea**




Múslimar víða um heim hafa mótmælt ákvörðun Trumps. NORDICPHOTOS/AFP

> **136 af 193 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna viðurkenna nú sjálfstæði Palestínu.**

Jólabækurnar fást hjá okkur!
Opið um helgina
16. desember 12 - 16
17. desember 12 - 16
og á Þorláksmessu frá 10 - 18.


FORLAGIÐ BÓKABÚÐ
bóksala stúdenta
Opið virka daga 9-18
Alltaf opið á
www.boksala.is
Háskólatorg s. 5-700-777


SMÁRALIND
KLÁR FYRIR JÓLIN?
OPIÐ TIL 22
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
JÓLASVEINAR KOMA KL. 17 Í DAG
OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
ÞORLÁKSMESSA 11-23
AÐFANGADAGUR 10-13
WWW.SMARALIND.IS
FACEBOOK
INSTAGRAM
SNAPCHAT








Fjölgun flutninga sjúklinga í lofti kallar á nýja sjúkraflugvél. Ekkert bendir til þess að dragi úr sjúkraflugi á næstu árum.

# Aðkallandi að séu tvær sjúkraflugvélar til taks

Mikilvægt er að ný sjúkraflugvél taki að sér sjúkraflug í minni forgangi að mati slökkviliðsstjóra og forstöðulæknis á Akureyri. Búist er við að 800 sjúkraflug verði farin á þessu ári með um 900 sjúklinga, en sjúkraflutningar hafa aukist.

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkraflug hér á landi er orðið það umfangsmikið að sjúkraflutningamenn á Akureyri eru með einn mann fastan í því á hverjum degi. Mikilvægt er að mati Ólafs Stefánssonar, slökkviliðsstjóra á Akureyri, að koma til móts við þessa þróun með auknu fjármagni svo ráða megi fleiri sjúkraflutningamenn í verkefnið og fá inn aðra sjúkraflugvél á dagvinnutíma.

Búist er við 17 prósent aukningu sjúkraflugs á landinu á þessu ári að sögn Slökkviliðsins á Akureyri sem hefur umsjón með þeim hluta sjúkraflutninga á landinu.

Nú þegar hafa 763 sjúkraflug verið farin og 811 sjúklingar fluttir með þeim. Áætlað er að sjúkraflug verði rúmlega átta hundruð á þessu ári.

„Eins og staðan er hjá okkur núna höfum við greitt starfsmönnum álag fyrir 2.170 klukkustundir á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Það er að gera um 200 tíma á mánuði. Inni í þessum tíma er undirbúningur fyrir sjúkraflug, frágangur og skýrslugerð. Meðaltími fyrir hvert flug er rúmar þrjár klukkustundir,“ segir Ólafur.

> Eins og staðan er hjá okkur núna höfum við greitt starfsmönnum álag fyrir 2.170 klukkustundir á fyrstu ellefu mánuðum ársins.
>
> Ólafur Stefánsson, slökkviliðsstjóri á Akureyri



„Staðan núna er sú að við erum fimm á vakt hér á dagvöktum, fjórir til að manna tvo bíla og einn til að sinna flugi. Þegar upp koma sjúkraflug á næturvöktum þarf oft að styrkja sjúkrabílavaktina með því að ræsa mann af frívakt með tilheyrandi kostnaði fyrir okkur,“ bætir Ólafur við.

Oddur Ólafsson, forstöðulæknir svæfingalækninga Sjúkrahússins á Akureyri sem er yfir sjúkraflugi, segir þá stöðu sem upp er komna núna sýna mikilvægi þess að tvær vélar séu til taks. „Ég gæti séð fyrir mér aðra vél koma inn á dagvaktir, frá morgni til kvölds á virkum dögum, til að annast sjúkraflutninga í minni forgangi,“ segir Oddur. „Sjúkraflutningar hafa aukist, bæði á landi og í lofti. Því þarf að setja skýrari ramma utan um sjúkraflugið og skilgreina hvaða þjónustu á að veita, hver ábyrgð og hverjar skyldur aðila í sjúkraflugi eru og hvernig eftirlit með þjónustunni á að vera.“ **sveinn@frettabladid.is**


Suðurhlið nýrra höfuðstöðva Hjálpræðishersins í Sogamýri. MYND/HANS OLAV ANDERSEN

# Hjálpræðisherinn má reisa nýjar höfuðstöðvar sínar á Suðurlandsbraut

**SKIPULAGSMÁL** Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur heimilað Hjálpræðishernum að reisa höfuðstöðvar á tveimur hæðum á Suðurlandsbraut 32-34.

Byggingin sem um ræðir er samtals 1.531 fermetri á tveimur hæðum. Er það eilítið stærra en fyrrverandi höfuðstöðvar við Kirkjustræti sem Hjálpræðisherinn seldi fyrir tæpum tveimur árum á 630 milljónir króna. „Það var ósk um að gera eftirminnilegt hús utan um þessa sérstöku starfsemi sem verður á áberandi stað,“ segir Hans-Olav Andersen sem hannaði nýju höfuðstöðvarnar.

> Það var ósk um að gera eftirminnilegt hús utan um þessa sérstöku starfsemi sem verður á áberandi stað.
>
> Hans-Olav Andersen

Lóðin stendur við suðurmörk Sogamýrar, nærri Miklubraut.

Hans-Olav segir nokkurn tíma hafa farið í að gera sér grein fyrir þeim þörfum sem byggingin þurfi að uppfylla. Við því sé að búast að það sem eftir lifir vetrar verði nýtt til frekari hönnunarvinnu og gerð útboðsgagna. Framkvæmdir gætu þá hafist næsta sumar.

„Markmiðið er að þetta verði farið af stað næsta sumar eða haust,“ segir Hans sem bendir þó á að mikil þensla sé á byggingamarkaði og ekki hlaupið að því að finna verktaka.
**– gar**

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 70cm. 29.544**




**Verðdæmi 80x80 cm. 35.900**







**Verðdæmi 70x70 cm. 30.500**




**Verðdæmi 80x80 cm. 32.107**




**Verðdæmi 70x70 cm 29.600**

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 70 cm. 26.190**

# Gæði, úrval og gott verð!

INNRÉTTINGAR & TÆKI
*- fyrir þitt heimili*

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

## Ráðherra hittir Mývetninga

**UMHVERFI** „Þetta er áríðandi mál og á dagskránni að hitta Mývetninga,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra um fyrstu skref varðandi vanda Mývetninga í fráveitumálum. Guðmundur þekkir fráveituvanda Mývetninga vel úr starfi sínu hjá Landvernd en samtökin hafa þrýst á aðgerðir vegna áhrifa atvinnustarfsemi í kringum vatnið á lífríki þess.

Fyrstu verkefni ráðherrans verða að koma í gang vinnu um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu, stofnun Loftslagsráðs sem mun vinna að gerð vegvísis fyrir kolefnislaust Ísland 2040 og koma í gang átaki í friðlýsingum. **– aá**



**Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra.**

## Vísa máli gegn ríkinu til EFTA

**STJÓRNSÝSLA** Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ákvað í gær að vísa máli gegn íslenska ríkinu til EFTA-dómstólsins þar sem ekki hefur verið innleidd hér EES-löggjöf um rekstraraðila sérhæfðra sjóða innan tímamarka.

„Tilkoma stöðugs og skilvirks innri fjármálamarkaðar veltur á því að allir markaðsaðilar fylgi sameiginlegum reglum og eftirliti,“ sagði Helga Jónsdóttir, stjórnarmaður ESA, í tilkynningu til fjölmiðla í gær.

Um er að ræða tilskipun um að koma á fót lagaramma um heimild og eftirlit með sérhæfðum sjóðum. **– hg**

# Rukkuð af borginni fyrir að efna til mótmæla við Austurvöll

**Reykjavíkurborg sendi fyrrverandi formanni Ungra Pírata rukkun fyrir afnot af borgarlandinu þegar Píratar efndu til mótmæla við Austurvöll í sumar. Borgin hefur dregið í land og segir að um mistök hafi verið að ræða. Upplýsingastjóri spyr þó hver eigi að greiða kostnað sem fellur á borgina í tengslum við mótmæli.**

**MANNRÉTTINDI** „Það er rosalega alvarlegt að ég þurfi sjálf að segja þeim hver minn stjórnarskrárbundni réttur er,“ segir Dóra Björt Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður Ungra Pírata. Dóra fékk á dögunum senda 20.500 króna rukkun frá Reykjavíkurborg fyrir afnot af borgarlandinu þegar hún, ásamt fleirum, efndi til mótmæla á Austurvelli vegna fyrirhugaðrar sameiningar Fjölbrautaskólans við Ármúla og Tækniskólans. Mótmælin fóru fram 28. maí.

Innheimtan, sem borgin féll frá eftir athugasemdir Dóru, gengur í berhögg við stefnu borgarinnar í þessum málum. Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, segir í samtali við Fréttablaðið að um mistök hafi verið að ræða. Í viðtali við hann á mbl.is í fyrra kom fram að ekki væri greitt grunngjald fyrir afnot af borgarlandi þegar um mótmæli væri að ræða. „Á þessu máli er borgaralegur vinkill sem snýst um rétt fólks í lýðræðisríki til að mótmæla,“ hafði mbl.is eftir Bjarna.

Hann bætti hins vegar við að það væri spurning hver ætti að greiða fyrir kostnað sem félli á borgina vegna þjónustu sem inna þyrfti af hendi í tengslum við mótmælasamkomur, svo sem vegna lokana gatna, aðgangi að rafmagni eða uppsetningu sviðs. Í samtali við Fréttablaðið segir hann að afstaða borgarinnar hafi ekki breyst heldur hafi verið um mistök að ræða, sem nú hafi verið leiðrétt. Honum er ekki kunnugt um að fleiri mótmælendur hafi fengið rukkun sem þessa vegna sambærilegra viðburða.



**Dóra Björt bendir á að það sé stjórnarskrárvarinn réttur hennar að mótmæla.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Í tölvuskeyti til borgarinnar, sem Dóra sendi eftir að henni barst ítrekun vegna málsins, vísaði hún til þess að það væri stjórnarskrárvarinn réttur hennar að mótmæla. Henni þætti óeðlilegt ef mótmælaréttur-inn væri takmarkaður með þessum hætti. Það stríddi gegn stjórnarskrá. Í 74. grein stendur: „Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir.“ Þá segir í 73. grein að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar og í sömu grein að tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða.

Á vef borgarinnar er meðal annars tekið fram að þeir sem vilja fá afnot af almenningsgörðum, svo sem Austurvelli, þurfi að sækja um afnotaleyfi. Þetta eigi líka við um útifundi og samkomur. Ekkert er þar tekið fram um mótmælafundi.

> **Ég vildi gera þetta rétt svo þeir gætu passað upp á öryggi og hugað að þeim málum sem þörf krefur þegar fólk kemur saman.**
>
> Dóra Björt Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður Ungra Pírata

Dóra nefnir að á alþjóðavísu sé sums staðar mjög sótt að borgaralegum réttindum fólks, og nefnir Bandaríkin sem dæmi. Hún óttist að fleiri hafi fengið rukkun á borð við þá sem hún fékk og segir að slíkt háttalag væri hamlandi fyrir frelsi fólks til að mótmæla. Þá bendir hún á að þeir sem mótmæli séu oft hópar sem standi höllum fæti í samfélaginu og að 20 þúsund króna gjald geti verið hár þröskuldur.

Hún segir að í aðdraganda mótmælanna hafi hún hringt til að láta borgina vita af viðburðinum og hafi í kjölfarið verið beðin um að fylla út eyðublað. „Ég vildi gera þetta rétt svo þeir gætu passað upp á öryggi og hugað að þeim málum sem þörf krefur þegar fólk kemur saman.“ Hún bendir á að hún hafi áður staðið fyrir mótmælum en að í það skipti hafi hún ekki verið rukkuð. **baldurg@frettabladid.is**


MÁLÞING um bókina
MARGAR MYNDIR ÖMMU
Konur og mótun íslensks samfélags á 20. öld.




15. desember
kl. 15:00–16:30
í fyrirlestrasal
Þjóðminjasafns Íslands.

DAGSKRÁ:
VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR
fyrrverandi forseti:
„Vilborg Guðnadóttir frá Keldum í Mosfellssveit“
IRMA ERLINGSDÓTTIR
dósent í frönskum bókmenntum:
„Fjölbreyttar myndir af líf kvenna á Íslandi um aldamótin 1900 og fram á miðja 20. öld“
ANNADÍS G. RÚDÓLFSDÓTTIR
dósent í aðferðafræði rannsókna:
„Línudans: Tekist á við sögur nákominna“
ÁRMANN JAKOBSSON
prófessor í íslensku:
„Leynifélagið Konur – hugleiðing um gögn“
ERLA HULDA HALLDÓRSDÓTTIR
lektor í sagnfræði:
„Saumavél eða vélbátur? Smávegis um söguna og ömmur“

Bókin verður til sölu á staðnum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
RIKK RANNSÓKNASTOFNUN Í JAFNRÉTTISFRÆÐUM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS




**Íbúar á Völlunum eru ósáttir við óþef sem berst inn í hverfið.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Hafa enga þolinmæði fyrir ólykt í Hafnarfirði

**UMHVERFISMÁL** „Bæjarstjórinn var mjög skýr á því að þolinmæði bæjarins vegna lyktarmengunarinnar væri engin,“ segir Einar Bárðarson, samskiptastjóri Hafnarfjarðar, um fund fulltrúa Hafnarfjarðar með Gámaþjónustunni.

Þetta kemur fram í tölvupósti frá Einari vegna fréttar í Fréttablaðinu í gær um kvartanir íbúa á Völlunum í Hafnarfirði undan mikilli ólykt sem stundum berst inn í hverfið frá moltugerði sem Gámaþjónustan starfrækir rúma tvo kílómetra frá hverfinu.

Einar segir bæjastjórann og formann skipulags- og byggingaráðs hafa fundað með Gámaþjónustunni 29. nóvember. Gámaþjónustan hafi sagst þegar hafa innleitt nýja verkferla sem ættu nánast að öllu leyti að koma í veg fyrir ólykt frá starfseminni.

„Fulltrúar Gámaþjónustunnar sögðust hafa skilning á því og væntu þess að aðgerðir þeirra myndu koma í veg fyrir hana. Eftir fundinn er það von bæði bæjaryfirvalda og Gámaþjónustunnar að frekari lyktarmengun berist ekki frá starfseminni,“ segir í orðsendingu samskiptastjórans.

> **Er það von bæði bæjaryfirvalda og Gámaþjónustunnar að frekari lyktarmengun berist ekki frá starfseminni.**
>
> Einar Bárðarson, samskiptastjóri Hafnarfjarðar

Gunnar Bragason, framkvæmdastjóri Gámaþjónustunnar, sagðist í Fréttablaðinu í gær vera bjartsýnn á að komið yrði í veg fyrir lyktarmengun með breyttu vinnulagi við moltugerðina. **– gar**

BOSS HUGO BOSS
SAND
POLO RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI COLLEZIONI
eterna
gardeur
HUGO HUGO BOSS
G-STAR RAW
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI collezione
MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD




**Treflar**
verð áður kr. 5.980
**Jólatilboð kr. 3.588**

**Leðurhanskar**
verð áður kr. 9.980
**Jólatilboð kr. 5.988**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)

# Segir ákvæði um húsnæðismál óskýrt

**Stjórnarflokkarnir hafa ekki útskýrt hvernig þeir vilja nýta lífeyriskerfið í þágu ungra fasteignakaupenda. Nú þegar nýta hundruð sér séreignarsparnað til kaupa á fyrstu íbúð. Forseti ASÍ varar við því að sameiginlegir sjóðir séu nýttir til að hjálpa fólki við húsnæðiskaup.**

**STJÓRNMÁL** „Ég get ekki botnað það hvað er átt við,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, um ákvæði í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar um aðgerðir í húsnæðismálum.

Þar kemur fram að ríkisstjórnin muni fara í aðgerðir sem lækka þröskuld ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn.

„Í því augnamiði verða stuðningskerfi hins opinbera endurskoðuð þannig að stuðningurinn nýtist fyrst og fremst þessum hópum. Meðal annars verða skoðaðir möguleikar á því að hægt verði að nýta lífeyrissparnað til þessa.“

Fréttablaðið hefur ítrekað spurt Ásmund Einar Daðason, nýjan velferðarráðherra, hvað þarna er átt við, en hann hefur ekki svarað fyrirspurninni.

Í aðdraganda síðustu þingkosninga kynnti Framsóknarflokkurinn svokallaða svissneska leið í húsnæðismálum. Gylfi Arnbjörnsson segir ekkert nýtt í þeirri aðferð. Hann bendir á að í Sviss sé einungis heimilt að nýta séreignarsparnað til húsnæðiskaupa. Ekki sé heimilt að nota fé úr samtryggingarsjóðum. Hér á landi sé nú þegar búið að heimila nýtingu séreignarsparnaðar til fyrstu íbúðakaupa.

„Það er fjöldi fólks að gera það og þarf ekkert að heimila það aftur,“ segir Gylfi. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóra hafa nú þegar um 700 manns fengið heimild sem tók gildi 1. júlí síðastliðinn til að nýta séreignarsparnaðinn skattfrjálst til útborgunar í kaup á fyrstu íbúð eða greiðslu inn á lán. Síðan hafa 44 þúsund nýtt sér heimild frá 2014 til útgreiðslu séreignarsparnaðar til að kaupa íbúð til eigin nota eða greiðslu inn á lán.

Gylfi segir að í þessu ljósi sé vandséð hverjar fyrirætlanirnar séu. Hann bendir líka á að langstærstu lánveitendurnir til fasteignakaupa séu lífeyrissjóðirnir. „Þeir hafa verið að auka sinn hlut á þessum markaði og þeir gera það á kjörum sem eru miklu hagstæðari en bankarnir bjóða upp á. Það hefur alltaf verið mjög veigamikill þáttur í fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða að lána sínum sjóðsfélögum.“

Gylfi segir að það yrði mjög varhugavert ef ríkið myndi heimila launþegum að nýta samtryggingarréttinn til að fjármagna fyrstu íbúðakaup. „Við vörum algerlega við því. Ef ungt fólk er að fara að gera það þá missir það fjórðung til þriðjung lífeyrisréttinda,“ segir hann og bætir við að það sé ekki hyggilegt að ungt fólk fórni tryggingum sínum til að koma sér þaki yfir höfuðið. „Lífeyriskerfið okkar er með alveg gríðarlega miklar fjölskyldutryggingar. Bæði hvað varðar örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Þetta eru allt þættir sem skipta sköpum fyrir þá sem lenda í alvarlegum slysum eða veikindum. Þá er það þetta sem skiptir sköpum, miklu meira en opinberi geirinn.“

**jonhakon@frettabladid.is**



Forseti ASÍ segir að í Sviss sé einungis heimilt að nýta séreignarsparnað til húsnæðiskaupa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**» Fréttablaðið hefur ítrekað spurt Ásmund Einar Daðason, nýjan velferðarráðherra, hvað þarna er átt við, en hann hefur ekki svarað fyrirspurninni.**






# Jacob Zuma tapaði fyrir rétti í tvígang

**SUÐUR-AFRÍKA** Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku, tapaði fyrir rétti í gær í tveimur aðskildum spillingarmálum. Annars vegar féllst dómari á kröfu spillingareftirlitssamtaka um að skikka Zuma til að skipa nefnd til að rannsaka ásakanir gegn honum og hins vegar komst dómari að þeirri niðurstöðu að Zuma hefði brotið af sér þegar hann reyndi að nota dómstóla til að koma í veg fyrir birtingu sem sýndi fram á spillingu innan ríkisstjórnarinnar.

Zuma hefur verið forseti Suður-Afríku undanfarin átta ár fyrir hönd Afríska þjóðarráðsins. Alla sína valdatíð hefur Zuma verið sakaður um spillingu og alltaf hefur hann neitað slíkum ásökunum. Hann mun hins vegar víkja úr embætti leiðtoga flokksins í næstu viku og mun hann ekki verða í framboði í forsetakosningunum árið 2019.



Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku. NORDICPHOTOS/AFP

Þetta eru ekki fyrstu málin sem eru höfðuð gegn Zuma. Fyrr á þessu ári var honum gert að skipa nefnd til að rannsaka hvort hann hafi hagnast ólöglega á sambandi sínu við hina auðugu Gupta-fjölskyldu. Í fyrra var honum gert að endurgreiða ríkissjóði fé sem hann nýtti til að ráðast í lagfæringar á heimili sínu í Nkandla. Hann var hins vegar sýknaður af nauðgun árið 2006 og sömuleiðis var spillingarmál gegn honum frá árinu 2005 fellt niður skömmu síðar. **– þea**






# Milljónir í enskukennslu ráðherra

**SVÍÞJÓÐ** Atvinnumálaráðuneytið í Svíþjóð hefur á þessu ári keypt tungumálaaðstoð fyrir 400 þúsund sænskar krónur, um fimm milljónir íslenskra króna, fyrir Sven-Erik Bucht landsbyggðarráðherra. Þetta hefur sætt gagnrýni innan ráðuneytisins sem heldur eftir þremur milljónum af upphæðinni. Í fyrra greindu fjölmiðlar frá því að keypt hefði verið enskukennsla fyrir ráðherrann fyrir um þrjár milljónir króna.

Ráðherrann bendir á að tungumálakunnátta manna sé misjöfn. Hann sé ekki góður í ensku en þurfi að sinna erindum á alþjóðlegum vettvangi og halda ræður. Þá vilji hann standa sig vel og vera Svíþjóð til sóma. **– ibs**



Sænskur ráðherra þurfti aðstoð vegna ræðuhalds erlendis.

# Örplast í kræklingi

**NOREGUR** Plastagnir fundust í 80 prósentum alls kræklings við Noregsstrendur, að því er niðurstöður rannsóknar norsku hafrannsóknastofnunarinnar sýndu. Rannsakaðar voru 252 bláskeljar og af þeim innihéldu 193 örplast.

Höfundur skýrslunnar um rannsóknina, Amy Lusher, segir lítið vitað um afleiðingar þess að neyta matar sem inniheldur örplast.

Langtímarannsókn á plastögnum í fiski í Eystrasalti leiddi nýlega í ljós að magnið hefur ekki breyst síðastliðin 30 ár. Á sama tíma hefur notkun plasts í löndunum í kringum Eystrasalt þrefaldast, að því er danska ríkisútvarpið greinir frá. **– ibs**


bauhaus.is
BAUHAUS®
50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
JÓLAVÖRUM
f
Afslátturinn gildir til og með mánudeginum 8. janúar 2018.
Opnunartímar: mánudaga til föstudaga 8-19 * laugardaga og sunnudaga 10-18

# TAMPA
u-sófi




Slitsterkt áklæði.
Dökk- og ljósgrár.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **151.920 kr.**



**20% AFSLÁTTUR**

## VEGGHILLUR
skemmtilegar hillur úr viði og svörtu eða ljósu leðri.



**STÆRÐ:**
60x20 / 90x20 cm **Verð frá:**

**8.900 kr.**

## BORÐLAMPAR




**Verð frá:**

**4.990 kr.**

## PÚÐAR
margir litir, fjöbreytt úrval



**Verð frá:**

**1.990 kr.**

# JÓLAILMIRNIR
## FRÁ YANKEE CANDLE




**JÓLA-TILBOÐ**

**Verðdæmi: Millistórt kerti í glerkrukku. Fullt verð: 3.390 kr.**

Jólatilboð aðeins **2.712 kr.**

# NATURE'S LUXURY
heilsurúm með Classic botni

**25% AFSLÁTTUR**
af Nature's Luxury á meðan birgðir endast.

| Stærð í cm | Fullt verð | Jólatilboð |
|---|---|---|
| 120 x 200 | 119.900 kr. | **89.925 kr.** |
| 140 x 200 | 129.900 kr. | **97.425 kr.** |
| 160 x 200 | 149.900 kr. | **112.425 kr.** |
| 180 x 200 | 169.900 kr. | **127.425 kr.** |
| 180 x 210 | 194.900 kr. | **146.175 kr.** |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Þrýstijöfnunar yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. $m^2$



**JÓLA-TILBOÐ**

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni. Aukahlutir á mynd: Höfuðgafl, koddar, púði og teppi.

Nature's Bedding

**www.dorma.is**
Ný og betri vefverslun
**ALLTAF OPIN**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

# DORMA
Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

# Notalegar og hlýjar jólagjafir
## Komdu í Dorma



## DÚNSÆNGUR
**Mikið úrval**
Einbreiðar, tvíbreiðar og barnasængur.

JÓLA-TILBOÐ

**DORMA DELUX DÚNSÆNG**
Sérlega hlý og mjúk
600 gr. dúnsæng, 140x200 cm
· 90% dúnn
· 10% smáfiður
Fullt verð: 23.900 kr.

**25%** AFSLÁTTUR af DORMA LUXE

QUILTS OF DENMARK

Nú aðeins **17.925 kr.**

## SHAPE CLASSIC
heilsukoddi



Classic koddinn veitir einstakan stuðning og hentar öllum svefnstellingum.

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Fullt verð: 5.900 kr.

Aðeins **3.900 kr.**

## HINIR MARGRÓMUÐU
Memory Foam heilsuinniskór

Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um allt fótasvæðið.



| 1 par | 2 pör | 3 pör |
|---|---|---|
| **3.900 KR.** | **6.900 KR.** | **9.900 KR.** |
| | 3.450 parið | 3.300 parið |

SCANDINAVIAN BEDDING

**ÓTRÚLEGT jólatilboð**
Dúnsæng + dúnkoddi

## TVENNUTILBOÐ
Dúnsæng og dúnkoddi

Sæng 140 x 200 cm. 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Fullt verð: 9.900 kr
Koddi 50x70 cm. 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Fullt verð: 4.900 kr.
**Fullt verð samtals: 14.800 kr.**



Aðeins **9.900 kr.**

**OPNUNARTÍMI TIL JÓLA**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim. 14. des. | 10-18 | Sun. 17. des. | 13-17 | Mið. 20 des. | 10-20 | Lau. 23. des. | 11-22 |
| Fös. 15. des. | 10-18 | Mán. 18. des. | 10-18 | Fim. 21. des. | 10-20 | Sun. 24. des. | 10-13 |
| Lau. 16. des. | 11-17 | Þri. 19. des. | 10-18 | Fös. 22 des. | 10-20 | www.dorma.is | |

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Hóta að bera öryrkja og hund út fyrir jól

**Sigurbjörgu Hlöðversdóttur barst bréf frá lögfræðistofu í gær þar sem skorað er á hana að tæma íbúð sína í Hátúni 10. Fær þrjá daga til að skila henni af sér, annars verði hún borin út af sýslumanni. Hún segist ekki hafa í önnur hús að venda og hyggst ekki verða við beiðninni.**

**SAMFÉLAG** „Ég get ekkert farið, ég hef engan samastað, enga peninga til að leigja mér eitt né neitt. Ég væri ekki hérna ef ég gæti verið annars staðar," segir Sigurbjörg Hlöðversdóttir, öryrki og íbúi í Hátúni 10, húsnæði Brynju hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands, sem í gær barst bréf frá lögfræðistofu þar sem henni er hótað útburði.

Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um mál Sigurbjargar að undanförnu, en leigusamningur hennar var ekki endurnýjaður þar sem hún hafði gerst brotleg við húsreglur um dýrahald. Sigurbjörg býr í íbúð sinni í Hátúni ásamt pomeranian-hundinum Hrolli sem hefur reynst eigandanum mikilvægur félagsskapur í gegnum tíðina. Upphaflega bar Sigurbjörgu að skila íbúðinni 1. desember síðastliðinn. Hún kærði ákvörðun Brynju til kærunefndar húsnæðismála í velferðarráðuneytinu og hélt hún hefði keypt sér tíma meðan málið væri til meðferðar.

Annað kom á daginn í gær þegar hún var heimsótt af fulltrúa Lögfræðistofu Reykjavíkur sem afhenti henni ómerkt umslag. Í því var að finna áskorun, dagsetta 4. desember, um að hún tæmi íbúðina nú þegar og skili lyklunum til Brynju.

Í bréfinu er henni hótað útburði, en þar segir:

„Verði ekki orðið við því innan 3ja daga frá birtingu áskorunar þessarar mun verða farið fram á aðfarar-heimild hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og þess síðan krafist að þú verðir borin út úr húsnæðinu með atbeina sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu."


Lögfræðistofa Reykjavíkur

Sigurbjörg Hlöðversdóttir
Hátúni 10, íbúð [redacted]
105 Reykjavík

ÁSKORUN

Tímabundinn húsaleigusamningur þinn við Brynju, Hússjóð Öryrkjabandalagsins, kt. 420369-6979 (Brynja) um íbúð merkta [redacted] í húsinu nr. 10 við Hátún í Reykjavík, rann út 1. desember 2017 og ber þér því að skila húsnæðinu.

Skorað er á þig, Sigurbjörgu Hlöðversdóttur, kt. [redacted], að tæma nú þegar íbúðina og afhenda Brynju, Hússjóði Öryrkjabandalagsins umráð íbúðarinnar og skila lyklum að henni á skrifstofu Brynju, Hátúni 10c, Reykjavík.

Verði ekki orðið við því innan 3ja daga frá birtingu áskorunar þessarar mun verða farið fram á aðfararheimild hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og þess síðan krafist að þú verðir borin út úr húsnæðinu með atbeina sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Reykjavík, 4. desember 2017
Virðingarfyllst,

**Bréfið sem barst.**

Sigurbjörg er hvumsa yfir þessu útspili og furðar sig á að hægt sé að fara út í aðgerðir sem þessar áður en úrskurður kærunefndar liggur fyrir.

„En ég er ekki lögfræðingur, ég er bara öryrki hérna. Ég er að brjóta húsreglur, engin spurning um það, en ég er á því að Brynja sé að brjóta lög með þessari mismunun," segir hún og vísar þar í að fjöldi íbúa í Hátúni haldi gæludýr. Hún kveðst ekki ætla að verða við áskoruninni.

„Ég verð bara að sitja og bíða. Leyfa þeim að bera mig út, hvenær sem það verður. 24. desember kannski." **mikael@frettabladid.is**



**Sigurbjörg segir að hún og hundurinn Hrollur fari hvergi. Hússjóður ÖBÍ verði að láta bera hana út.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Milt og mýkjandi í gjafaöskju

Án parabena, ilm– og litarefna

· Rakakrem 100 g
· Handáburður 100 ml
· Andlitshreinsir 50 ml
· Andlitskrem 20 g

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil




**Áætlað byggingamagn ofanjarðar er allt að 15.600 fermetrar.**

## 140 íbúðir á Nónhæð

**SKIPULAGSMÁL** Bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur samþykkt breytingar á aðal- og deiliskipulagi sem heimilar að byggðar verði allt að 140 íbúðir á Nónhæð, skammt frá Smáralind. Um er að ræða þrjár lóðir undir fjölbýlishús á tveimur til fimm hæðum. Á fundinum var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi vegna athugasemda sem bárust í ferli málsins en fréttir voru sagðar af því fyrr á árinu að íbúasamtökin Betri Nónhæð lögðust gegn byggðinni.

Breytingarnar sem gerðar voru og samþykktar lúta aðallega að hæð fjölbýlishúsanna. Þær kveða á um að hámarkshæð húsanna lækki um 3,6 til 4,6 metra, eða eina hæð, frá fyrri tillögu. Fjölbýlishúsin verða að hámarki fjórar hæðir, en ekki fimm, eins og áður stóð til.

Reiturinn afmarkast af Arnarnesvegi til suðurs, Smárahvammsvegi til austurs, suðurmörkum lóða við Foldasmára 2-22 til norðurs og Arnarsmára 32 og 34 til vesturs. Áætlað byggingamagn ofanjarðar er allt að 15.600 fermetrar. **– bg**



**Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


#DontCrackUnderPressure
TAG HEUER
TAGHeuer
SWISS AVANT-GARDE SINCE 1860
AQUARACER CALIBRE 5
Kai Lenny is one of the few surfers with enough mental strength to challenge the 'Jaws'. Kai means ocean in Hawaiian, the natural element where #DontCrackUnderPressure is nothing but literal: like TAG Heuer, it is his whole mindset.
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegi 15 og Kringlunni - 511 1900 - www.michelsen.is



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK
HELGIHALD Á AÐVENTU OG JÓLUM

**14. desember kl. 20**
**Aðventukvöld, fjölbreytt og glæsilegt tónlistarkvöld.**
Gestir kvöldsins verða hjónin Jóga Gnarr og Jón Gnarr.
Jón mun lesa úr bókinni þúsund kossar og síðan svara þau hjón fyrirspurnum á eftir.
Fram koma: Kammerkór Hafnarfjarðar undir stjórn Helga Bragasonar, hljómsveitin Mantra ásamt Gunnari Gunnarssyni sem jafnframt er organisti kirkjunnar og stjórnandi sönghóps, barnakór Fríkirkjunnar undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur og barnakór Landakotsskóla undir stjórn Nönnu Hlífar Ingvadóttur.
Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina.

**17. desember kl. 14:00**
**Heilunarguðsþjónusta.**
Á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands, Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.

**Aðfangadagur 24. desember kl. 18:00**
**Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.**
Auður Guðjohnsen syngur einsöng. Sönghópurinn við Tjörnina syngur jólin inn og leiðir safnaðarsöng undir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina.

**Aðfangadagur 24. desember kl. 23:30**
**Miðnætursamvera á jólanótt.**
Ellen Kristjánsdóttir söngkona ásamt strengjasveit. Sr. Hjörtur Magni talar til viðstaddra.
Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni.
Mætið vel tímanlega til að fá góð sæti!.

**Jóladagur 25. desember kl. 14:30**
**Hátíðarguðsþjónusta á jóladag.**
Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól.Egill Ólafsson söngvari syngur og spjallar um tónlistarval sitt. Sr. Hjörtur Magni, Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni.

**Gamlársdagur 31. desember kl. 17:00**
**Aftansöngur á gamlársdag.**
Hljómsveitin Eva ásamt Sönghópnum við Tjörnina leiða safnaðarsöng ásamt Gunnari Gunnarssyni, organista.
Sr. Hjörtur Magni leiðir stundina.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

# Handtaka fyrrverandi forseta fyrirskipuð

**Cristina Fernández de Kirchner, fyrrverandi Argentínuforseti, er sökuð um að hafa hylmt yfir meinta aðild Írana að hryðjuverkaárás í Búenos Aíres til að tryggja hagstæða viðskiptasamninga. Saksóknari fannst látinn með skotsár á höfði. Argentínsk yfirvöld voru sögð bera ábyrgð á andláti hans.**

**ARGENTÍNA** Dómari í Argentínu hefur gefið út handtökuskipun á hendur fyrrverandi forseta landsins, Cristinu Fernández de Kirchner. Fernández, sem var forseti frá 2007 til 2015, er sökuð um samvinnu við erlent ríki til að koma í veg fyrir rannsókn á mesta hryðjuverkinu í sögu Argentínu. Voveiflegt andlát sérstaks saksóknara kemur einnig við sögu.

Í janúar árið 2015 fannst saksóknarinn Alberto Nisman látinn á heimili sínu í Búenos Aíres með skotsár á höfði nokkrum klukkustundum áður en hann átti að koma fyrir þingið og kynna skýrslu sína um meinta aðild Fernández að hinu svokallaða „Irangate“ þegar hún var forseti.

Sérstaki saksóknarinn hafði árið 2006 sakað íranska embættismenn um að standa á bak við sprengjuárásina á menningarsetur gyðinga í Búenos Aíres í júlí 1994. Alls létust 85 manns í árásinni og um 300 særðust. Nisman hélt því fram að liðsmenn Hizbollah hefðu framið hryðjuverkið.

Í skýrslu sinni sem til stóð að kynna fyrir þinginu árið 2015 sakaði Nisman Cristinu Fernández de Kirchner og utanríkisráðherra hennar, Héctor Timerman, um að hafa hylmt yfir meinta aðild Írana að hryðjuverkinu. Saksóknarinn fullyrti að ríkisstjórn Fernández hefði með því viljað tryggja hagstæða viðskiptasamninga við Íran, einkum viðskipti með olíu frá Íran, að því er greint er frá á fréttavef BBC.

Argentínumenn voru slegnir yfir fullyrðingum saksóknarans og veltu því fyrir sér hvernig dauða hans hefði borið að höndum. Samkvæmt rannsókn sem stjórn Fernández fyrirskipaði svipti saksóknarinn sig lífi. Hundruð þúsunda Argentínumanna efndu til mótmæla á götum úti og sökuðu yfirvöld um að standa á bak við andlát saksóknarans. Eftir að flokkur Fernández, Perónistaflokkurinn, missti völdin fyrir tveimur árum var fyrirskipuð ný rannsókn. Niðurstaðan varð sú að Nisman hefði verið myrtur.

Það var svo í síðustu viku sem dómarinn Claudio Bonadio fyrirskipaði handtöku forsetans fyrrverandi og nokkurra embættismanna vegna ásakananna um samkomulagið við Íran. Fernández, sem nú er orðin þingmaður, efndi til blaðamannafundar og sagði ásakanirnar fáránlegar. Ekki verður hægt að handtaka hana nema þingið aflétti friðhelgi hennar.

Enn standa yfir rannsóknir vegna ásakana um að forsetinn fyrrverandi hafi hagnast gríðarlega á því að taka við mútugreiðslum vegna byggingaverkefna og með því að hafa áhrif á gengi argentínska gjaldmiðilsins. **ibs@frettabladid.is**



Cristina Fernández de Kirchner vísar öllum ásökunum á bug. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**» Christina Fernández de Kirchner var forseti Argentínu frá 2007 til 2015**

Birting grunnlýsingar

Almenna leigufélagið ehf., kt. 611013-0350, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, Íslandi, hefur birt grunnlýsingu í tengslum við 30.000.000.000 króna útgáfuramma skuldabréfa og víxla félagsins. Grunnlýsingin, sem er dagsett 13. desember 2017, hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu.

Grunnlýsingin er birt vegna fyrirhugaðrar umsóknar félagsins um töku skuldabréfa og víxla félagsins til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Grunnlýsingin, sem er á íslensku, er birt með rafrænum hætti á vef Almenna leigufélagsins ehf., http://www.al.is/#!/investors. Fjárfestar geta einnig nálgast grunnlýsinguna sér að kostnaðarlausu á skrifstofu Almenna leigufélagsins ehf. að Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, í 12 mánuði frá dagsetningu hennar.

María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Almenna leigufélagsins ehf., veitir nánari upplýsingar í síma 519 6450 / 774 0604 eða í gegnum netfangið maria@al.is.

Reykjavík, 14. desember 2017.

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ



Doug Jones, nýkjörinn öldungadeildarþingmaður fyrir hönd Alabama. Hann fékk 20.000 fleiri atkvæði en frambjóðandi Repúblikana. NORDICPHOTOS/AFP

# Moore játar ekki ósigur

**BANDARÍKIN** Roy Moore, frambjóðandi Repúblikana í Alabama til öldungadeildar Bandaríkjaþings, laut í lægra haldi fyrir Demókratanum Doug Jones þegar talið var upp úr kjörkössunum í fyrrinótt. Moore tapaði með minnsta mun en einungis 20.000 atkvæði af 1,3 milljónum skildu frambjóðendurna að. Verður Jones því fyrsti Demókratinn til að sitja í öldungadeildinni fyrir Demókrata í aldarfjórðung.

Moore játaði sig hins vegar ekki sigraðan í gær og hafði hann ekki gert það þegar Fréttablaðið fór í prentun. „Þegar svona mjótt er á munum er þetta ekki búið,“ sagði Repúblikaninn, sem sakaður hefur verið um kynferðisbrot gegn stúlkum undir lögaldri, við stuðningsmenn sína í fyrrinótt.

John Merrill, innanríkisráðherra Alabama, sagði í viðtali við CNN í gær að Moore væri svo sannarlega ekki sigurvegari kosninganna. Jafnframt sagði hann að ekki yrði ráðist sjálfkrafa í endurtalningu atkvæða. „Ég er viss um að þetta skiptir framboð hans máli og ég er viss um að þetta skiptir ýmsa aðra máli. Ég er hins vegar ekki viss um að Doug Jones hafi miklar áhyggjur af þessu,“ sagði Merrill.

Rík hefð er fyrir því í Bandaríkjunum að sá sem lýtur í lægra haldi hringi í sigurvegarann í kjölfar kosninga og færi honum hamingjuóskir. Þess er skemmst að minnast að í aðdraganda forsetakosninga síðasta árs neitaði Trump að heita því að virða niðurstöður kosninganna og hringja slíkt símtal án þess að gengið væri úr skugga um að ekki hefði verið svindlað á honum. **– þea**

**GATIÐ EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR**

★★★★

# „DÁSAMLEG“ „SPENNANDI!“

B.B. FBL




„ÓUMDEILD DROTTNING ÍSLENSKRA GLÆPA-SAGNAHÖFUNDA“

THE GUARDIAN UM DNA

*„**Dásamleg mennska** og daglegt líf í bland við **spennandi ráðgátu** gera Gatið að **sérdeilis vel heppnaðri** spennusögu og ekki má gleyma **launfyndninni** sem aldrei er langt undan. ... ekki laust við að efni þessarar sögu hitti á viðkvæma taug og **kyndi undir ólgandi reiði** yfir því ástandi sem allt of lengi hefur talist sjálfsagt og eðlilegt. ... Það er óskandi að **#metoo** byltingin verði til þess að viðhorfin bak við þessa tegund glæpa [eins og lýst er í Gatinu] hrekist inn í sögur og ljóð. ... **Spennandi, vel fléttuð og skrifuð** glæpasaga sem tæpir á knýjandi málum í samtímanum.“*

Brynhildur Björnsdóttir, Fréttablaðinu

**2.**

Metsölulisti Eymundsson

**2. sæti**

Bóksölulistinn

VERÖLD

# Ástand heimsins




**1** Malísk kona og börn hennar voru á meðal flóttamanna sem ferjaðir voru með rútu heim til höfuðborgarinnar Bamakó í gær. Alþjóðaflóttamannastofnunin sá um heimflutninga fólksins frá Líbýu en greint hefur verið frá alvarlegum brotum gegn flóttamönnum þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

**2** „Aldrei aftur Marawi. Höfnum framlengingu herlaga,“ stóð á skilti þessara mótmælenda sem söfnuðust saman fyrir utan þinghúsið í filippseysku höfuðborginni Manila í gær. Til stendur að Duterte framlengi gildistíma herlaga í ríkinu um ár til að berjast við hryðjuverkamenn í Marawi. NORDICPHOTOS/AFP

**3** Letizia Spánardrottning er nú í opinberri heimsókn í Afríkuríkinu Senegal. Markmið heimsóknarinnar er að fylgjast með því hvernig þau verkefni sem Spánverjar styðja við í landinu ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**4** Líkkista Mikaels Rúmeníukonungs var borin að kastalanum þar sem hann fæddist í gær til að undirbúa útför hans sem fram fer um helgina. Mikael lést þann 5. desember síðastliðinn, 96 ára að aldri. Hann var konungur frá 1927 til 1930 og svo aftur frá 1940 til 1947 þegar hann hrökklaðist frá völdum eftir valdatöku kommúnista. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**5** Palestínskur mótmælandi kastar táragashylki ísraelskra hermanna til baka. Þjóðirnar takast nú hart á eftir að Bandaríkjaforseti viðurkenndi Jerúsalem sem höfuðborg Ísraela. Þvert á óskir alþjóðasamfélagsins og Palestínumanna sjálfra sem telja Austur-Jerúsalem höfuðborg sína. NORDICPHOTOS/AFP












markhönnun ehf

# nettó




**BLÓÐUG JÖRÐ**
VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR
**4.613 KR STK**




**EKKI VERA SÁR**
KRISTÍN STEINSDÓTTIR
**4.613 KR STK**




**MYRKRIÐ VEIT**
ARNALDUR INDRIÐASON
**4.473 KR STK**




**ÁFRAM SIGURFLJÓÐ!**
SIGRÚN ELDJÁRN
**2.837 KR STK**




**GULLBRANDUR SNATI**
BRYNHILDUR ÞÓRARINSDÓTTIR
**3.161 KR STK**




**HENRÍ HITTIR Í MARK**
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON
**3.227 KR STK**




**VERTU ÓSÝNILEGUR**
KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR
**3.227 KR STK**




**MATARÁST**
NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR
**4.613 KR STK**




**SÍGILDIR BÍLAR**
Í MÁLI OG MYNDUM
**5.933 KR STK**




**GEIMVERUR - LEITIN AÐ LÍFI Í GEIMNUM**
SÆVAR HELGI BRAGASON
**3.953 KR STK**




**MINN TÍMI**
PÁLL VALSSON
**4.868 KR STK**




**ÞÚSUND KOSSAR**
JÓN GNARR
**4.473 KR STK**

**Tilboðin gilda 16. - 17. desember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss









Heilbrigðisstofnunin hefur talsverðar tekjur af hverri framkvæmdri aðgerð fyrirtækisins Gravitas. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Juku eigin skyldur en lækkuðu leiguverðið

**Einkafyrirtæki leigir skurðstofu af Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um fimm daga í mánuði og greiðir stofnuninni fyrir hverja aðgerð. Stuttu eftir að samningar voru gerðir var samningur framlengdur, skyldur HSS auknar en leiguverð lækkað.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Stuttu eftir að leigusamningur var undirritaður milli Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja (HSS) og einkafyrirtækisins Gravitas um leigu á skurðstofu til að framkvæma magabands- og magaermaraðgerðir var samningnum breytt, skyldur HSS auknar í samningnum en leigan um leið lækkuð. Halldór Jónsson, forstjóri HSS, segir þetta eiga sér eðlilegar skýringar.

Einkafyrirtækið Gravitas framkvæmir magabands- og magaermaraðgerðir á einstaklingum í yfirvigt. Voru gerðar um 330 aðgerðir á síðasta ári og er fjöldinn í ár svipaður að sögn Halldórs. Í upphaflegum samningi greiddi fyrirtækið 100 þúsund krónur á aðgerð en fimm mánuðum seinna hafði leigan lækkað í 80 þúsund á hverja aðgerð.

„Það er alveg ljóst að HSS er ekki að greiða með þessari starfsemi,“ segir Halldór. „Þegar við skoðum málið heildrænt erum við að nýta þá aðstöðu sem fyrir er, fá fyrir það greitt sem stendur fyllilega undir því sem við setjum í samninginn. Einnig verður til fjármagn sem við getum nýtt í annan rekstur. Því er það ábati fyrir okkur hjá HSS. Vonir standa til að þessi starfsemi eflist og eru viðræður í gangi við fleiri einkaaðila um að nýta aðstöðuna.“

> **Í upphaflegum samningi greiddi fyrirtækið 100 þúsund krónur á aðgerð en fimm mánuðum seinna hafði leigan lækkað í 80 þúsund á hverja aðgerð**

Í maí árið 2015 er gerður samningur við fyrirtækið þar sem skyldur HSS eru listaðar. Auk aðgangs að húsnæði er hjúkrunarfræðingur HSS í vinnu á aðgerðadag sem sinnir móttöku og útskrift allan daginn og annar starfsmaður sinnir sótthreinsun. Auk þess skal HSS annast þrif á skurðstofugangi en ekki á skurðstofu. Greiddi Gravitas 100 þúsund krónur til HSS fyrir hverja aðgerð.

Í október sama ár er samningurinn framlengdur. Kemur þar fram að fyrri samningur gildi en jafnframt eru skyldur HSS auknar. Annar hjúkrunarfræðingur er að störfum frá HSS í fjóra tíma á dag og á heilbrigðisstofnunin að annast aukalega þrif á skurðstofu fyrir hverja vinnulotu, útvega margnota tau á skurðstofu, fatnað á sjúklinga og annast þrif á því sem og að kaupa stærri skjá á skurðstofu samkvæmt beiðni Gravitas. Auk þess er verðið lækkað niður í 80 þúsund krónur á hverja skurðaðgerð.

Einstaklingar sem ákveða að undirgangast þessar aðgerðir greiða fyrirtækinu beint. Magabandsaðgerð kostar rétt liðlega eina milljón króna. Magaermaraðgerð kostar hálfa aðra milljón króna. Ekki náðist í Auðun Sigurðsson, eiganda Gravitas, við vinnslu fréttarinnar.
sveinn@frettabladid.is

# Segir aðeins tólf hafa farið frá 1984

**VIÐSKIPTI** Af fimm þúsund viðskiptavinum hýsingarfyrirtækisins 1984 ehf. hafa 12 sagt þjónustunni upp síðan algert kerfishrun varð hjá fyrirtækinu sem olli því að vefþjónusta þúsunda fyrirtækja og einstaklinga lá niðri um nokkurra daga skeið.

„Samstaða viðskiptavina með okkur er nánast algjör sem við sjáum til dæmis á því að allan tímann sem þetta stóð héldu endurnýjanir á hýsingaráskriftum áfram eins og ekkert hefði í skorist, sem er bara ótrúlegt,“ segir Mörður Ingólfsson, framkvæmdastjóri 1984.

„Það eru allar deildarþjónustur komnar upp,“ segir Mörður, aðspurður um gengi björgunaraðgerða og biður hann viðskiptavini að skoða vefi sína vel og tölvupóst og láta vita strax ef eitthvað er ekki eins og það á að vera.


Mörður Ingólfsson er framkvæmdastjóri 1984 ehf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Mörður segir þjónustuna sem fyrirtækið veitir fagaðilum og þeim sem starfa í kerfisstjórn hafa farið verr út úr þessum hörmungum. „Viðskiptavinir með VPS-þjónustu hafa nú fengið nýja þjóna og við vinnum að því að ná til baka eins miklu og mögulegt er af þeim gögnum sem voru á upprunalegu sýndarþjónunum. Það er gríðarlegt verk.“

Orsakir kerfishrunsins eru enn ókunnar og eru í rannsókn hjá starfsmönnum Nýherja. Mörður segir sérfræðinga telja ólíklegt að um árás eða skemmdarverk hafi verið að ræða, þótt ekkert sé útilokað um orsakirnar. – aá

# JÓLA ÚTSALA

# 50%

## AFSLÁTTUR AF ALLRI JÓLAVÖRU

TÍMABUNDIÐ TILBOÐ, Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

the PIER

Gildir dagana 14. til 20. desember.
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890

# GJAFIR SEM HENTA ÖLLUM!




30% vildar-afsláttur

A Brief History of Time and The Universe in a Nutshell
VILDARVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-



Formaður húsfélagsins
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.499.-




Tvennir tímar
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.499.-

## ALLIR HNETTIR



30% afsláttur




Litbrigði húsanna
TILBOÐSVERÐ: 5.599.-
Verð áður: 7.999.-

## ALLAR GABOL FARTÖLVUTÖSKUR



30% afsláttur



30% afsláttur

LX Pennar LAMY
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 3.299.-
Verð áður f: 4.899.-




25% afsláttur

GINGKO kubbaklukkur
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 5.249.-
Verð áður frá: 6.999.-




30% vildar-afsláttur

Illustration Now! Fashion
VILDARVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.999.-



Geymdur og gleymdur orðaforði
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.499.-




Birtíngur
TILBOÐSVERÐ: 2.599.-
Verð áður: 3.499.-



25% afsláttur

Heyrnartól Spectrum
TILBOÐSVERÐ: 3.749.-
Verð áður: 4.999.-



25% afsláttur

Heyrnartól þráðlaus bluetooth
TILBOÐSVERÐ: 9.749.-
Verð áður: 12.999.-



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!



NÝR VEFUR!
20.000 bækur! 1.500 pennar og blýantar!
MIKIÐ MAGN AF GJAFVÖRUM OG HÚSGÖGNUM!
WWW.PENNINN.IS

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




**Undur Mývatns**
**TILBOÐSVERÐ: 2.899.-**
Verð áður: 3.999.-




**Leitin að klaustrunum**
**TILBOÐSVERÐ: 7.499.-**
Verð áður: 9.599.-



**Næturljós**
Verð: 6.999.-



**Kertastjaki Distortion**
Verð: 4.999.-




**Lyklakyppa**
**TILBOÐSVERÐ: 1.874.-**
Verð áður: 2.499.-




**Taska**
**TILBOÐSVERÐ: 6.749.-**
Verð áður: 8.999.-




**Modern Architecture A-Z**
**VILDARVERÐ: 1.299.-**
Verð áður: 4.899.-




**The World**
**VILDARVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.999.-




**Epic Drives of The World**
**VILDARVERÐ: 4.199.-**
Verð áður: 5.999.-

# ALLAR GABOL FERÐATÖSKUR




**Hátalri með hljóðnema þráðlaus Bluetooth**
**TILBOÐSVERÐ: 7.499.-**
Verð áður: 9.999.-



**Skartgripatré bleikt**
Verð: 7.999.-





Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðs- og vildarverða er til og með 17. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Litlu skrefin



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Með aukinni umfjöllun um skaðsemi sykurneyslu breytast neysluvenjur almennings. Eftir nokkra áratugi mun fólk að öllum líkindum ræða um viðbættan sykur á svipuðum nótum og rætt er um sígarettur og tóbak í dag. Það mun þykja jafn fáránlegt að neyta viðbætts sykurs í óhóflegu magni og það þykir að reykja, vitandi allt um skaðsemi þess.

Ein og sér leiðir sykurneysla ekki til áunninnar sykursýki (týpu 2). Hins vegar getur mikil sykurneysla leitt til þyngdaraukningar og síðan insúlínviðnáms sem er forstig áunninnar sykursýki. Þess vegna er mjög óábyrgt og villandi af stjórnendum íslenskra sælgætisframleiðenda að segja að sykurneysla valdi ekki sykursýki. Það hefur tekið langan tíma að upplýsa almenning um skaðsemi sykurneyslu og þess vegna er það sorglegt að stjórnendur fyrirtækja, sem hafa beinan hag af aukinni sykurneyslu, reyni að gera lítið úr skaðsemi hennar í fjölmiðlum. Ef íslenskir sælgætisframleiðendur vilja sýna samfélagslega ábyrgð ættu þeir að hafa frumkvæði að því að stuðla að bættum neysluvenjum almennings með fræðslu í stað þess að slá ryki í augu neytenda.

Fjölmörg ríki hafa tekið upp sykurskatta með góðum árangri og sýnt hefur verið fram á að sykurskattar virka sem tæki til að draga úr sykurneyslu. Að þessu sögðu er samt ekki víst að skattlagning sé eina raunhæfa úrræðið til að ná þessu markmiði. Í ljósi þess að ágreiningur er á milli tveggja ríkisstjórnarflokka, Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna, um ágæti sykurskatta er æskilegt að önnur lýðheilsuúrræði séu skoðuð vandlega.

Hægt er að draga úr neyslu á viðbættum sykri með aðgerðum sem ýta undir skynsamlegt val hjá einstaklingnum. Fyrsta skrefið til að „ýta“ neytendum í rétta átt væri að banna verslunum að stilla freistingum eins og sælgæti upp við afgreiðslukassa. Næsta skref væri að umbuna verslunum sem eru ekki með sérstaka nammibari með einhvers konar skattafsláttum. Þá þyrfti að skylda verslanir til að stilla sælgæti og gosdrykkjum upp á lítt áberandi stað og tryggja að ómögulegt verði fyrir lítil börn að nálgast þessar vörur hjálparlaust.

Áberandi merkingar á vörum með upplýsingum um kaloríufjölda og sykurmagn eru annað úrræði. Íslendingar þurfa að fylgja tilskipunum Evrópusambandsins þegar kemur að merkingum á næringarinnihaldi matvæla. Þess vegna er ósennilegt að Ísland geti gengið lengra en önnur ríki á EES-svæðinu þegar þessar merkingar eru annars vegar. Á innri markaðnum gildir reglugerð nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. Þótt reglugerðin hafi verið jákvætt skref er hún barn síns tíma enda gengur hún allt of skammt. Í fyllingu tímans þarf að uppfæra hana og skylda framleiðendur til að upplýsa með áberandi hætti framan á vörum hversu mikill sykur er í þeim og hversu margar kaloríur þær innihalda en ekki aðeins kaloríufjölda og sykurmagn á hver 100 grömm. Neytendur eiga að geta glöggvað sig á næringarinnihaldi matvæla sem þeir kaupa með einföldum hætti án þess að taka upp reiknivélar.

**Fyrsta skrefið til að „ýta“ neytendum í rétta átt væri að banna verslunum að stilla freistingum eins og sælgæti upp við afgreiðslukassa.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Agnes og Natan**

**Greint hefur verið frá því að ein vinsælasta leikkona heims um þessar mundir, Jennifer Lawrence, muni leika hina íslensku Agnesi í bíómynd sem verið er að gera um síðustu aftökuna á Íslandi. Ekki hefur enn verið greint frá því hver mun fara með aðalkarlhlutverkið og bíða kvikmyndaáhugamenn spenntir eftir að tilkynnt verði hver hreppir það hlutverk. Þegar Egill Eðvarðsson gerði íslenska mynd eftir sögunni um Agnesi um miðjan tíunda áratug síðustu aldar fékk hann Baltasar Kormák í hlutverkið. Það skyldi þó aldrei vera að við ættum eftir að sjá honum bregða fyrir aftur í sama hlutverki.**

**Bónusarnir**

**Ákvörðun hluthafa Klakka um að heimila 550 milljóna króna greiðslu til helstu stjórnenda og stjórnarmanna félagsins kom illa við marga. Klakki er fjármálafyrirtæki sem Fjármálaeftirlitið heimilaði erlendum vogunarsjóðum að eiga. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, gerði málið að umtalsefni á Facebook í gær og virðist telja að þarna sé bara um byrjun á einhverju meira að ræða. Spyr hann hvernig bónusarnir verði þegar eigendur vogunarsjóða fara að skipta á milli sín hagnaðinum af því að hafa eignast Arion banka.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Getur maður gefið það sem er dýrmætast í lífinu?



**Bjarni Gíslason**
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

Á þessum tíma er ys og þys í búðum og verslunarmiðstöðvum, mörg leitandi augnaráð. Hvað á ég að gefa í ár? Var ekki einhver sem sagði „það sem þú vilt að aðrir gefi þér skalt þú þeim gefa“ eða misminnir mig? Svo þarf líka að pakka öllum gjöfunum inn. Menn vanda sig svo sem mismikið við það. Hvað er annars dýrmætast í lífinu? Getur maður gefið það? Hvaða umbúðir fara utan um kærleika og frið? Hvernig pakka ég inn sátt og farsæld, virðingu og samþykki? Von?

Hjálparstarfið vinnur að öllum þessum þáttum í starfi á Íslandi og erlendis. Nú stendur yfir jólasöfnun fyrir vatni á svæðum í Eþíópíu og Úganda þar sem vatnsskortur er mikill. „Vatn er von“ er slagorðið, það skilja að minnsta kosti allir að án vatns er engin von. Þannig er vatn frábær jólagjöf sem gefur von. Þátttaka í jólasöfnun tryggir líka konum á sömu svæðum tækifæri til að setja á laggirnar smástarfsemi sem tryggir þeim tekjur sem þær ráða yfir. Það tryggir farsæld barna og fjölskyldnanna í heild. „Eftir að ég opnaði búðina mína hef ég fengið virðingu í samfélaginu og meira að segja maðurinn minn virðir mig meira en áður. Hjónaband okkar, samskipti og kærleikur er miklu meira eftir að ég fór að standa á eigin fótum,“ segir kona í Jijiga-héraði í Eþíópíu. Væri ekki gaman að gefa „hjónabandssælu“ með því að taka þátt í jólasöfnun Hjálparstarfsins?

Svo er líka hægt að gefa gjafabréf á gjofsemgefur.is, þar er hægt að gefa vatn, geitur, hænur, neyðarpakka og jólagjöf til barna á Íslandi, svo fimm bréf séu nefnd af 44.

Með þessu öllu er starf Hjálparstarfsins styrkt, starf sem snýst um að efla fólk og samfélög til að skapa sína eigin farsæld, von og drauma.

Gleðilega hátíð og takk fyrir stuðninginn.

**Nú stendur yfir jólasöfnun fyrir vatni á svæðum í Eþíópíu og Úganda þar sem vatnsskortur er mikill.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Samstæð sakamál IV

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Eftir hrunið 2008 varð fljótlega ljóst að þv. ríkisstjórn vildi ekki að erlendir aðilar kæmu að rannsókn málsins. Ég lagði það til í ræðu minni á borgarafundi í Háskólabíói 24. nóvember þá um haustið að óvilhallir útlendingar yrðu hafðir með í ráðum við rannsóknina og aftur í einkasamtali við ráðherra. Ég varð þess áskynja að við þetta var ekki komandi. Ég var ekki einn um þessar áhyggjur. Jónas Kristjánsson ritstjóri skrifaði tæpu ári síðar, 28. september 2009, undir yfirskriftinni Vel tengdur glæpalýður:

„Erlendir ráðamenn efast um, að Ísland geri upp sakirnar við glæpalýðinn, sem rústaði fjárhag og áliti landsins. Gera ráð fyrir, að sannleiksnefndin fræga stundi kattarþvott. Taka eftir, að enginn glæpamaður hefur verið settur inn, ekki einu sinni yfirmenn IceSave og Landsbankans. Ísland er talið vera eins konar mafíuríki, þar sem vel tengdur glæpalýður sleppur billega frá ofursyndum sínum. Samt er Sjálfstæðisflokkurinn ekki lengur formlega við völd. En hann ræður enn embættum og dómstólum og lögreglu og skilanefndum og sannleiksnefnd. Pólitíkin er máttvana, jafnvel þótt hér sé vinstri stjórn.“

**Svo vant sem Alþingi er að virðingu sinni getur það varla talið sæma að fagna 100 ára afmæli fullveldisins 1. desember 2018 með lúðraþyt og söng eftir að hafa látið fyrningarfrest meintra innherja- og umboðssvika í hruninu líða hjá sjö vikum fyrr vitandi vits – og stolið nýju stjórnarskránni í þokkabót.**

**Erlend skrif um Ísland**

Bakgrunnur þessara áhyggna Jónasar Kristjánssonar og margra annarra var m.a. fréttaflutningur erlendra fjölmiðla um Ísland, en landið hafði fram að hruni ekki verið í alfaraleið heimspressunnar. Hrunárið 2008 brá svo við að *Financial Times* í London birti 250 greinar um Ísland, *Globe and Mail* í Torontó birti 170 greinar, *Guardian* sem var áður kennt við Manchester og er nú heimsblað 130, *Le Monde* í París 110 og *New York Times* 75. Þessar tölur eru sóttar í bók eftir kanadíska prófessorinn Daníel Chartier frá 2011, *The End of Iceland's Innocence: The Image of Iceland in the Foreign Media during the Financial Crisis*. Erlendir fjölmiðlar (og innlendir!) fjölluðu m.a. um grunsemdir um að íslenzkir bankar hefðu stundað fjárböðun fyrir rússnesku mafíuna og um tilraun þv. ríkisstjórnar og Seðlabankans til að komast hjá að þiggja aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins með því að taka heldur risalán hjá Pútín Rússlandsforseta. Grunsemdirnar um Rússatengslin eru enn á sveimi m.a. vegna þess að Ísland kann að koma við sögu í rannsókn bandaríska saksóknarans Roberts Mueller á tengslum Trumps forseta og manna hans við Rússa, þ. á m. dæmda menn og mafíósa.

Þetta er samt ekki allt. Fyrir liggur að miklu fé var mokað út úr bönkunum í miðju hruni, bæði mánudaginn 6. október 2008 eins og leknu gögnin sem *Stundin* birti frá skilanefnd Glitnis vitna um og lögbann var lagt á fyrir nokkru og jafnvel einnig þriðjudaginn 7. október eins og Robert Wade, prófessor í London School of Economics, og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í Háskóla Íslands, hafa lýst í erlendu tímariti (*New Left Review,* september/október 2010, bls. 22). Þau skrifa [mín þýðing, ÞG]:

„Meðan krónan var í frjálsu falli, gjaldeyrisforðinn var á þrotum og engar hömlur öftruðu útstreymi fjármagns, var gengið fest í fáeinar klukkustundir; þetta var e.t.v. stytzta fastgengisskeið sem sögur fara af. En það var nógu langt til þess að vel tengdir innherjar gátu fært fé sitt úr krónum yfir í gjaldeyri á miklu hagstæðara gengi en þeim myndi bjóðast síðar. Heimildir innan bankanna herma að milljarðar hafi flúið krónuna þessar klukkustundir. ... Síðan var krónan sett á flot – og hún sökk eins og steinn.“

**Virðing Alþingis**

Ótti við hvítþvott af hálfu rannsóknarnefndar Alþingis reyndist ekki réttur. Nefndin skilaði góðu verki á heildina litið. Hitt er þó rétt að RNA tók á hvorugu málinu sem lýst er hér að framan, hvorki meintri fjárböðun fyrir Rússa né meintum mokstri fjár vel tengdra manna út úr bönkunum og út úr landinu í miðju hruni meðan venjulegt fólk sat eftir með sárt ennið og sumir misstu aleiguna.

Yfirvöldin hafa haft nægan tíma til að rannsaka þessa atburðarás, en þau hafa kosið að leiða hana hjá sér. Tilfinnanlegust er e.t.v. vanræksla Alþingis sem samþykkti í desember 2012 að láta fara fram rannsókn á einkavæðingu bankanna en ekkert bólar þó enn á slíkri rannsókn.

Svo vant sem Alþingi er að virðingu sinni getur það varla talið sæma að fagna 100 ára afmæli fullveldisins 1. desember 2018 með lúðraþyt og söng eftir að hafa látið fyrningarfrest meintra innherja- og umboðssvika í hruninu líða hjá sjö vikum fyrr vitandi vits – og stolið nýju stjórnarskránni í þokkabót.

Rifjast nú upp fyrir mér spurningin sem einn helzti listamaður þjóðarinnar lagði fyrir mig við kvöldverðarborð í heimahúsi: Datt ykkur ekki í hug að bjóða þeim að halda þýfinu í skiptum fyrir nýju stjórnarskrána? Ekki mitt að bjóða, svaraði ég.






# Hvað er að frétta?



**Marianna Hugrún Helgadóttir**
formaður Félags íslenskra náttúrufræðinga

Blóð fyrir aðgerðina á Landspítalanum? Rannsóknir á sýnum vegna hugsanlegra veirusjúkdóma? Greining sýna vegna erfðasjúkdóma? Fólkið sem sinnir þessu er í FÍN, Félagi íslenskra náttúrufræðinga.

Náttúrufræðingar vinna fjölmörg samfélagslega mikilvæg störf, t.d. í Blóðbankanum, veirufræðideild, ónæmisfræðideild og erfða- og sameindalæknisfræðideild. Margir okkar félagsmenn eru með líf okkar samborgara í höndunum. Þeir eru með mikla þjálfun að baki og án þeirra myndi heilbrigðiskerfið ekki vera starfhæft.

Náttúrufræðingar vinna í Blóðbankanum, einu sérhæfðu stofnuninni á þessu sviði í landinu, s.s. við framleiðslu á blóðhlutum, þjónusturannsóknum, vefjaflokkun, gæðatryggingu, rannsóknum og nýsköpun. Hjá Blóðbankanum fá sjúklingar þá blóðhluta sem þeim eru nauðsynlegir vegna aðgerða og annarra meðferða. Þar eru greindir blóðflokkar og mótefni en án þess starfsþáttar væri ekki hægt að gefa sjúklingum blóðhluta, en greining á blóði mæðra í mæðraeftirliti fer þar fram.

Þeir sinna einnig undirbúningi fyrir inngjöf blóðmyndandi stofnfruma sem safnað er úr sjúklingum sem eru aðallega með mergfrumuæxli og eitilfrumukrabbamein. Síðan eru sjúklingi gefnar til baka þessar stofnfrumur eftir háskammta lyfjameðferð en það er nauðsynleg meðferð til að sjúklingur nái bata eða lengja líf hans. Í vefjaflokkun fara fram rannsóknir og flokkun á rauðum og hvítum blóðkornum, en þessi flokkun er nauðsynleg ef sjúklingur þarf á líffæra- eða vefjaflutningum að halda.

Náttúrufræðingar sem starfa á veirufræðideild sinna ýmsum rannsóknum og greiningum á sýnum úr sjúklingum vegna hugsanlegra veirusjúkdóma og gera mótefnamælingar, sem er hluti af undirbúningi læknismeðferðar sjúklinga t.d. vegna krabbameins.

Náttúrufræðingar á ónæmisfræðideild sinna ýmsum vísindarannsóknum og kennslu, leiðbeina nemendum í framhaldsnámi bæði frá Íslandi og að utan í masters- og doktorsnámi. Náttúrufræðingar sitja í ýmsum ráðum og nefndum á spítalanum.

Náttúrufræðingar á erfða- og sameindalæknisfræðideild sinna þjónusturannsóknum á arfgengum sjúkdómum. Greind eru erfðaefni í blóðsýnum og niðurstöður túlkaðar. Þær niðurstöður geta leitt í ljós lífshættulega sjúkdóma, sem þó er auðvelt oft á tíðum að meðhöndla ef vitneskjan um sjúkdóminn er fyrir hendi. Fósturgreiningar koma þar einnig við sögu þegar annað eða báðir foreldrar eru arfberar hættulegra sjúkdóma.

Náttúrufræðingar eru með að lágmarki fyrstu háskólagráðu hjá Landspítala með BS/BA og margir hafa tekið master eða doktor og eru því með 3-11 ára háskólanám að baki. Náttúrufræðingar þurfa starfsleyfi frá Landlækni til að sinna störfum sínum.

Náttúrufræðingar viðhafa fagleg og vönduð vinnubrögð, en það skiptir höfuðmáli. Þeir vinna fyrir þig.

Náttúrufræðingar eru í FÍN og eru í samningaviðræðum við ríkið. Við gerum kröfu um leiðréttingar á launum félagsmanna og gerum kröfu um fagleg vinnubrögð!

# Í kapphlaupi við tímann



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
alþingismaður

**Íslendingar eru í þeim hópi sem hvað minnst hefur gert til þess að snúa blaðinu við á undanförnum árum. Frá árinu 1990 til 2010 jókst losun okkar á gróðurhúsalofttegundum verulega á meðan flest hinna iðnvæddu og menntuðu ríkja drógu úr mengun sinni.**

Í loftslagsmálum er mannkynið í kapphlaupi við tímann. Sú keppni er í orðsins fyllstu merkingu upp á líf eða dauða hvort sem við viljum horfast í augu við þá staðreynd eða ekki. Margir þeirra sem best þekkja til eru þeirrar skoðunar að taki þjóðir heims sig ekki saman um að spyrna tafarlaust við fótum geti leikurinn endanlega tapast strax um miðja þessa öld. Þetta kom meðal annars fram í máli Emmanuels Macron Frakklandsforseta í vikunni, á ráðstefnu í París um loftslagsmál.

Tíminn sem við höfum til stefnu er þess eðlis að einungis við sem komin erum á fullorðinsaldur getum gripið til nauðsynlegra aðgerða. Þegar börnin okkar eru vaxin úr grasi er það hugsanlega of seint. Stundum er sagt að margar hendur vinni létt verk og það á vissulega við í þessu tilfelli – ennþá. Örfáir í hópi mestu umhverfissóðanna hafa reyndar lýst því yfir að þeir ætli ekki að vera með heldur halda áfram uppteknum hætti. Það þýðir að hinar þjóðirnar þurfa að leggja ennþá meira af mörkum.

**Losun gróðurhúsalofttegunda aukist á Íslandi**

Íslendingar eru í þeim hópi sem hvað minnst hefur gert til þess að snúa blaðinu við á undanförnum árum. Frá árinu 1990 til 2010 jókst losun okkar á gróðurhúsalofttegundum verulega á meðan flest hinna iðnvæddu og menntuðu ríkja drógu úr mengun sinni. Og við erum enn að fresta því að taka á vandanum enda þótt við lofum öllu fögru. Staðreyndin er smánarblettur sem við verðum að hreinsa af okkur. Ekki einungis til þess standa við skuldbindingar okkar í Parísarsáttmálanum og forða okkur frá u.þ.b. 230 milljarða króna sekt vegna vanefnda eftir 13 ár heldur beinlínis til þess að halda lífi.

Og við eigum stórkostlegt tækifæri til þess að snúa vörn í sókn án þess að finna endilega mikið fyrir því. Langtum stærra tækifæri en flestar ef ekki allar þjóðir heims. Leynivopnið okkar, kannski dýrmætasta auðlindin okkar í framlagi til loftslagsbaráttunnar, eru opnir skurðir sem auðvelt er að fylla eða stífla. Um 85% allra framræsluskurða sem á sínum tíma voru grafnir með fjárstuðningi ríkisins eru með öllu gagnslausir til jarðræktar eða beitar. Þeir skaða hins vegar lífríki náttúrunnar með margvíslegum hætti og stuðla að gífurlegri losun koltvísýrings út í andrúmsloftið.

**Lokum skurðunum**

Samanlögð lengd gamalla „landbúnaðarskurða“ á Íslandi er um 33 þúsund kílómetrar. Það samsvarar vegalengdinni frá Íslandi til Sydney í Ástralíu … og aftur til baka. Þegar við bætast ríflega 60 þúsund kílómetrar af plógræsum, sem að mestu voru rist í jörðu á síðustu áratugum síðustu aldar, nær heildarlengd votlendisræsa á Íslandi meira en tvo hringi umhverfis jörðina. Samanlögð losun bílaflotans, fiskiskipaflotans og innanlandsflugsins er einungis brot af þeirri losun sem á sér stað í framræstu mýrlendi sem hægt er að endurheimta án þess að spilla túnum eða beitarlandi.

Gróðursetning trjáa til þess að minnka kolefnisfótspor okkar er mikilvæg. Henni eigum við að halda áfram. Áhrifin koma hins vegar fram á löngum tíma og duga skammt í því tímahraki sem framundan er. Endurheimt votlendis er andhverfan. Hver skurður sem lokast myndar á örskammri stundu vætu á nýjan leik og stöðvar þannig rotnun í þurrum jarðvegi gamalla mýra nánast á einni nóttu. Lokun skurða er sambærileg við nauðhemlun bifreiðar og það er álíka auðvelt að mæla strax árangur uppfyllingarinnar eins og hemlunarvegalengd bílsins.

Um þessar mundir er sem betur fer að fæðast stór hópur vísindamanna og annarra sérfræðinga, fyrirtækja, stofnana og áhugasamra vakandi einstaklinga sem hyggur á stofnun samtaka um endurheimt votlendis. Markmiðið er að vekja landsmenn af værum blundi. Vonandi munu landeigendur leggja sitt af mörkum. Fjöregg okkar í loftslagsmálum er í þeirra höndum.




SUGARBEARHAIR
www.regalo.is
Vegetarian * Cruelty free * Soy free * Gluten free * Dairy free * Gelatin free

Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Sugarbearhair hárvitamin sem styrkir hár, húð og neglur

Ég er björn sem elskar hár
Dökkt, ljóst, brúnt, rautt og alla liti þar á milli

Ég elska allar hárgerðir

Ég ákvað að búa til vítamín fyrir þig upp úr alvöru berjum svo þú munir eftir því að taka það á hverjum degi

Ég gerði vítamínið líka krúttlegt og sætt, eins og ég er sjálfur




Regalofagmenn

Þú finnur allt um mig og útsölustaði á www.regalo.is



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

LG
Life's Good

**BASSABOX AÐ VERÐMÆTI 14.995 FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!**



**LG UJ670V**
IPS LED sjónvarp með UHD 4K 3840x2160 upplausn og webOS 3.5 nettengingu með opnum netvafra. Með Wi-Fi þráðlausum móttakara, Bluetooth, Miracast og Magic Mobile Connection ásamt appi fyrir snjalltæki. 2 USB og 4 HDMI tengi. Magic Remote fylgir.

4K HDR™ ULTRA HD
CERTIFIED BY EUROFINS

| 43" | 55" | 65" |
|---|---|---|
| VERÐ | VERÐ | VERÐ |
| 99.995 | 129.995 | 219.995 |
| FRÁBÆRT VERÐ | FRÁBÆRT VERÐ | FRÁBÆRT VERÐ |







**2 MÁNAÐA ÁSKRIFT AF SKEMMTI-PAKKANUM Á STÖÐ 2 FYLGIR MEÐ!**



CASIO

**Casio CTK3500**
Hljómborð með ásláttarnæmni tilvalið fyrir áhugaspilara. 61 nóta, 400 hljóð og 48 nótna pólífónía hljómur. Með Chordana Play App kennslukerfi fyrir spjaldtölvur, ásamt 60 æfingalögum og 120 ryþmum.

VERÐ **29.995** FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS Senseo



**KAUPAUKI**

**2 Senseo kaffiglös og 5 pakkar af unaðslegu Senseo kaffi**

Sjálfvirkar Senseo kaffivélar sem hella upp á 1 eða 2 bolla í einu. Hver bolli er ferskur og með froðu, tekur aðeins 30 sekúndur að laga kaffi og slekkur á sér sjálfvirkt eftir 30 mínútur.

VERÐ FRÁ **12.995** FRÁBÆRT VERÐ



LG
Life's Good

Bluetooth

**LG CM1560**
Hljómtækjasamstæða með þráðlausri bluetooth tengingu og geislaspilara ásamt FM útvarpi. 10W magnari, USB og Aux tengi ásamt fjarstýringu.

TILBOÐ **14.995** FULLT VERÐ 19.995

JBL



*Margir litir!*

**JBL CHARGE3**
Vatns- og höggheldur bluetooth hátalari með mögnuðum hljómi og JBL Connect – hægt að tengja aðra JBL connect hátalara saman. Með Social Mode þar sem hægt er að tengja þrjár bluetooth vörur samtímis. Hleður síma, spjaldtölvur o.fl með USB. Einnig hægt að taka við símtölum.

VERÐ **14.795** FRÁBÆRT VERÐ



MEDISANA

**Medisana 45110**
Dagsljósavekjari sem vekur mjúklega með mildu stigvaxandi ljósi á 30 mín. Hægt að velja um 7 liti á ljósi, FM útvarp með 8 stöðva minni og notaleg hljóð.

VERÐ **8.995** FRÁBÆRT VERÐ

CROCK-POT
THE ORIGINAL SLOW COOKER



**CrockPot CSCO27XDIM17**
Stór CrockPot 2.0 hægsuðupottur fyrir 6L með lausum DuraCeramic potti sem má nota á allar gerðir eldavéla og setja í ofn. Með niðurteljara og sjálfvirkri „halda heitu" stillingu eftir að eldunartíma lýkur.

Íslensk uppskriftabók fylgir.

VERÐ **23.995** FRÁBÆRT VERÐ

OBH NORDICA



**OBH 6792**
Compact Fresh matvinnsluvél með 500W mótor, 2 hröðum og púls. Nett og stöðug vél með 1L skál og gúmmífótum. Ryðfríir hnífar og öryggislás.

TILBOÐ **6.995** FULLT VERÐ 9.995

Ariete



**Ariete 630**
Nett og einföld ísgerðarvél, gerir 1L af ís á 4-8 klst. Skálina þarf ekki að kæla fyrir notkun. Auðvelt að taka í sundur og þrífa.

VERÐ **6.995** FRÁBÆRT VERÐ

Ariete

**Ariete DC905**
Flottur og öflugur pizzaofn með steinplatta fyrir betri hitun og bragð. Ljúffengar og stökkar pizzur í hvert skipti. Má einnig nota til þess að hita upp.



TILBOÐ **9.995** FULLT VERÐ 12.995




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

**BLINDRAFÉLAGIÐ**
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

# VINNINGASKRÁ

**Haustahappdrætti 2017. Dregið 11. desember 2017**

***1. vinningur:***
Ssangyong Tivoli DLX+ - AWD 1.6L dísel sjálfskiptur
Verðmæti: 3,990,000 kr. Miði nr. 109343

***2. vinningur:***
Opel Astra Innovation 1.6L dísel sjálfskiptur
Verðmæti: 3,990,000 kr. Miði nr. 22755

***3. vinningur:***
Opel Corsa Enjoy 1.4L bensín sjálfskiptur
Verðmæti: 2,490,000 kr. Miði nr. 44042

**4. - 43. vinningur:**
*Ferðavinningur með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 500.000*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 6985 | 44284 | 67819 | 98846 | 133414 |
| 11205 | 50634 | 67912 | 99285 | 133537 |
| 17504 | 51174 | 73281 | 101189 | 142407 |
| 17963 | 51905 | 73537 | 107707 | 142936 |
| 18236 | 52797 | 77832 | 120735 | 146594 |
| 23375 | 54685 | 81198 | 125723 | 147735 |
| 32538 | 65912 | 90305 | 126124 | 151257 |
| 41836 | 66552 | 90964 | 131564 | 154211 |

***44. - 103. vinningur:***
*Ferðavinningur með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 300.000*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2423 | 31248 | 83000 | 105562 | 128895 |
| 3535 | 34237 | 85831 | 109022 | 130677 |
| 5815 | 37714 | 87203 | 110432 | 133566 |
| 8023 | 39060 | 88705 | 111069 | 136495 |
| 10726 | 41398 | 91623 | 111988 | 138382 |
| 11113 | 49537 | 92074 | 112293 | 139253 |
| 12822 | 49692 | 92783 | 113004 | 141725 |
| 13249 | 51261 | 95247 | 115623 | 144474 |
| 15520 | 64846 | 96711 | 122642 | 144493 |
| 24541 | 69513 | 101080 | 125958 | 146845 |
| 28334 | 76997 | 101853 | 127083 | 149887 |
| 28355 | 82559 | 103147 | 127085 | 156208 |

***104. - 183. vinningur:***
*Samsung Galaxy Note 8 snjallsími. Hver að verðmæti kr. 149.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1061 | 36689 | 57106 | 92325 | 131889 |
| 5062 | 37081 | 57196 | 93105 | 132051 |
| 6195 | 38557 | 57383 | 95465 | 132061 |
| 13203 | 40385 | 57635 | 99536 | 134056 |
| 13501 | 40561 | 61318 | 103881 | 134135 |
| 16325 | 41230 | 64577 | 105797 | 134368 |
| 17236 | 41902 | 81226 | 110006 | 135588 |
| 17458 | 44645 | 88267 | 111899 | 136498 |
| 20115 | 45719 | 89032 | 112964 | 138492 |
| 28643 | 46925 | 89323 | 117096 | 139743 |
| 29215 | 49597 | 89653 | 117945 | 143137 |
| 29381 | 50424 | 89838 | 120606 | 143932 |
| 30222 | 50878 | 89947 | 121393 | 144114 |
| 31739 | 55800 | 91145 | 123167 | 144403 |
| 33356 | 56091 | 91353 | 123694 | 146298 |
| 36326 | 56456 | 91411 | 127055 | 153167 |

***184. - 263. vinningur:***
*Samsung Galaxy S8 snjallsími. Hver að verðmæti kr. 99.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2449 | 29602 | 54003 | 92485 | 125250 |
| 4030 | 29986 | 54275 | 92541 | 128300 |
| 6143 | 30137 | 54572 | 95423 | 128677 |
| 8865 | 30334 | 59624 | 97357 | 132068 |
| 9956 | 30405 | 60051 | 98493 | 140935 |
| 12471 | 30509 | 64941 | 102661 | 142948 |
| 12718 | 31720 | 64959 | 104500 | 143765 |
| 14391 | 32681 | 71471 | 105059 | 144607 |
| 16464 | 33660 | 71933 | 108251 | 148707 |
| 19855 | 41856 | 73114 | 110756 | 151231 |
| 20153 | 41947 | 79871 | 114351 | 152443 |
| 25053 | 44844 | 82309 | 114786 | 152852 |
| 25125 | 45272 | 84531 | 118605 | 154143 |
| 25789 | 46619 | 85038 | 121596 | 154681 |
| 25948 | 47139 | 87234 | 124261 | 155896 |
| 28940 | 53126 | 90692 | 124596 | 156810 |

**264. - 343. vinningur:**
*Samsung Tab S3 Wifi spjaldtölva. Hver að verðmæti kr. 94.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1241 | 41192 | 66952 | 100985 | 123722 |
| 3062 | 46124 | 67776 | 102268 | 126469 |
| 3079 | 46567 | 68568 | 104072 | 132475 |
| 3517 | 47216 | 68617 | 104828 | 133980 |
| 5368 | 47437 | 69958 | 106916 | 134895 |
| 6908 | 47586 | 70699 | 107100 | 136557 |
| 8431 | 47733 | 74931 | 107344 | 137346 |
| 8910 | 55045 | 80406 | 109174 | 137460 |
| 16209 | 56455 | 82256 | 109693 | 141065 |
| 17396 | 59735 | 82889 | 111823 | 141696 |
| 19224 | 60057 | 86594 | 111959 | 141902 |
| 20491 | 61874 | 86817 | 114375 | 143725 |
| 20849 | 63568 | 93268 | 117318 | 146241 |
| 21201 | 64505 | 96126 | 120177 | 148538 |
| 23265 | 64954 | 96784 | 121359 | 150994 |
| 24601 | 66449 | 99741 | 122857 | 153425 |

*Alls 343 skattfrjálsir vinningar að verðmæti 76.046.000 kr. Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasíminn er 525 0000. Rétt happdrættisnúmer er tengt við valkröfuna sem birtist í heimabanka. Birt án ábyrgðar.*




# Spurningar til Landsnets!



**Örn Þorvaldsson**
rafiðnaðarmaður

Um nýja háspennulínu í Heiðmörk – nýja eins til tveggja km jarðstrengstengingu á Völlunum í Hafnarfirði – eða jarðstreng til Geitháls. Auk spurninga um straumleysistíma síðustu útleysingar á Suðurnesjalínu 1, og um jafnréttismál hjá fyrirtækinu.

**1.** Hvað stendur í veginum, hvers vegna skoðar Landsnet ekki eftirfarandi tvo möguleika varðandi það að fjarlægja háspennulínur á Völlunum í Hafnarfirði:

a) Að leggja Hamraneslínur í jörð á um 1-2 km kafla á svipaðan stað og endavirki Hnoðraholtslínu 1 (AD7) er? Það mætti gera með einu 400 MW jarðstrengjasetti sem síðar mætti framlengja að Geithálsi samkvæmt spurningu 1 b.

b) Að leggja 15 km jarðstreng að Geithálsi og nota línuveg Hamraneslínanna sem framkvæmdaveg fyrir jarðstrenginn? Við Elliðavatn væri farið vestan vatnsverndarsvæðisins / Gvendarbrunnanna milli Elliðavatnsins og Helluvatnsins og með Heiðmerkurveginum (408) til Rauðhóla austan þeirra, að Geithálsi.

Ástæðan fyrir spurningunum er eftirfarandi: Dreifikerfi Veitna og HS orku tengist flutningskerfi Landsnets í fjórum tengivirkjum á höfuðborgarsvæðinu, við Korpu, á Geithálsi, í Hnoðraholti (AD7) og í Hamranesi. Þaðan er rafmagnið flutt eftir 132 kV jarðstrengjum til um ellefu aðveitustöðva víðsvegar um höfuðborgarsvæðið, strengirnir liggja í gegnum húsahverfi, með stofnbrautum og jafnvel út í sjó. Frá aðveitustöðvunum kvíslast kerfið svo til um þúsund dreifistöðva/spennistöðva á höfuðborgarsvæðinu.

Alls staðar þar sem höfuðborgarsvæðið hefur stækkað hafa háspennulínurnar verið styttar og lagðar í jörð í áföngum: Elliðaárlína 1 (var stytt í þremur áföngum), Korpulína 1 (var stytt og fljótlega verður lagður jarðstrengur í stað hennar að Geithálsi) og Hnoðraholtslína 1 (var stytt fyrir mörgum árum og nú heyrast þær raddir að setja eigi hana í jörð alla að Hnoðraholti. Á sama máta er Búrfellslína 3B tengd Hamranesi með 220 kV jarðstreng.

**2.** Hvers vegna vill Landsnet byggja nýja línu og tvö ný tengivirki á þessu svæði:

a) Lyklafellslínu 1?

Ástæða fyrir spurningunni er, að þær þrjár línur, sem eru fyrir á svæðinu, eru aðeins 30% lestaðar.

b) Tengivirki nærri Hamranestengivirkinu?

Ástæða fyrir spurningunni er sú að Hamranestengivirkið er innitengivirki, sem hugsað er til að vera inni í byggð, tengt línum með jarðstrengjum út úr byggð. Einnig hefur Hamranestengivirkið næga stækkunarmöguleika á 132, 220 sem og 400 kV.

c) Tengivirki á Sandskeiði?

Ástæða fyrir spurningunni er að samkvæmt skipulagi höfuðborgarsvæðisins verður ekki þörf á að flytja tengivirkið á Geithálsi næstu 25 árin.

**3.** Hver væri kostnaður og hvert væri kolefnissporið (samkvæmt spurningu 1)?

a) Að leggja 1-2 km jarðstreng?

b) Að leggja 15 km jarðstreng?

**4.** Hver væri kostnaður og hvert væri kolefnissporið (samkvæmt spurningu 2)?

a) Nýrrar Lyklafellslínu 1?

b) Tveggja nýrra tengivirkja sem tengdust Lyklafellslínu?

c) Við niðurrif og förgun beggja Hamraneslína 1 og 2?

d) Hækkun frá núverandi kostnaðaráætlun (meðaltalshækkun ofan á framkvæmdir Landsnets síðustu áratugina)?

**5.** Hver er ástæða þess að rífa á niður Hamraneslínur (HN1 og HN2) sem eiga 20-25 ára endingu eftir og eru ekki nema að litlu leyti fyrir á skipulagi, sem myndi leysast samkvæmt spurningu 1 a)?

Ástæða fyrir spurningunni er: að samkvæmt skipulagi höfuðborgarsvæðisins verða Hamraneslínurnar ekki fyrir byggð næstu 25 árin. Hamraneslínurnar tilheyra álverinu í Straumsvík og þjóna því hlutverki vel næstu 25 árin (en samningur við álverið rennur út árið 2036). Ef samningurinn yrði ekki endurnýjaður þá yrðu Hamraneslínurnar, eða ný Lyklafellslína Landsnets ef hún væri komin, óþarfar.

**6.** Gerir Landsnet ráð fyrir álveri á Reykjanesi á næstu árum?

Ástæður spurningarinnar eru fyrirætlanir Landsnets um að byggja nýja Lyklafellslínu 1 400 kV (jafnvel aðra samhliða henni af sömu stærð). Að Norðurál hefur nýlega afskrifað fjárfestingar sínar í álveri í Helguvík.

**7.** Hver er ástæða þess að Landsnet vill taka svona mikla áhættu með vatnsból og náttúru höfuðborgarsvæðisins og fyrir þessar miklu fjárhæðir, í stað þess að leita annarra leiða um úrbætur á Völlum í Hafnarfirði?

**8.** a) Hver var ástæða fjögurra tíma straumleysis í Reykjanesbæ nýlega, þegar Suðurnesjalína 1 fór út vegna eldingar?

b) Var ástæða fjögurra tíma straumleysisins, bilun í búnaði Landsnets á Fitjum?

c) Hvers vegna er ekki sjálfvirk endurinnsetning á Suðurnesjalínu 1?

Ástæða spurningar minnar er að línan hefði átt verið komin inn aftur, innan hálftíma frá útleysingu ef allt hefði verið eðlilegt, og að margar línur eru með sjálfvirka endurinnsetningu sem skeður á sekúndubroti.

**9.** Er rétt að dregið hafi verið úr eftirliti og viðhaldi hjá Landsneti í tengivirkjum og á línum fyrirtækisins um u. þ. b. 50% á síðastliðnum árum?

**10.** Hefur Landsnet fengið jafnlaunavottun?

Ástæða spurningar er að aðaleigandi Landsnets, Landsvirkjun (60%), hefur fyrir all löngu fengið jafnlaunavottun, sem er í virkni!

Ástæður þessara 10 spurninga minna til Landsnets eru „að fyrirtækinu ber samkvæmt lögum að gæta hagsmuna eigenda sinna“, kerfislegra, jafnræðislegra, fjárhagslegra og umhverfislegra, en þar koma vatnsból höfuðborgarsvæðisins fremst!

Ég bendi einnig á grein mína á visir.is með heitinu: Um nýja háspennulínu í Heiðmörk eða nýjan jarðstreng til Geitháls!

*Undirritaður er rafiðnaðarmaður og fyrrverandi starfsmaður Landsvirkjunar og Landsnets sem unnið hefur að uppbyggingu raforkukerfisins og viðhaldi þess.*

# Áskorun um lægri greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu



**Gunnar Ólafsson**
heilsuhagfræðingur

Um síðustu mánaðamót tók við völdum ný ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri grænna. Ég vil nota tækifærið og óska ráðherrum til hamingju og megi þeim vegna vel í sínum störfum fyrir land og þjóð. Í stefnulýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a. um heilbrigðismál: „Ríkisstjórnin ætlar að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu og gera það gagnsærra og skilvirkara. Þar þarf að meta árangur núverandi kerfis með hliðsjón af veikasta fólkinu og skoða þá þætti sem eru ekki hluti af því, t.d. ferða- og uppihaldskostnað, tannlækningar og sálfræðiþjónustu.“

Ég fagna þessari stefnuyfirlýsingu og nota tækifærið og skora á ráðherra að hrinda eftirfarandi þáttum í framkvæmd:

- Sameina greiðsluþátttökukerfin í eitt einfalt kerfi sem er byggt á greiðsluþátttökukerfi lyfja.
- Hámarksþak notenda í nýju greiðsluþátttökukerfi verði 50.000 kr. á tólf mánaða tímabili.
- Hámarksþak aldraðra, öryrkja og barna verði 33.400 kr. á tólf mánaða tímabili.
- Ríkið taki þátt í að greiða fyrir sömu heilbrigðisþjónustu og það gerir í dag og sömu lyf.
- Til viðbótar verði sett í greiðsluþátttökukerfið tannlækningar barna og lífeyrisþega, sálfræðiþjónusta og sýklalyf fyrir alla.
- Bætt verði við ferðakostnaði fyrir þá sem þurfa að sækja læknisþjónustu og meðferð um langan veg.

Þetta mundi auka gegnsæi greiðsluþátttökukerfisins og einfalda til muna núverandi fyrirkomulag þar sem í gildi eru tvö mismunandi greiðsluþátttökukerfi, eitt fyrir heilbrigðisþjónustu og annað fyrir lyf.

Í öðru lagi væri sameiginlegt hámarksþak töluvert lægra en núverandi fyrirkomulag. Flestir sjúklingar sem nota heilbrigðisþjónustuna mikið greiða hámarksþak bæði fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf. Kostnaður þessa fólks getur orðið allt að 131.000 kr. á 12 mánaða tímabili. Þó að náist að hafa eitt sameiginlegt greiðsluþátttökukerfi með hámarksþak við 50.000 kr. yrðum við enn með hærra hámarksþak en tíðkast annars staðar á Norðurlöndunum. Í Svíþjóð greiðir enginn meira á ári en 3.300 SEK (um 40.000 ISK) fyrir lyf og heilbrigðisþjónustu.

**Hámarksþak notenda í nýju greiðsluþátttökukerfi verði 50.000 kr. á tólf mánaða tímabili.**

Nú er lag að lækka hámarksþök einstaklinga vegna heilbrigðiskostnaðar enda hefur verið kallað eftir því, m.a. með áskorun sem Kári Stefánsson stóð fyrir. Framangreindar tillögur geta kostað ríkissjóð um 5-6 milljarða króna á ári. Það er grundvallaratriði að lækka greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu, því þannig næst jöfnuður í aðgengi að heilbrigðisþjónustu en kannanir hafa sýnt að fimmtungur landsmanna hefur frestað heimsókn til læknis vegna kostnaðar.

Ég hvet því Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra til dáða í þessu máli.

# Bókaprentun í alþjóðlegu samhengi



Eyþór Páll Hauksson
prentari og framkvæmdastjóri

Að gefnu tilefni, varðandi fréttir undanfarnar vikur um að bókaprentun sé að leggjast af á Íslandi, þá hefur undirritaður starfað við fagið í 35 ár, m.a. í Odda í 15 ár og við eigið fyrirtæki, Prentmiðlun, síðan 2008. Prentmiðlun sérhæfir sig í prentumsjón og innflutningi á bókum fyrir útgefendur hér heima og erlendis. Og hefur því haft puttann á bókaprentunarpúlsinum í all langan tíma.

Því hefur víða verið haldið fram að prentun á harðbandsbókum sé að leggjast af hérlendis, en það er ekki allskostar rétt þó að sá stærsti hafi ákveðið að hætta þar sem Prentmet er m.a. enn að binda inn bækur. Prentmiðlun hefur ekki litið á sig sem samkeppnisaðila við Odda eða aðra innlenda framleiðendur, heldur við öll hin erlendu prent- og prentumsjónarfyrirtæki sem sækja mjög fast inn á okkar litla markað og með vaxandi þunga á hverju ári. Við höfum því brúað bilið fyrir marga sem vilja fá erlent verð en íslenska þjónustu.

**Í stað þess að ná allri eða mest allri prentun aftur hingað heim, þá gerðist það ekki. Því tel ég að vandinn sé að góðum hluta heimatilbúinn.**

Þróunin hér heima kemur bæði á óvart og ekki. Við hrunið, þegar gengi íslensku krónunnar fór á hliðina, taldi ég fullvíst að mitt nýstofnaða fyrirtæki væri sjálfkrafa komið úr leik þar sem erlent innflutt prentverk var á einu augabragði orðið meira en tvöfalt dýrara en áður. Þrátt fyrir þessa kollsteypu í genginu þá var prentun eftir sem áður jafnan óhagstæðari innanlands. Þetta þýðir í raun að verðhækkun á innlendri bókaprentun hefur á sama tíma verið gríðarleg. Í stað þess að ná allri eða mest allri prentun aftur hingað heim, þá gerðist það ekki. Því tel ég að vandinn sé að góðum hluta heimatilbúinn.

**Með betri nýtingu**

Sem gömlum fagmanni finnst mér þessi þróun auðvitað miður. Horfandi yfir sviðið verður líka að viðurkennast að tækjabúnaður við prentun og bókband hérlendis er jafnan miklu eldri en í þeim smiðjum sem við hjá Prentmiðlun þekkjum til og því mannfrekari og afkastaminni en ella. Ég tel stærsta málið vera það að fyrirtæki erlendis eru með allt aðra og betri nýtingu á sínum vélakosti eða a.m.k. tífalt meiri ef við horfum á bókbandið sérstaklega. Þá er verið að keppa á móti mjög sérhæfðum fyrirtækjum, þ.e. prentsmiðjum sem eru eingöngu í bókaprentun og ekki neinu öðru. Sumar prenta til að mynda aðeins svarthvítar textabækur og jafnvel bara í örfáum ákveðnum stærðum. Það á t.d. við um eitt títtnefnt fyrirtæki, Bookwell, sem hefur fengið mikla kynningu á flestum vef- og prentmiðlum síðustu vikur sem hin nýja bókasmiðja fyrir Ísland, en það fyrirtæki prentar hins vegar í dag aðeins svarthvítar bækur eftir að það lokaði einni aðalverksmiðju sinni nú í haust eftir mikla rekstrarörðugleika.

Það hefur því verið hálfgert ástand í bókaprentun um allnokkurt skeið. Sem dæmi þá hefur ekki verið alvöru bókband í Noregi um allangt skeið og þarlendar prentsmiðjur senda því prentaðar arkir í bókband til m.a. Þýskalands og Danmerkur. Þá er líka búið að skrúfa verulega fyrir hjá einni stærstu bókasmiðju Svíþjóðar sem er núna varla svipur hjá sjón eftir uppsagnir um 60% starfsfólks á árinu. Sama hefur svo verið upp á teningnum í Englandi um alllangt skeið, þar er mest öll litprentun á bókum farin úr landi og búið að loka fyrirtækjum. Stundum dúkkar líka upp í umræðunni prentun í Kína en verð þar hafa snarhækkað á undanförnum misserum vegna mikilla hækkana á lágmarkslaunum. Þar að auki hefur pappírsverð þar hækkað langtum meira en hér í Evrópu. Nú er svo komið að búið er að loka mörgum bókasmiðjum þar í landi. Við erum því oftar en ekki að sjá sambærileg prentverð í Evrópu og Kína, en gengisþróun evru gagnvart dollara spilar þar líka inn í.

Hér er því alls ekki um eitthvert sér íslenskt fyrirbrigði að ræða á okkar prentmarkaði þar sem við sjáum þessa þróun allt í kringum okkur á síðasta áratug, fyrirtæki eru að loka, sameinast og flytja starfsemi sína.







# Farandverkafólk á leikskólum



Sæunn Kjartansdóttir
sálgreinir

Fyrir fáeinum dögum var í frétt um ný könnun Gallup þar sem kemur fram að leiðbeinendur á leikskólum séu með lægstu launin og undir mestu álagi í vinnunni. Þetta kemur auðvitað ekki á óvart en hafa forsvarsmenn sveitarfélaga hugsað út í þýðingu og afleiðingar þessa?

Til þess að gerast leiðbeinandi á leikskóla þarf hvorki að uppfylla kröfur um menntun né reynslu. Það þýðir að í störf leiðbeinenda velst alls konar fólk. Í þeirra hópi eru margir hæfir einstaklingar sem búa yfir þekkingu, áhuga á og samkennd með börnum, fólk sem hefur helgað líf sitt umönnun barna. En í störf leiðbeinenda rata líka margir af þeirri einu ástæðu að þeir fá ekki aðra vinnu. Á árum áður fékk fólk í þeim sporum oft tímabundna vinnu í frystihúsum en nú á dögum er fólk hætt að segja: „Ég fer þá bara í fisk.“ Í staðinn heyrist: „Ég fæ að minnsta kosti vinnu á leikskóla.“ Þar vantar alltaf fólk og þó að launin séu smánarleg er lærdómsríkt og áhugavert að vinna með börnum.

Á málinu er þó alvarlegur annmarki: Þetta fyrirkomulag er afleitt fyrir ung börn. Þessi endurteknu og rofnu kynni við nýtt og nýtt fólk eiga sér stað á því viðkvæma aldursskeiði sem börnum er nauðsyn að eiga samfelld tengsl við fáa útvalda og áhugasama því þannig finna þau öryggi og að þau skipti máli. Þess í stað þurfa börn á leikskólum sífellt að kynnast og aðlagast nýju starfsfólki sem eðli málsins samkvæmt hefur takmarkaða löngun og/eða getu til að sinna þeim á fullnægjandi hátt. Slíkt getur verið afar streituvaldandi fyrir ung börn og er til þess fallið að draga úr öryggiskennd þeirra.

**Fyrir mörg börn þýðir þetta að þau eru háð fólki sem vill í raun ekki vera með þeim.**

### Óánægt fólk með vald yfir börnum

Í Gallup fréttinni kom líka fram að engir eru eins óánægðir með laun sín og leiðbeinendur á leikskólum. Þegar bætist við mikið álag og stöðugt áreiti þurfandi barna í þröngu rými getur skapast hættulegt ástand. Hafa forsvarsmenn sveitarfélaga leitt hugann að því hversu mikla áhættu þeir taka með því að setja óánægt fólk í valdastöðu gagnvart ungum börnum? Hér er ekki um að ræða stöku starfsmann sem vinnur undir handleiðslu leikskólakennara heldur er algengt að meira en helmingur starfsmanna sé ófaglærður og hlutfall þeirra fer vaxandi.

Fyrir mörg börn þýðir þetta að þau eru háð fólki sem vill í raun ekki vera með þeim. Fólki sem hefur misjafnlega gott taumhald á óánægju sinni, sem skortir oft þroska til að setja sig í spor barna, er ekki læst á tilfinningar þeirra, kallar óöryggi ungra barna frekju og heldur að hægt sé að aga ung börn með því að hunsa þau þegar þeim líður illa. Í orði kveðnu eiga leikskólar að starfa á faglegum grunni og þess vegna var nám leikskólakennara fært upp á háskólastig. Í verki er ábyrgð á ungum börnum falin fólki sem hefur ekki hugmynd um getu og þarfir þeirra vitsmunalega, tilfinningalega eða félagslega.

### Reddast þetta?

Með launastefnu sinni hafa sveitarfélögin neytt leikskólastjóra til að manna stöður leikskólakennara með nánast hverjum sem er. Nú er það ekki lengur á ábyrgð fiskvinnslunnar að sjá til þess að hjól atvinnulífisins snúist nógu hratt heldur leikskólanna. Til að þetta reddist ríghöldum við í þá bábilju að það sé þjóðþrifamál að koma sem allra flestum börnum inn á leikskóla sem allra fyrst og að hver sem er geti sinnt þeim. Þegar skortur á starfsfólki er kominn undir öryggismörk og leikskólastjórar neyðast til að loka deildum skilja allir hversu truflandi það er fyrir foreldra og vinnustaði.

Við eigum töluvert erfiðara með að setja okkur í spor þeirra ungu barna sem dvelja langa daga fjarri foreldrum sínum innan um alltof marga jafnaldra, oft í litlu rými, þar sem misjafnlega hæfir starfsmenn stoppa stutt við vegna þess að þeir vilja vera annars staðar. Við veigrum okkur líka við að hugsa út í afleiðingarnar. Hvað ætli þurfi til?






# Orka og umhverfi: Er lagatúlkun smekksatriði?



Magnús Rannver Rafnsson
verkfræðingur og starfar að nýsköpun á orkusviði

**Afleit staða íslenskra raforkuflutningskerfa er afleiðing af vanvirðingu við gildandi lög. Fákeppni og sérhagsmunagæsla leiðir af sér stöðnun. Og stöðnuð fortíð er það sem við fáum. Að þetta sé svona leikandi létt mögulegt er hið stóra áhyggjuefni? Af hverju að skrifa lög ef ekki þarf að fylgja þeim?**

Markmið raforkulaga er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi samkvæmt fyrstu grein laganna. Fram kemur einnig að tillit skuli tekið til umhverfissjónarmiða. Með skýrum hætti er markmið laganna skilgreint; raforkuflutningskerfi skulu vera umhverfisvæn OG þjóðhagslega hagkvæm. Ekki bara annað hvort og ekki hvorugt.

Þrátt fyrir þetta ber Landsnet á borð almennings lausnir sem hvorki eru umhverfisvænar né þjóðhagslega hagkvæmar. Að auki – í stað þess að fylgja lögum og reglum – fer fyrirtækið ítrekað til dómstóla með tæknilegar lausnir sem fólk ekki vill.

En svo er meira. Í raforkulögum er vísað í samkeppnislög, væntanlega til að hnykkja á mikilvægi þeirra. Ekkert finnst þar um undanþágur sem Landsnet virðist álíta sig hafa. Samkeppnislög eru afar afgerandi: „Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

**a.** vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri

**b.** vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum

**c.** auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaðnum.“

Sem sagt: Nýsköpun, tækniþróun og samkeppni er leiðin að framförum. En þrátt fyrir að lögin séu eins og skrifuð fyrir nýsköpunarfyrirtæki, samkeppni og framfarir í þágu þjóðfélagsins, virðist Landsnet EKKI þurfa að fylgja lögunum. Ítrekaðar fyrirspurnir hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hafa ekki skilað svörum. Enginn útskýrir hvar lögin veita Landsneti undanþágur.

Þetta er ekki allt. Til er nokkuð sem heitir lög um opinber innkaup. Hlutverk þeirra er; „að tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu“.

Að Landsnet sé „hf“ breytir ekki eftirfarandi: Landsnet gætir ekki jafnræðis, enda samningar gerðir beint við sérhagsmunaliða um stórverkefni sem almenningur kostar. Engin útboð fara fram um hönnun og lausnir og því vandséð hvernig stuðlað er að hagkvæmni og auknum umhverfisgæðum. Virk samkeppni er af sömu ástæðum ekki til staðar og því útilokað að nýsköpun og framþróun þrífist á eðlilegum forsendum. Deilurnar snúast jú einmitt um nákvæmlega þetta; óviðunandi lausnir og ásættanlegar starfsaðferðir sem eiga að kosta 100 milljarða á silfurfati. Hvernig veitir hf-væðing Landsnets heimild til að fara gegn samfélagslegum hagsmunum, sem gildandi lagarammi heldur bara býsna vel utan um?

Afleit staða íslenskra raforkuflutningskerfa er afleiðing af vanvirðingu við gildandi lög. Fákeppni og sérhagsmunagæsla leiðir af sér stöðnun. Og stöðnuð fortíð er það sem við fáum. Að þetta sé svona leikandi létt mögulegt er hið stóra áhyggjuefni? Af hverju að skrifa lög ef ekki þarf að fylgja þeim?

Landsnet er ekki á undanþágu frá íslenskum lögum. Orkusérfræðingar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins virðast hins vegar líta svo á, án þess að geta útskýrt það. Ráðuneytið hefur enn ekki útskýrt hvar nákvæmlega lögin veita undanþágur. Ef ráðuneytið gætir þess ekki að lögunum sé framfylgt, hver þá? Sumum gæti þótt það tilheyra skyldum ráðuneytis að gæta hagsmuna almennings – jafnvel alveg án þess að það sé nefnt sérstaklega.

Einmitt það er reyndar gert í raforkulögum og því einfaldlega ekki um það að ræða að iðnaðarráðherra hafi val. Raforkulög fjalla sérstaklega um hvað atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu beri að gera, þegar lögunum er ekki fylgt; „Fari flutningsfyrirtækið ekki að skilyrðum laga þessara, reglugerðum settum samkvæmt þeim, skilyrðum samnings ... skal ráðherra veita flutningsfyrirtækinu skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef flutningsfyrirtækið sinnir ekki aðvörun ráðherra innan tilgreindra tímamarka getur ráðherra endurskoðað samninginn eða rift honum“ (8. gr. raforkulaga).

Virðist skýrt, en heldur ekki. Misskilningur? Iðnaðarráðherra fær nú nýtt tækifæri til að varpa ljósi á þann misskilning. Þetta mál varðar grundvallarhagsmuni; ferðamannaiðnað, nýtingu auðlinda, umhverfisgæði, nýsköpun og 100 milljarða raforkuflutningskerfi. Af hverju er ekki séð til þess að Landsnet fari að lögum?

# Magnþrungin örlagasaga

ALMENNT EFNI
2. sæti
Félag bókaútgefenda






## ÚTKALL - REIÐARSLAG Í EYJUM

Í 24 ár í röð hafa Útkallsbækur Óttars Sveinssonar verið **eitt vinsælasta lesefni Íslendinga.**

Í Útkall - reiðarslag í Eyjum er greint frá **ævintýralegum björgunaraðgerðum - 7 klukkustunda baráttu upp á líf og dauða. Læknir og hjálparsveitarmenn leggja sig í stórkostlega lífshættu** á strandstað belgísks togara í Vestmannaeyjum. Hér er sagt frá ótrúlegri samkennd og fórnfýsi íslenskra björgunarmanna á úrslitastundu og ótrúlegri þrautseigju sjómanna.

**Um hver jól frá árinu 1994** grúfa þúsundir Íslendinga sig niður í Útkallsbækurnar og leggja þær ekki frá sér fyrr en að lestri loknum.

24 ÁR
Á TOPPMUM

Útkall ehf. Sundaborg 9, 104 Reykjavík // sími: 562 2600 // www.utkallbokautgafa.is


KRÓNAN
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
GRØN BALANCE
ØKOLOGI
Økologisk
Frugt
Jóla
eplin
eru komin
399
kr.
pk.
Grön Balance klementínur 750 g, Spánn
Klementínur 950 g, Spánn
399
kr.
pk.
LÍFRÆNT VOTTAÐ
organic
Økologiske
Æbler
Ódýrt
Grön Balance Gala epli, 1 kg
649
kr.
pk.
Klementínur 2,3 kg, Spánn
659
kr.
pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 18. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.


KRÓNAN
Krónan mælir með!
Tvíreykt KEA hangilæri
3699 kr. kg
Sveppa- og púrtvínsfylling
Camembert- og döðlufylling
FRIÐRIK V
Veislumatur
3298 kr. kg
Ísfugl Kalkúnabringa fersk
3199 kr. kg
Lambalæri með sveppa- og púrtvíns fyllingu eða camembert- og döðlu fyllingu
Kalkúnabringa með salvíusmjöri
3599 kr. kg
1199 kr. pk.
Franskar Berberie andarbringur, 330 g
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 18. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN




Gerðu þitt eigið

## Jóla HLAÐBORÐ

## Fyrir 8 manns

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Silfur hafsins, rauðvíns- og appelsínusíld 240g<br>BB rúgbrauð, 270g | 799 kr. stk.<br>238 kr. pk. |
| 2 | Tilbúin heit purusteik<br>Kjötkompaní rauðvínssósa, 700 ml | 1999 kr. kg<br>1490 kr. stk. |
| 3 | Eðalf. Graflax í sneiðum, 200 g<br>Eðalf. Graflaxsósa , 150ml | 869 kr. pk.<br>239 kr. stk. |
| 4 | Kaldur hamborgarhryggur í sneiðum<br>Gestus kartöflusalat , 400g | 2699 kr. kg<br>499 kr. stk. |
| 5 | Kræsingar hreindýrapate<br>Kræsingar Cumberland sósa, 100g | 1299 kr.stk.<br>597 kr. stk. |
| 6 | Esju reyktar andabringur<br>Kokkarnir rauðlaukssulta, 180g | 5599 kr. kg<br>699 kr. stk. |
| 7 | VSOC Geita ostur, 270 g<br>DGF rifsberjasulta, 650g | 1099 kr. stk.<br>360 kr. stk. |
| 8 | Hangikjöt soðið, í sneiðum<br>Rauðkál | 3299 kr. kg<br>299 kr. stk. |
| 9 | Snittubrauð<br>Lúxus laufabrauð, 130g | 189 kr. stk.<br>879 kr. pk. |




**Allt þetta undir**

# = 2000*

**kr. á mann**

*miðað við 150 g af andabringu, 600 af hangikjöti og hamborgarhrygg og 200 g af hreindýrapaté

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 18. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Nánar á kronan.is

# KRÓNAN

## Þú finnur Jólasteikina hjá okkur

**3499** kr. kg
SS Taðreykt læri úrbeinað

Krónan mælir með!

KRÓNAN GJAFAKORTIÐ ÞITT

Gott verð!

**2799** kr. kg
Vopnafjarðar hangilæri úrbeinað

NÓATÚN

**1999** kr. kg
Nóatúns grísahambogarhryggur

Gott verð!

**4199** kr. kg
Húsavíkur Hangilæri úrbeinað

**1399** kr. kg
Krónu Hamborgarhryggur

Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 18. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Er íslenska heilbrigðiskerfið of sjúklingavænt?



**Einar Guðmundsson**
geðlæknir

Að undanförnu hefur staða og þróun íslenska heilbrigðiskerfisins verið mikið rædd í fjölmiðlum. Það er ánægjuleg nýlunda, en í gegnum áratugi hafa fjölmiðlar sýnt heilbrigðiskerfinu lítinn áhuga, og þá einna helst ef hægt var að benda á handvömm lækna.

Fámenn íslensk stjórnsýsla hefur ekki haft úr að spila nægilegri þekkingu til að móta framtíðarsýn, og því leitað út fyrir landsteinana að heilbrigðiskerfum til að kópíera. Stjórnsýsla flestra landa reynir hins vegar eftir bestu getu að draga upp eins konar glansmynd af sjálfri sér, birta jákvæða tölfræði o.s.frv. og neikvæðum hliðum stjórnsýslunnar er erfitt að henda reiður á. Þegar kemur að heilbrigðiskerfum annarra landa hafa Íslendingar þá sérstöðu að flestir íslenskir læknar hafa unnið í þessum kerfum, og kynnst þeim í raun, kostum og göllum, hafa því að segja má „inside information".

Vandinn er hins vegar sá að íslensk stjórnsýsla virðist veigra sér við að leita til lækna, og eiga í hugmyndafræðilegum samskiptum við þá, eða þiggja þeirra ráð. Læknar eru gjarnan afgreiddir sem hugsjónamenn um sjálfa sig, en ekki hina sjúku. Aðrir telja sig vita betur hvað sjúklingunum er fyrir bestu, og á síðustu áratugum hefur kerfisbundið verið unnið að því að draga úr áhrifum lækna í hinum svokölluðu „velferðarsamfélögum". Á sama tíma og áhrif lækna hafa farið minnkandi, hefur kostnaður heilbrigðiskerfa farið hratt vaxandi. Samt er enn til fólk sem trúir því að læknastéttin sé aðalorsök vaxandi kostnaðar.

**Stofulæknaplágan**

Miklar áhyggjur af tilvist stofulækna hafa komið fram hjá Landlækni, stjórnsýslu og ýmsum stjórnmálamönnum, sérstaklega á vinstri kantinum, því vinstri menn hafa alltaf viljað skilgreina lækna sem hluta af auðvaldinu, og verið algjörlega blindir fyrir því að flestir læknar eru komnir af alþýðunni, og hafa lifað og starfað fyrir alþýðuna, má segja dag og nótt. Sjálfstætt starfandi læknar hafa orðið einhvers konar ógn við „velferðarkerfið", auðvald, sem stýrist bara af græðgi, og hefur engan annan ávinning af því að starfa sjálfstætt en meiri peninga.

Betri þjónusta, betri tími og aðstaða til að nýta þekkingu, betri afköst, betri starfsaðstaða, betra húsnæði, betri vinnustaðamórall, meira sjálfstæði, möguleikar á framþróun og nýsköpun, minni ytri truflanir, minni afskiptasemi læknislærðra og ólæknislærðra yfirmanna, greiðslur fyrir unna yfirvinnu; allt þetta er látið sem vind um eyru þjóta og hangið á græðgiskenningunni. Eins og í opinbera kerfinu, eru það aðeins þeir læknar sem vinna eins og þrælar, sem þéna vel í þessu kerfi.




**Bandaríska grýlan**

Gagnrýnendum sjálfstætt starfandi lækna er nokkur vorkunn, þar sem bandaríska heilbrigðiskerfið hræðir. En bandaríska kerfið hræðir ekki bara Ögmund Jónasson, og aðra góða stjórnmálamenn, heldur hræðir það gjörvalla íslenska læknastétt, aldrei hef ég heyrt íslenskan lækni mæra það kerfi, eða hvetja til að það kerfi verði tekið upp hérlendis, og hafa þó margir okkar lært og starfað í því kerfi.

Bandaríska kerfið er bæði einkavætt og einkarekið. Einkavætt vegna þess að sjúklingurinn þarf sjálfur að tryggja sig fyrir heilsuáföllum og greiðir þannig sjálfur alla sína heilbrigðisþjónustu, sem síðan er keypt á uppsettu verði af einkareknum heilbrigðistofnunum. Kostnaðurinn í þessu kerfi hefur náð miklum hæðum, en við skulum ekki gleyma því að „velferðarlöndin" hafa getað sparað sér mikið fé til rannsókna með því að gerast afætur af gríðarlegri rannsóknastarfsemi bandarískrar læknastéttar, lyfjafyrirtækja og fleiri.

**Samvinna við lækna**

Læknastéttin varð til fyrir þúsundum ára, fyrst sem sjálfstætt starfandi læknar, sem ráku eigin læknastofur, og samvinna við „velferðarkerfin" er því nýlunda í sögulegu samhengi, enda eru velferðarkerfin ekki gömul. Sú samvinna lækna við stjórnvöld um uppbyggingu velferðarkerfa hefur almennt reynst bæði sjúklingum og læknum vel.

Á Íslandi hefur þróast óvenju sjúklingavænt heilbrigðiskerfi, þar sem sjúklingar hafa getað valið annars vegar um góða opinbera heilbrigðisþjónustu, eða góða þjónustu sjálfstætt starfandi lækna. Fjármagnið hefur, fram að þessu, fylgt sjúklingnum, (og já; fjármagnið fylgir sjúklingnum, ekki lækninum, þó annað sé sífellt gefið í skyn). Slíkir valkostir eru ekki sambærilegir í velferðarkerfum Norðurlanda, þar sem sjálfstætt starfandi sérfræðingar eru allt of fáir til að almenningur geti notið þeirra. Það kerfisbundna fjársvelti, sem Landspítali og Heilsugæslan hafa búið við í áratugi, er uppskrift að hnignandi opinberu heilbrigðiskerfi. Að halda því fram að sjálfstætt starfandi stofulæknar séu aðalvandi heilbrigðiskerfisins, er skammsýni, sem hvorki mun gagnast hinum sjúku né íslensku þjóðinni almennt.

# Græn jól



**Úrsúla Jünemann**
kennari á eftirlaunum

Flestir eru sammála um að vilja fá hvít jól. Brún eða rauð jól eru ekki á óskalistanum. En hvað með græn jól? Græni liturinn er oft tengdur við náttúruna, umhverfisvitund og vistvæna hegðun.

Við viljum fá græna litinn inn í híbýlin okkar: Grænt jólatré, grænar greinar, grænar servíettur og grænan gjafapappír. Til að fá betri áhrif í þetta er rauði liturinn vinsæll með þessu. Rautt og grænt eru andstæðir litir sem gera hvort annað meira áberandi. Ekki gleyma því að amerískir jólasveinar eru í rauðum fötum og Rúdólf er með rautt nef. Íslenskir jólasveinar eru aftur á móti í sauðalitum enda voru þeir bláfátækir. María og Jósef höfðu ekki heldur efni á rauðum fatnaði þegar þau voru að leita sér gistingar. María var þá að því komin að ala barn þeirra. Rauði liturinn hefur lengi verið litur hefðarfólks.

En að halda græn jól, hvað þýðir það?

Við erum rík þjóð sem þykist vera á „bullandi góðæri". Neyslan vex og að sama skapi eykst það sem við hendum í ruslið. Fullt af góðum og nothæfum hlutum fer í Sorpu vegna þess að það er hægt að fá eitthvað nýrra og flottara. En „græn hugsun" byrjar ekki á því að flokka og setja í réttan gám. Það byrjar á því að kaupa minna og nýta hlutina betur þannig að sorpið minnkar. Við skulum líka vera meðvituð um að margar vörur sem við kaupum eru framleiddar í þróunarlöndum við ómögulegar aðstæður. Þegar hagvöxturinn minnkar með minna kaupæði þá er það væntanlega ekki hið versta mál. Þetta mun koma næstu kynslóðum að gagni því afkomendur okkar munu erfa jörðina eins og við skiljum hana eftir.

Til hvers í ósköpunum „þurfum" við að gefa jólagjafir, kaupa kannski eitthvert dót sem viðtakandi fer með strax eftir hátíðirnar og reynir að skipta? Flest okkar eiga allt eða næstum allt. Auðvitað er gaman að gleðja börnin því þeim finnst gaman að taka upp pakka. En þegar krakkar á aðfangadagskvöld rífa upp pakka eftir pakka og líta varla við því sem var í þeim þá er þetta ekki lengur það sem við viljum, þá er það vottur um græðgi en ekki gleði.

Persónulegar gjafir, vel úthugsaðar og gefnar með ást hafa margfalt meira vægi. Og vel á minnst: Hægt er að gefa upplifun, til dæmis miða á tónleika eða leikhús, sameiginlega helgarferð, skemmtilegan kvöldmat, heimsókn á safn, dvöl í frístundahúsi, eitthvað sem menn geta gert saman sér til ánægju. Gefum hvert öðru tíma, tíminn er eitt það dýrmætasta sem við höfum.

> **Gefum hvert öðru tíma, tíminn er eitt það dýrmætasta sem við höfum.**

Svo er það val á jólatré. Margar verslanir bjóða upp á innflutt jólatré, yfirleitt normannsþin á mjög lágu verði. Þessi tré eru ræktuð á ökrum og eiturúðun til að drepa skaðvalda er mjög algeng. Kolefnisspor í sölu þessara trjáa er margfalt meira en hjá íslenskum trjám því flutningur langar leiðir hingað telur með. Þeir sem hugsa um „græn jól" ættu að fara í skógræktarstöðvar og kaupa íslensk tré.

Eitt í lokin: Umbúðabrjálæðið er skelfilegt hér á landi. Við kaupum vörur í miklum umbúðum. Þær eru alla vega gott að setja í réttan gám til endurvinnslu. Höfum í huga að glansandi jólagjafapappír er oft ekki endurvinnanlegur. Hvernig væri að nota maskínupappír sem maður skreytir eftir sínu höfði? Margir vita ekki einu sinni um listahæfileika sína.

Gleðileg græn og neyslugrönn jól.

# Víðsýni og einbeiting í stjórnmálum – blað hefur verið brotið



**Gunnar Árnason**
félagi í VG

Stjórnmálamönnum er misjafnlega vel til lista lagt að vera víðsýnir og einbeittir, rétt eins og okkur mannfólki almennt. Færa má rök fyrir því að við séum frekar klaufsk í þessum efnum. Greinarhöfundur er þess þar af leiðandi fullviss að umræddir eiginleikar teljast til mannkosta sem eru mikilsverðir.

Það bar svo við fyrir skemmstu í kosningum til Alþingis að kjósendur dreifðu atkvæðum sínum með eftirtektarverðum hætti. Margir óskuðu sér annarrar niðurstöðu, á meðan sumum varð tíðrætt um að úrslit kosninga væru engan veginn sanngjörn og enn aðrir vona nú heitt og innilega að þetta lagist allt saman í næstu kosningum. Okkur hættir því öllum til að líta fram hjá því hvernig hlutirnir eru í raun og veru, en einblína þess í stað á hvernig við óskum, vonum eða teljum að hlutirnir eigi að vera. Það er ekki vænlegt til árangurs, það hefur sýnt sig svo ekki verður um villst.

Greinarhöfundur er ekki í nokkrum vafa um að í nýafstöðnu ferli við myndun nýrrar ríkisstjórnar hafi ráðið úrslitum að tekist var á við stöðuna eins og hún blasti við að loknum kosningum, og með opnum huga. Í umræddu ferli náðu í það minnsta tveir stjórnmálamenn að lyfta sér á hærra plan með eftirtektarverðum hætti. Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, ásamt Svandísi Svavarsdóttur, þingmanni hreyfingarinnar, sem nú hafa tekið við hlutverkum forsætis- og heilbrigðisráðherra, sýndu víðsýni, einbeitingu og hógværð í aðkomu sinni að myndun nýrrar ríkisstjórnar. Fyrir þetta ber að þakka.

> **Í umræddu ferli náðu í það minnsta tveir stjórnmálamenn að lyfta sér á hærra plan með eftirtektarverðum hætti.**

Af umræddri atburðarás má jafnframt draga feiknamikinn lærdóm sem greinarhöfundur er sannfærður um að verði gerð skil í annálum þegar frá líður, þegar horft er til samsetningar nýrrar stjórnar og sáttmála sem nú liggur fyrir að starfa eftir. Blað hefur verið brotið í íslenskri stjórnmálasögu.

# Fólk
Tíska




Arndís Helga segir góða þjónustu og fjölbreytt úrval aðalsmerki 4 YOU. MYND/STEFÁN

# Falleg föt fyrir allar konur

Verslunin 4 YOU er ný og glæsileg verslun í Firðinum, Hafnarfirði. „Við bjóðum upp á gott úrval af fallegum fatnaði fyrir allar konur, í öllum stærðum," segir Arndís Helga Ólafsdóttir en þau Gunnbjörn Viðar Sigfússon, eiginmaður hennar, opnuðu fyrirtækið saman fyrir 8 vikum. →2









Hjá 4 YOU fást húfur, treflar og hanskar í úrvali.




Arndís Helga hefur haft í mörg horn að líta undanfarið. Hún gifti sig og opnaði verslun á einum mánuði. MYNDIR/STEFÁN




Hjá 4 YOU fást förðunar- og snyrtivörur frá vinsælum merkjum.




Smart veski frá Infinity sem henta spari eða hversdags.



Arndís Helga Ólafsdóttir hefur haft í mörg horn að líta undanfarnar vikur. Með skömmum fyrirvara ákváðu hún og Gunnbjörn Viðar Sigfússon að opna verslunina 4 YOU í sama mánuði og þau giftu sig.

Arndís Helga segir að hjá 4 YOU sé lögð áhersla á vandaðan og fallegan fatnað fyrir allar konur. „Hjá okkur fæst vinsæla fatalínan KAFFE frá Danmörku, sem hefur fengið sérstaklega góðar viðtökur, enda um frábæra hönnun að ræða. Buxurnar frá KAFFE hafa slegið algjörlega í gegn, en þær eru góðar í sniðinu með fínu efni að framan en teygjuefni að aftan þannig að þær fara öllum konum vel. Við seljum einnig tískufatnað frá KY dress Milano, Esther Queen, Urban Mist og fleiri framleiðendum, aðallega frá Ítalíu. Við bjóðum líka upp á mikið úrval af fylgihlutum, svo sem trefla, húfur og hanska. Svo erum við með smart veski frá Infinity.“

**Aðalmerki**
**4 YOU er danska merkið KAFFE.**

## Góð þjónusta aðalsmerkið

Arndís Helga segir persónulega og góða þjónustu í fyrirrúmi hjá 4 YOU. „Góð þjónusta er okkar aðalsmerki og ég veit ekkert skemmtilegra en að stjana við fólk. Hjá okkur ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi og við pössum upp á að vera með föt í öllum númerum, eða frá XS-XXL.“

Í 4 YOU fást einnig förðunar- og snyrtivörur frá þekktum merkjum. „Við erum t.d. með bodylínuna frá Moroccan Oil. Við erum einnig með rosalega mikið úrval af vörum sem Ásdís Inga Helgadóttir hefur hannað, svo sem Deisy Makeup línuna og Nova Tan brúnkukremin. Hún hefur líka slegið í gegn með Dermacol hyljarann sem felur bókstaflega allt, meira að segja húðflúr. Við erum með Muddy Glow Skin, gylltu olíuna frá Daríu en hún inniheldur 24 karata gull og hefur verið sérlega vinsæl. Það sama má segja um tannhvíttunarefnið frá Carbon Coco sem hefur verið vinsælt og reynst mjög vel,“ segir Arndís Helga brosandi.

> **Góð þjónusta er okkar aðalsmerki og hjá okkur ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Við pössum upp á að vera með föt í öllum númerum, eða frá XS-XXL.**
>
> Arndís Helga Ólafsdóttir

## Allt í jólapakkann

Þá fæst úrval af úrum og skarti frá 24 ICELAND svo úr nógu er að velja. „Hjá okkur fæst allt í jólapakkann og einnig fötin fyrir jólin. Hingað koma margar mömmur að kaupa make-up fyrir dætur sínar og svo fá þær jólakjólinn fyrir sig hérna líka,“ segir Arndís Helga.

Hún hefur verið með opið Snapchat og ætlar að halda því áfram. „Við erum líka með netverslun í smíðum sem verður opnuð bráðlega. Við sendum út á land en það er hægt að hafa samband við 4 YOU á Facebook,“ segir Arndís Helga sem stendur vaktina í 4 YOU á daginn, ásamt vinkonum sínum sem hafa verið duglegar við að aðstoða hana í nýju búðinni í Firðinum, Hafnarfirði.

4 YOU, 2. hæð Firðinum, Hafnarfirði. Facebook: 4 You Iceland. Snapchat Disa84. Sími 693 2272. Opið frá kl. 11-18 virka daga og 12-16 laugardaga.


49.980 kr.
35.980 kr.
49.980 kr.
35.980 kr.
33.980 kr.
Leðurtöskur í úrvali.
Verð frá 8.980.
24.980 kr.
29.980 kr.
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Andlitsförðun verður sífellt vinsælli meðal karla

Í heimi þar sem myndavélar eru alls staðar, sjálfur eru hversdagslegar og það er ekki talið athugavert að nota síur á ljósmyndir til að líta betur út hafa vinsældir andlitsförðunar aukist verulega hjá körlum.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is





Tabúið í kringum andlitsförðun karla virðist vera að hverfa. NORDICPHOTOS/GETTY




Sífellt fleiri karlmenn nota andlitsfarða og förðunarvörufyrirtæki eru farin að bregðast við með auknu framboði á förðunarvörum fyrir karlmenn. Í vor ætlar svo enskt förðunarvörufyrirtæki sem sérhæfir sig í vörum fyrir karlmenn að opna sína fyrstu verslun. Það virðist sem fordómar gegn andlitsförðun karla séu að hverfa, en enn um sinn er erfitt að segja hvort þetta er tímabundin tískubylgja eða varanleg þróun og hvaða áhrif þetta gæti haft.

**Ekki lengur tabú**

Karlmenn úr raunveruleikasjónvarpi hafa tekið þátt í auglýsingaherferðum, fegurðarbloggarar hafa kynnt og vakið athygli á þessari tísku, í janúar síðastliðnum notaði Maybelline karlmann í auglýsingu fyrir maskara og í ágúst sagði yfirmaður L'Oréal að það væri ekki lengur tabú fyrir karlmenn af „sjálfukynslóðinni“ að nota andlitsfarða. Hann spáði því líka að innan fimm til sjö ára væru komin afgreiðsluborð fyrir karlmenn í verslanir sem selja förðunarvörur. Sífellt fleiri þekkt merki hafa tekið þátt í þessari þróun og bjóða nú förðunarvörur sem eru sérstaklega fyrir karlmenn.

Þessi þróun helst að nokkru leyti í hendur við þróun í átt að kynlausum fatnaði sem sést hjá mörgum stórum merkjum um þessar mundir.

**Fjölbreyttur markhópur**

Í sumar byrjaði tískuvefurinn Asos að selja andlitsfarða sem er sérstaklega ætlaður körlum til að svara þessari nýju eftirspurn. Asos selur vörur frá MMUK, sem er sex ára gamalt breskt förðunarvörufyrirtæki fyrir karlmenn. Hagnaður fyrirtækisins hefur aukist hratt síðan það var stofnað og í vor stefnir MMUK á að opna sína fyrstu verslun í Brighton.

Talskona fyrirtækisins, Lucy Atkinson, segir að opnun fyrstu verslunarinnar sé tákn um hvernig karlmenn nútímans séu að fínstilla snyrtiþarfir sínar og hafi ekki lengur áhyggjur af tabúum í tengslum við að þeir farði sig.

Atkinson segir að markhópur fyrirtækisins hafi upprunalega verið samkynhneigðir karlar, en það hafi fljótt komið í ljós að þeir væru bara hluti af markaðnum. Stór hluti viðskiptavinanna eru gagnkynhneigðir karlar sem vilja halda hraustlegu og unglegu útliti til að hjálpa til með starfsferilinn, annar stór hluti er karlar á aldrinum 15 til 21 árs sem vilja hylja lýti á húðinni og svo eru margir sem nota farða fyrir sjónvarp og svið.

Rétt eins og yfirmaður L'Oréal bendir Atkinson á að sjálfur á samfélagsmiðlum hafi ýtt verulega undir þessa þróun. Fyrst hafi karlar nýtt síur á myndirnar, en svo hafi þeir farið að nota farða til að vera stöðugt með eins konar síu til að líta vel út á myndum.

> **„Það virðist sem fordómar fyrir andlitsförðun karla séu að hverfa, en enn um sinn er erfitt að segja hvort þetta sé tímabundin tískubylgja eða varanleg þróun, né hvaða áhrif þetta gæti haft.**

**Getur aukið kröfur**

Adam Walker, snyrtisérfræðingur hjá vefsíðunni the Male Stylist, fagnar þessari þróun en hefur áhyggjur af því að hún geti ýtt undir óeðlilegar útlitskröfur hjá körlum. Hann segir að konur hafi þurft að eiga við slíkt áratugum saman og nú sé sams konar þrýstingur að aukast á karlmenn, sem geti leitt til skekktra viðmiða. Tilraunir til að fela lýti með andlitsfarða geti verið fyrstu skrefin á braut sem leiði til ranghugmynda um eigin líkama og þess að menn skammist sín fyrir útlitið.

Það á svo eftir að koma í ljós hvort andlitsförðun hjá körlum sé varanleg þróun eða tímabundin tískubylgja.


KARI TRAA
Norsk ullarnærföt úr 100% Merino ull
SPORTÍS
MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS

# Ástalífið skemmtilegra

**Líkami og andlit Hlíðars Bergs er listaverk í stöðugri mótun og vekur sannarlega athygli og eftirtekt. Hann segir geirvörtur í formalíni og klofna tungu skjóta mörgum skelk í bringu.**












Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is




Ég lít á líkamann sem striga sem hægt er að skreyta eins og lifandi listaverk," segir Hlíðar sem kominn er lengra en margur Íslendingurinn í að skreyta líkama sinn með götum, skurði og húðflúri.

Hlíðar rekur klofna tunguna út úr sér.

„Mig langaði að breyta til. Það eru allir með eðlilega tungu en mér finnst klofin tunga fallegri og skemmtilegri, og það getur verið gaman að láta fólki bregða með tungunni," segir Hlíðar og hlær.

„Þetta er líkamsbreyting sem ég þarf ekki að sýna frekar en ég kýs sjálfur, en það fer um marga þegar þegar þeir sjá tunguna, enda ónáttúrulegt fyrir mannfólkið. Það býst enginn við að það komi tvær tungur út þegar þeir tala við manneskju, en þegar þeir eru komnir yfir mesta sjokkið þykir þeim þetta ýmist fyndið eða flott."

Átta ár eru síðan Hlíðar fór til Noregs og lét kljúfa tunguna. „Þá var tekið sitt hvorum megin í tunguna, hún dregin pínulítið í sundur og skurðhnífur notaður til að skera í himnuna eftir henni miðri því tungan er gerð úr tveimur vöðvum sem eru aðskildir. Að lokum voru sárin saumuð svo tunguhlutarnir greru ekki saman aftur," útskýrir Hlíðar sem getur látið laga tunguna aftur ef vill.

„Tungan grær fljótt og voru saumarnir fjarlægðir á fjórða degi. Mér fannst skurðurinn alls ekki sár og aðgerðin tók fljótt af, eða um fimmtán mínútur. Ég var hins vegar smá tíma að venjast þessu og bara það að borða reyndist vandasamt því maturinn fór á milli tunguhlutanna og tungan ýttist til hliðar, en þá var maður gjarn á að bíta í hana," segir Hlíðar, sem þykir bæði svalt og gaman að vera með klofna tungu.

„En ég mæli ekki með þessu fyrir hvern sem er. Fólk þarf að búa sig undir að þetta sé verra og leiðinlegra en það heldur. Þetta er áreynsla á líkamann en skaðlaust og öðruvísi, án þess að vera ógeðslegt," segir Hlíðar og vindur upp á tunguna, annan hlutann upp í loft og hinn niður.

„Ég hef fremur stutta tungu og get því ekki gert eins miklar kúnstir með tungunni og þeir sem hafa lengri tungu en vegna þess að tungan samanstendur af tveimur vöðvum er hægt að hreyfa hana í sitt hvora áttina og upp og niður í sömu andrá, rétt eins og tvær hendur."

## Með geirvörtur í formalíni

Hlíðar er fæddur og uppalinn á Egilsstöðum en flutti tíu ára suður á mölina. Hann segist hafa verið rólegt barn og ekki sýnt húðflúri né götun áhuga fyrr en á unglingsaldri.

„Átján ára tók ég til óspilltra málanna og fékk mér „tunnel" í eyrun og alltaf fleiri og fleiri, og það sama átti við um húðflúrin. Um leið og það fyrsta var komið vildi ég meira og nú er takmarkið að skreyta allan líkamann. Ég er þegar flúraður á öllum vinstri fæti sem er svartur með negatífum myndum þar sem húðliturinn skín í gegn. Ég vil vera þakinn flúrum en gera það rólega og almennilega, og hef afgerandi hugmyndir, enda gaman að gera eitthvað nýtt," segir Hlíðar sem er með stór tunnel í eyrnasneplum og minni tunnel í eyrnabrjóski.

„Ég var líka með tunnel í nafla en fékk á mig heita súpu sem brenndi húðina af því og eftir stendur ör. Tvö göt voru sömuleiðis í geirvörtunum og ég lét skera af mér geirvörturnar og er í staðinn með pínulítil ör á bringunni," segir Hlíðar sem fór í fjögurra tíma aðgerð til að fjarlægja geirvörturnar og kirtla á bringunni til að fá ekki sýkingar.

„Mér þóttu geirvörturnar ljótar og skelfilega óþægilegt ef til dæmis skyrta nuddaðist við þær eða önnur snerting. Fólki bregður rosalega að sjá mig geirvörtulausan en ekki síst ef það kemur heim og sér geirvörturnar sem ég geymi í formalíni uppi í skáp. Það spyr þá gjarnan hvort þetta séu hnetur í vökva en þegar ég svara að þetta séu geirvörturnar mínar fer önot um það. Ég vildi þó eiga þær í stað þess að þær færu í ruslið, enda eru þær hluti af mér þótt þær séu alveg ónýtar."

Hlíðar er líka með sílikonkúlur í viðbeini til að ýkja upp útlit þess, fimm kúlur sitt hvorum megin frá öxlum. „Mörgum bregður í brún við að sjá kúlurnar, sem og stór ör á bringunni eftir að ég lét húðfletta mig með skurðhníf til að fá fram stórar symmetrískar línur eins og á enninu," segir Hlíðar og vísar til ljósra rispna á enni og gagnaugum.

„Upphaflega lét ég brennimerkja mynd á kjálkana en sárin greru svo vel að myndin hvarf. Því lét ég flúra rispur með hvítum lit í andlit mitt. Þær eru straumlínulagaðar og falla vel með formi andlitsins. Ég er þó iðulega inntur eftir því hvort ég hafi fengið hrífu í andlitið eða hvort vél hafi spænt upp húðina," segir Hlíðar og hlær. „Annars skiptist fólk í þrjár týpur; þessa sem fylgist með og þorir ekki að spyrja, þessa sem æðir í mann og spyr, og svo þá sem spyr hvað hafi eiginlega komið fyrir mig."


Hlíðar segir sóun að skarta ekki fallegum lokkum í andlitsgötunum. MYND/STEFÁN


Tungan samanstendur af tveimur vöðvum sem hægt er að snúa í sitt hvora áttina, eins og sjá má hér.

## Foreldrarnir fyrst í áfalli

Fallegir, litríkir lokkar vekja athygli í götum í andliti Hlíðars.

„Ég hef alltaf viljað hafa almennilegt og fallegt skart í götunum; ýmist úr handgerðu gleri eða títaníum. Mér finnst of mikil sóun að vera með járn í líkamanum og skarta þá bara járnkúlum. Þetta þarf að vera fagurt," segir Hlíðar sem er rétt að byrja að skreyta líkama sinn.

„Í febrúar verður haldið áfram að flúra frá fæti upp á maga og síðu. Það verður svört, symmetrísk geómetría og flotterí sem mér þykir töff. Ég er opinn fyrir tækifærum til að gera meira sem skreytir skrokkinn, en á sama tíma ana ég ekki út í neitt, kynni mér hlutina vel og fólkið sem gerir þetta, því ódýrt er ekki gott í þessu samhengi, né að vera snöggur að hlutunum."

Hlíðar viðurkennir að foreldrum hans hafi brugðið þegar hann kom heim með klofna tungu.

„Mömmu brá ótrúlega en pabbi var þó lengur að venjast götunum í andlitinu á mér. Þau voru í sirka mánuð í áfalli en höfðu skrifað þetta áhugamál mitt á unglingsárin og að ég myndi svo hætta þessu. Þegar ég hætti ekki hafa þau vanist þessu og nú þykir pabba bara kúl þótt bætist við."

Ástalífið hafi líka orðið skemmtilegra. „Fyrst eftir að ég var kominn með klofna tungu voru stelpurnar mjög hrifnar af því að prófa, sem er auðvitað bara gaman. Forvitnin var vakin og upplifunin önnur og öðruvísi."




## Jólahappdrætti Tískuhús Zik Zak!

Taktu þátt í stórglæsilegu jólahappdætti í verslunum Zik Zak og þú gætir átt möguleika á að vinna **100 þúsund króna gjafabréf frá Zik Zak**, **gjafabréf frá Fosshóteli** og aðra glæsilega vinninga frá **Húsasmiðjunni, Veru Design og Laugum spa**

Sjáumst í Zik Zak **í Reykjavík og á Akureyri**

ZIK ZAK
TÍSKUHÚS







# Hressileg munstur hjá Kocher



## Franski hönnuðurinn Christelle Kocher sýndi nýjustu línu sína innan um bókahillur Strand-bókabúðarinnar í New York. Lífleg munstrin vöktu athygli.

Haustlína Koché var sýnd á vikunni í Strand bókabúðinni í New York. Christelle Kocher, hönnuður merkisins, er frönsk en stefnir á markaðssetningu í Ameríku. Hún segist einnig vera bókaormur og því þótti staðsetningin við hæfi. Christelle velur reyndar gjarnan slíka staði undir sýningar sínar og komst að því að Strand-bókabúðin hafði aldrei verið vettvangur tískusýningar.

Það þykir einnig viðeigandi að Kocher sýni fatnaðinn á almenningsstöðum þar sem hönnun hennar þykir hressilegur snúningur á götutísku. Á bókasafninu sýndi hún úlpur í yfirstærð, kjóla og jakkaföt. Munstrin þykja hæfa New York, stór, litrík og hressileg.






JÓLAGJAFIR ÚTIVISTARFÓLKSINS
Full búð af spennandi vörum fyrir útivistarfólk á öllum aldri
Fjallaþrennan
Öxi með fetli 11.990 kr.
Mannbroddar. 17.990 kr.
Göngubelti 5.990 kr.
Vatns- og vindheldir hanskar 5.990 kr.
Lumex Pro 185L höfuðljós
Fjölmargar stillingar
Baklýsing
16 kst rafhl.ending
Vatnsþéttivörn
11.490 kr.
Snjóþrúgur
Léttar, nettar og sterkar með traustum bindingum
verð frá 18.990 kr.
Göngustafir
Góðir stillanlegir stafir
Verð frá 5.990 kr.
Legghlífar
Verð frá 6.990 kr.
AKU
AKU gönguskórnir eru fáanlegir í mismunandi gerðum og stífleika sem henta í lengri sem styttri ferðir. Frábærir skór!
Superalp GTX 32.900 kr.
VERIGA
Keðjubroddar, ýmsar tegundir
Veriga Mount Track
5.900 kr.
icebreaker
Icebreaker Merino ullarfatnaður.
Margir litir og snið.
Ein vinsælasta Merino ull á Íslandi, **núna fáanleg í barna- og unglingastærðum.**
patagonia
Mikið úrval af frábærum Patagonia vörum fyrir dömur og herra.
Tech Lite 7.990 kr.
Everyday Leggings 9.990 kr.
Oasis Crewe 5.990 kr.
Oasis Leggings 5.990 kr.
Everyday l/s half zip 11.990 kr.
Mikið úrval!
Stingur ekki - dregur ekki í sig lykt
Down Sweater Hoody 29.900 kr.
Better Sweater flíspeysa 14.900 kr.
Nano Puff Jacket 27.990 kr.
Patagonia húfa 4.990 kr.
Hágæða bakpokar frá Osprey • Eitt mesta úrval landsins
Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar
Krakkabakpokar • Skíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur • Dufflar
KEEN
KEEN Sandalar og gönguskór
Sandalar með lokaðri tá, dömu- og herrasnið
15.990 kr.
OSPREY
Við stillum alla bakpoka þannig að þeir passi fullkomlega.
Á stærri pokunum sérmótum við mjaðabeltin.
GG-sport
BÓNUS
BYKO
„Finndu okkur á Facebook"
SHERPAX
Merino ullarsokkar
2 fyrir 1
...af SherpaX sokkum, háir og lágir.
3.900 kr.
og þú færð 2 pör!
Ferrino hitabrúsar
Halda heitu mun lengur en hefð-bundnir brúsar
óbrjótanlegt innra hylki
verð frá 5.490 kr
GG·sport
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is

# Skórnir alltaf aðalatriðið

Arnór Hermannsson býr svo vel að eiga tvo fagmenn úr tískunni í fjölskyldunni sem báðir hafa haft mikil áhrif á klæðaburð hans.



Starri Freyr Jónsson
starri@365.is


Hinn 19 ára gamli Arnór Hermannsson ólst upp í vesturbæ Reykjavíkur og hefur spilað körfubolta með KR síðan hann man eftir sér. Utan körfuboltans eru tíska, tónlist og aðrar íþróttir helstu áhugamál Arnórs sem útskrifast frá Verzlunarskóla Íslands næsta vor.

Hann lýsir fatastíl sínum sem mjög léttum og þægilegum. „Á venjulegum degi er ég mikið að vinna með gallabuxur og þægilega peysu eða jakka. Ég á endalaust mikið af jökkum sem eru allir mjög ólíkir. Mér finnst líka mjög gaman að klæða mig upp á og henda mér í skyrtu og blazerjakka. Samt líður mér alltaf best í töff joggingbuxum og bol. Skórnir eru aftur á móti alltaf aðalatriðið hjá mér.“

Markmið vetrarins hjá Arnóri er að vinna fimmta Íslandsmeistaratitilinn í röð með KR, halda áfram að bæta leik sinn og sýna hvað í honum býr. „Næsta sumar tekur síðan við skemmtilegt og krefjandi verkefni með U20 ára landsliðinu sem maður fer auðvitað í af fullum krafti.“

Lengri tíma markmið snúa að því að taka körfuboltann eins langt og hann getur. „Ég vonast til þess að geta farið til Bandaríkjanna á skólastyrk til að spila körfubolta. Annars er framtíðin svolítið óljós og ég hef voða lítið pælt í henni. Aðalatriðið er bara að vera jákvæður og njóta.“



Hér klæðist Arnór Nike vesti, brúnni hettupeysu úr Zöru, rifnum gallabuxum úr Urban Outfitters og brúnum Nike skóm úr Húrra Reykjavík. MYNDIR/ANTON BRINK

*Áttu þér tískufyrirmynd?* Ég mundi segja að pabbi og bróðir minn hafi haft mestu áhrifin á klæðaburð minn. Við höfum allir mög svipaðan stíl og fyrir utan körfuboltann er tíska örugglega vinsælasta umræðuefnið á heimilinu. Það er auðvelt að líta vel út þegar maður er með tvo fagmenn í faginu í fjölskyldunni.

*Hvernig hefur tískuáhuginn þróast?* Það má segja að tískuáhuginn sé í blóðinu. Pabbi minn hefur bæði verið verslunarstjóri hjá Sævari Karli og í Boss búðinni í Kringlunni. Tískuáhuginn hefur aukist eftir því sem ég verð eldri og sé meira um mig sjálfur. Íþróttafötin voru fyrirferðarmeiri þegar ég var yngri en núna er skemmtilegra að klæða sig upp á.

*Hvernig fylgist þú með tískunni?* Aðallega í gegnum Instagram en þar fylgi ég mörgum fatasíðum og einstaklingum með nettan stíl. Svo nota ég einnig öpp í símanum eins og ASOS og Urban Outfitters.

*Hvar kaupir þú helst fötin þín?* Hérna heima kaupi ég þau aðallega í Húrra Reykjavík. Auk þess á ég nokkra flíkur frá 66°Norður. Flestöll fötin mín hef ég þó keypt í útlöndum í búðum eins og Urban Outfitters, Topman og Zöru.

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?* Ég held mikið upp á Húrra Reykjavík og hef keypt nokkrar flíkur þar, þó aðallega nokkur skópör. Einnig held ég mikið upp á 66°Norður. Erlendis finnst mér Urban Outfitters og Topman standa upp úr, þær eru báðar alveg hrikalega flottar.

*Áttu þér uppáhaldsflík?* Ég á enga eina uppáhaldsflík en er mikill áhugamaður um skó. Uppáhaldsskórnir mínir eru Air Jordan 1 North Carolina sem ég nota mikið hversdagslega.

*Bestu og verstu fatakaup?* Bestu kaupin eru örugglega Libertine-Libertine buxurnar mínar sem ég keypti í Húrra Reykjavík. Ég nota þær bæði hversdagslega og við fínni tilefni. Verstu kaupin eru hins vegar Jordan skór sem ég pantaði mér á Ali Express á netinu þegar sú síða var nýbyrjuð. Skórnir komu síðan tveimur númerum minni en ég pantaði þá.

*Notar þú einhverja fylgihluti?* Mér finnst mjög gaman að kaupa flott úr og armbönd en læt hringa og hálsmen alveg í friði.



Skyrtan og hvíti bolurinn eru úr Galleri 17, svörtu Libertine-Libertine buxurnar úr Húrra Reykjavík og Adidas skórnir úr Footlocker.







# Kósíkvöld í FLASH

# 25% afsl. af öllum vörum

Aðeins í dag



Kjóll st. 38-42
verð nú 13.490 kr.



Kjóll st. 40-44
verð nú 13.490 kr.



Kjóll st. 40-46
verð nú 11.990 kr.



Kjóll st. 38-46
verð nú 13.490 kr.



Kjólar st. S-XL
verð nú 7.490 kr.



Túnika ein stærð
verð nú 5.990 kr.

Pleðurbuxur
verð nú 7.490 kr.



Pels ein stærð passar á 40-48
verð nú 14.990 kr.

Opið í dag
frá kl. 11- 22

Fleiri myndir á Facebook

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**



Pels st. S-L
verð nú 12.740 kr.

## Bílar & Farartæki

Bílalíf



**FRÁBÆRT VERÐ !**
VOLVO V60 D6 AWD PLUG-IN HYBRID R-DESIGN. Árgerð 2017,ek. aðeins 15.þ km,disel og rafmagn sjálfskiptur,4x4.Verð 4.990.000. Rnr.247391. Á staðnum - S:5621717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið 10-18 virka daga
www.bilalif.is

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !
Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is
Múrum og smíðum ehf

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Önnur þjónusta



Borgarafl ehf - Kranaleiga
Gott verð
Sími 660 1701 eða 660 1704

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsimi: 867 6677




JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.




Þjóðlagagitarpakki. Kr. 23.900,- Gitar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið alla daga til jóla. Gitarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is

BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!.. eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

BÚÐU TIL ÞITT MYNDA-ALBÚM



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!.. eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Vissir þú að...
Barnaheill Save the Children á Íslandi
Foreldrar bera meginábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

**Málverk óskast**
Óska eftir mynd eftir Eggert Pétursson og Alfreð Flóka.
Upplýsingar í síma 770-3111 eða á primovin@gmail.com

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

Vantar verkstjóra í stórt uppsteypu verkefni. Uppl. í s. 844 5169 Örn og á oulfarsson@gmail.com

Heimilisþrif leitar að duglegum einstakling í kvöldvinnu. Umsækjandi þarf að hafa bílpróf og hreint sakarvottorð. Umsóknir skulu berast á heimilisthrif@heimilisthrif.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Útboð

# Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

## Ræstingaþjónustu

Óskað er eftir tilboðum í ræstingaþjónustu á fasteignum í eigu kaupanda við Hellisheiðarvirkjun.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu

Nánar lýst í útboðsgögnum „ONRS-2017-19 Ræstingaþjónusta"

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vefsíðu OR https://www.or.is/utbod

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, miðvikudaginn 17.01.2018 kl. 11:00.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á utbod@on.is

# Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

## Skýli fyrir hleðslustöðvar

Óskað er eftir tilboðum í skýli fyrir hleðslustöðvar sem kaupandi hyggst láta setja upp víðsvegar um landið.

Nánar lýst í útboðsgögnum „ONIK-2017-20 Skýli fyrir hleðslustöðvar"

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vefsíðu OR https://www.or.is/utbod

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, fimmtudaginn 11.01.2018 kl. 10:30.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á utbod@on.is

## Tilkynningar

**SNÆFELLSBÆR**
*Þar sem jökulinn ber við loft...*

# Auglýsing á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031

Snæfellsbær auglýsir samkvæmt 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að aðalskipulagi Snæfellbæjar 2015-2031 ásamt umhverfisskýrslu.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4 og hjá Skipulagsstofnun frá og með 14. desember 2017 til 8. febrúar 2018. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Snæfellsbæjar, http://taeknideild-snb.is/

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 8. febrúar 2018. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ eða á netfangið byggingarfulltrui@snb.is

Tillagan er sett fram í greinargerð og á uppdráttum og er auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunnar og yfirliti hvernig brugðist var við athugasemdum.



## FH

A+

**Komnir**
**Geoffrey Castillion** frá Víkingi
**Guðmundur Kristjánsson** frá Start
**Hjörtur Logi Valgarðsson** frá Örebro
**Kristinn Steindórsson** frá Sundsvall

**Farnir**
Emil Pálsson til Sandefjord
Kassim Doumbia, Matija Dvornekovic

*Hafnarfjarðarliðið spilar beinskeyttari sóknarleik á markaðnum en inni á vellinum síðasta sumar. Þriðja sætið virðist hafa farið illa í menn í Krikanum og Ólafur Kristjánsson fær allt til alls til að endurheimta Íslandsmeistaratitilinn. Og rúmlega það!*

## Valur

A

**Komnir**
**Kristinn Freyr Sigurðsson** frá GIF Sundsvall
**Ívar Örn Jónsson** frá Víkingi R.
**Ólafur Karl Finsen** frá Stjörnunni

**Farnir**
Nicolas Bogild

*Íslandsmeistararnir endurheimtu besta leikmann Íslandsmótsins 2016 og bættu við góðum leikmanni í sóknina sem er væntanlega ölmur í að kalla fram Íslandsmeistaraformið sitt. Fengu svo öflugan liðsstyrk til að auka breiddina á vinstri vængnum.*

4

**lið í Pepsi-deildinni mæta með nýjan þjálfara næsta sumar en það eru FH, KR, Breiðablik og Fjölnir.**

## KR

B+

**Komnir**
**Björgvin Stefánsson** frá Haukum
**Kristinn Jónsson** frá Breiðabliki
**Pablo Punyed** frá ÍBV

**Farnir**
Michael Præst
Robert Sandnes
Stefán Logi Magnússon

*Rúnar Kristinsson þarf að sýna að hann geti gert Inkasso-framherja að spilara í efstu deild og virkja Salvadorann til að lífga aðeins upp á annars líflaust miðjuspil liðsins. Það er mikill liðsstyrkur í Kristni Jónssyni og er lítið farið sem skiptir máli.*

## Breiðablik

B

**Komnir**
**Jonathan Hendrickx** frá Leixoes

**Farnir**
Dino Dolmagic
Ernir Bjarnason í Leikni R.
Kristinn Jónsson í KR
Sólon Breki Leifsson í Vestra

*Bakvarðaskiptin eru góð en verst að þeir nota ekki sama fót til að sparka í boltann. Blikarnir hafa aðeins fengið einn en það er gæðaleikmaður sem FH saknaði mikið eftir að hann fór. Munu ekki sakna Kristins eins og hann spilaði í ár.*



**Sóknarmaðurinn Geoffrey Castillion fer frá Víkingi til FH.**



**Varnarmaðurinn Sölvi Geir Ottesen er kominn til Víkings frá Kína.**



**Kristinn Freyr Sigurðsson er kominn aftur í Val eftir eins árs fjarveru.**



**FH-ingar hafa verið stórtækir og hér bjóða þeir Kristin Steindórsson velkominn í Krikann.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stóru borða alltaf fyrst

## Fréttablaðið skoðar í dag frammistöðu liðanna í Pepsi-deildinni á félagsskiptamarkaðnum. Líkt og áður eru það risarnir í deildinni sem sitja við kjötkatlana.

**FÓTBOLTI** Pepsi-deildin byrjar ekki fyrr en eftir rúma fjóra mánuði en leikmannamál félaganna eru farin að skýrast.

Það kostar sitt að ná til sín feitustu bitunum og það þarf því ekki að koma á óvart að risarnir í deildinni hafi verið í aðalhlutverki það sem af er. Stóru strákarnir borða fyrst en svo keppa hinir um molana.

Risinn meðal risanna hefur aðsetur í Kaplakriknum. FH-ingar hafa farið mikinn á markaðnum og það er augljóst að slakasti árangur félagsins í fimmtán ár hefur hreyft við mönnum og kallað á alvöru liðsstyrk. Ólafur Kristjánsson er tekinn við af Heimi Guðjónssyni og hann fær fullhlaðið vopnabúr í endurkomu sinni í Krikann.

Fréttablaðið hefur tekið saman hvaða leikmenn eru komnir og farnir hjá liðunum og í framhaldinu höfum við gefið hverju liði einkunn fyrir framgöngu þeirra.

FH-ingar fá hæstu einkunn en næstir þeim koma Íslandsmeistarar Vals sem ætla ekki að sofna á verðinum þó að titillinn sé í húsi.

KR-ingar fá einnig styrkt sig en líkt og Blikar þá búa þeir að því að hjá félaginu eru að koma upp sterkir árgangar ungra leikmanna.

Víkingur fékk einn feitasta bitann í Sölva Geir Ottesen en missti líka öfluga menn til FH og Vals.

Menn horfa hins vegar spurnaraugum til bæði Garðabæjar og Akureyrar en Stjarnan og KA hafa verið mjög öflug á markaðnum síðustu ár. Bæði lið áttu frábæra spretti síðasta sumar og vantar kannski ekki mikið upp á til að komast enn ofar. Það hefur hins vegar ekki verið mikið að frétta þaðan sem hlýtur að breytast á næstu vikum sem um leið myndi þýða hærri einkunn.

Nýliðar Fylkis og Keflavíkur hafa verið mjög rólegir og það er óvissuástand í bæði Eyjum og Grindavík sem hafa misst feita bita. Þar ættu menn að hafa áhyggjur ef ekki bætist í hópinn. **sport@frettabladid.is**

## Víkingur R.

B

**Komnir**
**Sölvi Geir Ottesen** frá Guangzhou R&F

**Farnir**
Geoffrey Castillion í FH
Ívar Örn Jónsson í Val
Viktor Bjarki Arnarsson í HK

*Á sama tíma og Víkingar brosa sínu breiðasta yfir að hafa endurheimt einn sinn dáðasta son og leikmann sem ætti með réttu að vera einn sá besti í deildinni má ekki gleyma hvað er farið. Magnaður framherji og fastamaður í vörninni. Það þarf meira til.*

## Stjarnan

B-

**Komnir**
**Guðjón Orri Sigurjónsson** frá Selfossi
**Þorsteinn Már Ragnarsson** frá Víkingi Ó.

**Farnir**
Ágúst Leó Björnsson í ÍBV
Ólafur Karl Finsen í Val

*Ekki mikið að gerast í Garðabæ miðað við fyrri ár. Þorsteinn Már hentar ágætlega í rokk og ról-fótbolta Stjörnunnar en verður væntanlega mikið á bekknum. Guðjón Orri er illa meiddur. Létu Ólaf Karl fara þegar kannski var að kvikna á honum.*

## Fjölnir

C+

**Komnir**
**Almarr Ormarsson** frá KA
**Sigurpáll Melberg Pálsson** frá Fram

**Farnir**
Fredrik Michaelsen
Ivica Dzolan, Linus Olsson og Mees Siers

*Útlendingahreinsunin er hafin eins og Ólafur Páll talaði um. Hann veit að hann þarf að endurheimta hjartað í liðinu og fékk því mikinn baráttujaxl frá KA sem spilaði vel í sumar. Nú er lykilatriðið að halda ungu strákunum sem eru sumir hverjir þeir mest spennandi í deildinni.*

## ÍBV

C-

**Komnir**
**Alfreð Már Hjaltalín** frá Víkingi Ó.
**Ágúst Leó Björnsson** frá Stjörnunni
**Dagur Austmann Hilmarsson** frá Stjörnunni

**Farnir**
Alvaro Montejo Calleja í Þór
David Atkinson til Englands
Hafsteinn Briem
Jónas Þór Næs
Mikkel Maigaard Jakobsen
Pablo Punyed í KR

*Þarf ekki að láta Kristján Guðmundsson vita að ÍBV hélt sæti sínu í deildinni og að það er Evrópa næsta sumar? Tveir ungir menn sem voru lánaðir í 2. deild síðasta sumar og Ólafsvíkingurinn sem sefur alltaf í Pepsi-deildinni. Fjórir byrjunarliðsmenn sem voru hluti af kjarna liðsins einnig farnir.*

## Grindavík

C-

**Komnir**
**Jóhann Helgi Hannesson** frá Þór
**Orri Freyr Hjaltalín** frá Þór

**Farnir**
Andri Rúnar Bjarnason í Helsingborg

*Einn mesti missir liðs í vetur og undanfarin ár í Pepsi-deildinni. Óli Stefán getur sannað að hann lærði fótboltafræðin í Hogwarts geri hann Jóhann Helga að öðrum eins markaskorara. Öfugur ferill Orra Freys gæti orðið skemmtileg saga en lítið meira en það.*

## Fylkir

D

**Komnir**
**Stefán Ari Björnsson** frá Gróttu
**Ragnar Bragi Sveinsson** frá Víkingi

**Farnir**

*Árbæingar virðast enn sem komið er veðja á strákana sína sem féllu en komust beint upp aftur. Fylkir hefur oft verið lúmskt öflugt á markaðnum en lítið gerist núna. Er nánast sama lið og féll fyrir ári nógu gott fyrir Pepsi 2018?*

## KA

D

**Komnir**
**Sæþór Olgeirsson** frá Völsungi

**Farnir**
Almarr Ormarsson í Fjölni
Bjarki Þór Viðarsson í Þór
Davíð Rúnar Bjarnason í Magna

*Það er ekki alltaf sem lið gerir betur, og þá töluvert betur, í leikmannalugga fyrir Inkasso-tímabil en í Pepsi. Flestir bjuggust við meiru af Akureyringum núna en þeir hafa verið ansi rólegir. Horfðu vitaskuld til Húsavíkur og horfa enn.*

## Keflavík

F

**Komnir**

**Farnir**
Jónas Guðni Sævarsson hættur
Guðjóni Árni Antoníusson hættur
Jóhann Birnir Guðmundsson hættur

*Guðlaugur Baldursson er með spennandi lið í höndunum; blöndu af ungum heimamönnum, nokkrum eldri og öflugum erlendum leikmönnum. Það dugði vel í Inkasso-deildinni en efsta deild er allt annað skrímsli. Heil kynslóð, hokin af reynslu, horfin á einu bretti. Nú þurfa menn að vakna.*

# FULLKOMINN SVARTUR, FULLKOMNIR LITIR, FULLKOMINN HLJÓMUR.

**AÐEINS 25 STK. Í BOÐI**




LG
Life's Good

## UPPLIFÐU OLED LG OLED 65C7

65" OLED snjallsjónvarp með meira en milljarð litatóna og Ultra HD 4K upplausn. Framúrskarandi myndgæði með OLED tækni þar sem svartur er dekkri og litir skarpari. Stílhrein og afar þunn hönnun sem fellur vel að vegg og lítur vel út á standi. Netflix og opinn webOS 3.5 netvafri ásamt þráðlausri hljóðtengingu í gegnum Bluetooth. Bestu mögulegu myndgæðin á markaðnum í dag eru LG OLED.

**ÁSAMT**

Gæða SJ8S Soundbar með Music Flow Multi-Room tækni þar sem hægt er að streyma tónlist í gegnum veitur eins og Spotify ásamt Bluetooth.

OLED | Ultra HD 4K | FULLKOMIN BLANDA

**TILBOÐ 449.990 KR.**

~~VERÐ 564.990 KR.~~

**BETRA BORGAR SIG**

Virka daga 10 -19 | Laugardag 10 – 20 | Sunnudag 11 - 20

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



Leikmenn Östersund fögnuðu ákaft eftir að þeir tryggðu sér sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar. Nokkrum mánuðum síðar tryggðu þeir sér sæti í 32-liða úrslitum keppninnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Töframaðurinn Potter af Östersund

Undir stjórn Englendingsins Grahams Potter hefur Östersund náð eftirtektarverðum árangri á undanförnum árum. Liðið varð bikarmeistari í vor og er komið í 32-liða úrslit Evrópudeildarinnar þar sem það mætir enska stórliðinu Arsenal í febrúar næstkomandi.

**FÓTBOLTI** Leikmenn Arsenal verða eflaust ekkert alltof spenntir þegar þeir ganga inn á Jämkraft Arena, lítinn gervigrasvöll í Svíþjóð sem tekur tæplega 8.500 manns í sæti, 15. febrúar næstkomandi. Og það verður væntanlega skítkalt enda er Östersund stundum kölluð „Vetrarborgin“. Þetta verður hins vegar stærsta stundin í sögu mótherjans, Östersund.

Uppgangur þessa sænska félags á undanförnum árum hefur verið lygilegur. Til að setja þetta í eitthvert samhengi var Östersund stofnað 31. október árið 1996, 30 dögum eftir að Arsene Wenger tók við Arsenal. Samt liggja leiðir þessara tveggja liða saman í 32-liða úrslitum Evrópudeildarinnar.

Fyrir 21 ári sameinuðust þrjú félög undir merkjum Östersund; Ope IF, IFK Östersund og Östersund/Torvalla FF. Næstu ár bættust tvö önnur félög við; Frösö IF og Fältjägarnas IF.

## Frá botninum og upp á topp

Til að byrja með var Östersund ekki áberandi á landakorti sænska boltans. Liðið var í C-deild fyrstu 14 árin en féll niður í D-deild 2010. Þá tók stjórnarformaður Östersund, fyrrverandi hermaðurinn Daniel Kindberg, góða ákvörðun og réð 35 ára gamlan Englending að nafni Graham Potter. Sá hafði verið hálfgerður farandverkamaður sem leikmaður, lék með 11 liðum á 15 ára ferli, og fetaði menntaveginn að honum loknum. Hann náði sér í háskólagráðu og þjálfaði svo háskólalið.

Potter virðist, eins og Englendingur með sama eftirnafn, vera göldróttur. Frá því hann tók við Östersund er hann búinn að koma liðinu upp um þrjár deildir, vinna sænska bikarmeistaratitilinn og koma því í 32-liða úrslit Evrópudeildarinnar. Í 2. umferð forkeppninnar sló Östersund tyrkneska stórliðið Galatasary út og lenti svo í 2. sæti síns riðils í riðlakeppninni. Í þeim riðli voru einnig Athletic Bilbao, Hertha Berlin og Zorya Luhansk. Östersund tapaði aðeins einum leik, fyrir Athletic á útivelli.

Sá Íslendingur sem þekkir Östersund ævintýri þess betur en nokkur annar er markvörðurinn Haraldur Björnsson. Hann lék með liðinu á árunum 2014-16 og hjálpaði því að komast upp í sænsku úrvalsdeildina.



Graham Potter er eini enski þjálfarinn sem er eftir í Meistaradeild Evrópu og Evrópudeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Sá þetta ekki fyrir

„Ég held að ég hefði ekki getað séð þetta fyrir þegar ég skrifaði undir hjá þeim fyrir þremur árum,“ sagði Haraldur í samtali við íþróttadeild. „Þessi bær var bara þekktur fyrir skíðagöngu og á veturna fer hitinn niður í svona 30 gráður.“

Leikmannahópur Östersund inniheldur ekki þekktustu leikmennina og þeir fá ekki hæstu launin. Rúmlega helmingur þeirra er Svíar en þar er einnig að finna leikmenn frá Englandi, Íran, Gana, Írak, Nígeríu, Kómoreyjum og Palestínu. Samkvæmt félagaskiptasíðunni Transfermarkt er allur leikmannahópur Östersund metinn á tæpar 11 milljónir punda. Til samanburðar er allur leikmannahópur Arsenal metinn á rétt rúmar 457 milljónir punda.

„Það er ótrúlegt hvað þjálfarinn er búinn að gera við þennan mannskap. Þetta er sami hópur og þegar ég var þarna. Ég held að það sé einn úr byrjunarliðinu sem er nýr frá þessu ári,“ sagði Haraldur.

## Besti þjálfarinn

Markvörðurinn ber Potter vel söguna og segir hann besta þjálfara sem hann hefur haft.

„Hann var búinn að þjálfa eitthvert háskólalið á Englandi áður en hann kom til Östersund. Þetta hefur undið vel upp á sig. Hann er orðinn svo eftirsóttur og hafnaði félagi í ensku úrvalsdeildinni því honum fannst það ekki vera það rétta fyrir sig,“ sagði Haraldur. En hvað gerir Potter að svona góðum þjálfara?

„Þessi metnaður til að bæta sig. Hann er óþreytandi í að leikgreina liðið, æfingarnar, andstæðinginn og bæta sig frá degi til dags. Það voru aldrei nein útihlaup, aldrei neinar mælingar, heldur bara fótbolti og ekkert annað.“

Haraldur segir að Potter fari líka óhefðbundnar leiðir í að hrista leikmannahóp Östersund saman og hugsi út fyrir kassann frægа.

## Leiksýningar og tónleikar

„Þeir eru með menningarprógramm. Þegar ég var þarna vorum við með danssýningu. Síðustu 5-6 árin eru þeir búnir að setja upp listasýningu og vera með tónleika fyrir framan 1.500 manns. Þetta er svo sérstakt,“ sagði Haraldur en Östersund tekur samfélagshlutverk sitt alvarlega. Félagið hefur m.a. boðið hælisleitendum á leiki og að horfa á æfingar og verið með vakt til að hjálpa konum að komast heilu og höldnu heim til sín á kvöldin.

ingvithor@365.is

**Það voru aldrei nein útihlaup, aldrei neinar mælingar, heldur bara fótbolti og ekkert annað.**

Haraldur Björnsson



## Uppgangur Östersunds:

**2011:** 1. sæti í D-deild norður
**2012:** 1. sæti í C-deild norður
**2013:** 10. sæti í B-deild
**2014:** 5. sæti í B-deild
**2015:** 2. sæti í B-deild
**2016:** 8. sæti í A-deild
**2017:** 5. sæti í A-deild, bikarmeistarar, í 32-liða úrslit Evrópudeildarinnar

markhönnun ehf

# nettó




**BJÓR & VÍN**
STEFÁN PÁLS. / HÖSKULDUR SÆMUNDSS.
STEINGRÍMUR SIGURGEIRSS.
**4.499 KR STK**




**HANDBÓK FYRIR OFURHETJUR**
ELIAS & AGNES VAHLUND
**2.309 KR STK**




**GATIÐ**
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**4.199 KR STK**




**GUNNAR BIRGISSON ÆVISAGA**
ORRI PÁLL ORMARSSON
**4.499 KR STK**




**SAKRAMENTIÐ**
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
**4.199 KR STK**




**MISTUR**
RAGNAR JÓNASSON
**4.199 KR STK**




**RÚNA - ÖRLAGASAGA**
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON
**4.199 KR STK**




**EKKI GLEYMA MÉR**
KRISTÍN JÓHANNSDÓTTIR
**4.199 KR STK**




**BIEBER OG BOTNRASSA**
HARALDUR F. GÍSLASON
**2.939 KR STK**




**HELGI**
ÞORVALDUR KRISTINSSON
**4.799 KR STK**

**Tilboðin gilda 14. - 17. desember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

## Merkisatburðir

**1910** Vísir til dagblaðs í Reykjavík hefur göngu sína. Vísir og Dagblaðið sameinuðust í DV 26. nóvember 1981.

**1911** Roald Amundsen kemst á suðurpólinn.

**1912** Stórbruni á Akureyri. Tólf hús brenna til ösku en enginn ferst.

**1935** Um mestallt Ísland geisar fárviðri, 25 farast, símalínur slitna niður og skemmdir verða á húsum.

**1939** Sovétríkin rekin úr Þjóðabandalaginu vegna innrásarinnar í Finnland en það stríð var síðar nefnt vetrarstríðið.

**1977** Ofviðri samfara stórflóði veldur tjóni víða á suðurströnd Íslands. Þetta eru talin mestu flóð á 20. öldinni.

# Laugardagsfárið frumsýnt

**John Travolta í hvítu jakkafötunum að dansa við tónlist Bee Gees. Varla er til það mannsbarn sem veit ekki hvaða mynd er verið að tala um en hún var frumsýnd á þessum degi 1977.**

Á þessum degi fyrir 40 árum var kvikmyndin Saturday Night Fever frumsýnd í Bandaríkjunum. Myndin sló strax í gegn og stjarna Johns Travolta skein mjög bjart í kjölfarið. Myndin varð feykilega vinsæl um allan heim og þó að Íslendingar þyrftu að bíða í rúmlega ár þangað til hún var loks sýnd hér tóku íslensk ungmenni henni og öllum danshreyfingunum sem henni fylgdu opnum örmum.

Þegar myndin var loks frumsýnd hér, 7. október árið 1978, varð algjör örtröð við Háskólabíó þar sem myndin var sýnd. Segir í Vikunni: „Mikil mannþröng myndaðist fyrir utan Háskólabíó og varð að takmarka aðgang að miðasölunni til þess að ekki hlytust slys af.“

Myndin var sýnd tvisvar á dag og sáu hana um 50-70 þúsund manns. Alls bjuggu 223 þúsund manns á Íslandi á þessum árum sem þýðir að um fjórðungur þjóðarinnar horfði á John Travolta leika hinn eitursvala Tony Manero. Með kvikmyndinni hófst innreið diskósins og dönsuðu Íslendingar og aðrir diskó undir skærum rómi bræðranna í Bee Gees.

Svo mikið var dansað að fréttakonan Edda Andrésdóttir og ljósmyndarinn Gunnar V. Andrésson fóru út til að fjalla um þetta æði sem ríkti á dansgólfinu fyrir helgarblað Vísis í október 1978. „Saturday Night Fever sem gerði diskómaníuna að hreinu brjálæði og tókst að gera strákana í Bee Gees að súperstjörnum. Það mun víst vera í annað – eða þriðja – skipti á þeirra ferli. Í Ameríku fóru allir strákar sem vildu vera töff, í hvít föt og svartar skyrtur. Og svo var tryllt og tætt á diskógólfunum.

Á Íslandi finnst stelpunum Jón Travolta voða sætur. En strákarnir eru ekki enn farnir að fara í hvít föt. Og kannski gera þeir það alls ekki. En að minnsta kosti eru sumir farnir að bregða fyrir sig alls kyns „smart“ hreyfingum í dansinum hérna heima,“ skrifaði Edda.






**John Travolta varð kyntákn á einni nóttu og hvítu jakkafötin slógu í gegn. Ekki skemmdu danshreyfingar kappans fyrir.** NORDICPHOTOS/GETTY

### Lögin í myndinni

Stayin' Alive
How Deep Is Your Love
Night Fever
More Than a Woman
If I Can't Have You
A Fifth of Beethoven
More Than a Woman
Manhattan Skyline
Calypso Breakdown
Night on Disco Mountain
Open Sesame
You Should Be Dancing
Boogie Shoes
Salsation
K-Jee
Disco Inferno

Einn af viðmælendum Eddu í greininni var Vilhjálmur Ástráðsson, diskótekari á Klúbbnum, sem talaði meðal annars um það þegar keppnin Sunnudagshitinn var haldin í Klúbbnum. Hann bendir á að hann sé enn að spila lögin sem ómuðu í myndinni. „Ég man eftir þegar þetta gekk yfir, þetta laugardagsfár.

Þetta var stórkostlegur tími því þetta var upphafið að allri þessari bylgju. Þetta voru mörg lög sem slógu í gegn í kjölfarið.

Ég er enn að spila þessi lög. Ég er alltaf að spila um helgar á jólahlaðborði í Grímsborgum og þar eru teknir nokkrir klukkutímar þar sem tónlistin frá Hollywood-árunum er spiluð. Uppistaðan er auðvitað Saturday Night Fever myndin,“ segir Vilhjálmur.

Myndin rakaði inn 237 milljónum dollara í kassann en aðeins kostaði 3,5 milljónir dollara að framleiða hana.

**benediktboas@365.is**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Elís Gunnar Þorsteinsson**
afi Elli,
f. 5. júlí 1929,
frá Hrappsstöðum,
Gullsmára 9, Kópavogi,
fyrrverandi vegaverkstjóri í Dalasýslu,

lést 3. desember.
Útför hans verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 15. desember kl. 15.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Emilía Lilja Aðalsteinsdóttir**
**Leifur Steinn**
**Bjarnheiður**
**Alvilda Þóra**
**Gilbert Hrappur**
**Guðrún Vala**

---



**Jón Hjaltason**
hæstaréttarlögmaður,
Vestmannaeyjum,

lést 7. desember 2017.
Minningarathöfn verður í Grensáskirkju 14. desember kl. 13.
Útför verður frá Bjarnaneskirkju í Hornafirði laugardaginn 16. desember kl. 14.
Blóm og kransar afþakkaðir.

**Steinunn Sigurðardóttir**
**Þorleifur Jónsson** **Halldóra Andrésdóttir**
**Ómar Arnarson**
**Guðbjörg Ósk Jónsdóttir** **Hermann Einarsson**
**Anna Lilja Jónsdóttir** **Brynjólfur Garðarsson**
**Þorbergur Hjalti Jónsson** **Helga Skúladóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Nanna Lára Pedersen**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 5. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 18. desember kl. 13.00.

**Reynir Olgeirsson** **Karlína Friðgeirsdóttir**
**Níels Sigurður Olgeirsson** **Ragnheiður Valdimarsdóttir**
**Sigrún Olgeirsdóttir** **Ásgeir Árnason**
**Bryndís Olgeirsdóttir** **Þorvaldur Hermannsson**
**Salvör Lára Olgeirsdóttir** **Þorsteinn Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Þorsteinn Ragnarsson**
Fornasandi 6, Hellu,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, 4. desember sl.
Útför fer fram frá Oddakirkju laugardaginn 16. desember kl. 14. Ástvinir afþakka blóm og kransa en þeim sem vilja minnast hans er bent á Oddakirkju.

**Sigríður Hannesdóttir**
**Halldóra Þorsteinsdóttir** **Gils Jóhannsson**
**Viðar Már Þorsteinsson** **Sigdís Hrund Oddsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Okkar ástkæri

**Valdimar Gunnarsson**
Fremri-Kotum, Skagafirði,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 24. nóvember sl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 15. desember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri eða Sjúkrahúsið á Akureyri.

**Brynja Björk Pálsdóttir**
**Arnar Logi Valdimarsson**
**Gunnar Ingi Valdimarsson** **Helga Lucia Bergsdóttir**
**sonardóttir og bræður hins látna.**

---



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

**Ólafur Friðfinnsson**

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 7. desember 2017.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 19. desember klukkan 13.00.

**Sigrún Gústafsdóttir**
**Sunneva Líf Ólafsdóttir** **Hafþór Jónsson**
**og barnabörn**
**Iðunn Steinsdóttir**
**Guðríður Friðfinnsdóttir** **Hermann Árnason**
**Stefán Friðfinnsson** **Ragnheiður Ebenezerdóttir**
**Sigrún Bára Friðfinnsdóttir**
**Elín Þóra Friðfinnsdóttir**

---



Ástkær faðir okkar, bróðir, vinur og afi,

**Kristmundur Sigurðsson**
málari,
Rauðavaði 5, Reykjavík,

lést á Dennicketorp, Svíþjóð, laugardaginn 2. desember. Kristmundur verður jarðsettur frá Grafarvogskirkju föstudaginn 15. desember og hefst útförin klukkan 13.

**Kristmundur Axel Kristmundsson**
**Sigurður Freyr Kristmundsson**
**Jónína Guðný Kristmundsdóttir**
**Anna Stefanía Kristmundsdóttir** **Hrefna Sigurðardóttir**
**Elísabet Kristjánsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Magnúsdóttir**
Mörkinni, áður Álfheimum 32,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 2. desember 2017. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Halla Guðmundsdóttir** **Svanur H. Guðmundsson**
**Magnús Guðmundsson** **Snjólaug Sigurbjörnsdóttir**
**Elísabet Ruth Guðmundsdóttir** **Gunnar Andersen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# GÆÐATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

**Danskur normannsþinur – stór og falleg jólatré**

Athugið eingöngu í Iceland Engihjalla og Hafnargötu í Keflavík.



EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN **20.000 KR** FYLGIR JÓLATRÉ AÐ EIGIN VALI MEÐ

**EITT VERÐ FYRIR ALLAR STÆRÐIR.**
Þú greiðir inni í versluninni og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.

DANSKUR NORMANNSÞINUR
150–240 CM
**3.990** Stk.

OPIÐ 24 TÍMA

Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG. BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró

Iceland

Gildir á meðan birgðir endast

Allir titlar fást í Skeifu, Smáralind, Kringlunni og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum




**DAGBÓK KIDDA KLAUFA**

verð nú **3.399** kr
verð áður 4.899 kr




**BIEBER OG BOTNRASSA**

verð nú **3.199** kr
verð áður 4.899 kr




**HENRÍ HITTIR Í MARK**

verð nú **3.399** kr
verð áður 4.899 kr




**GEIMVERUR**

verð nú **3.999** kr
verð áður 5.999 kr




**SAKRAMENTIÐ**

verð nú **4.499** kr
verð áður 6.999 kr




**KALDAKOL**

verð nú **4.899** kr
verð áður 6.999 kr




**NORRÆNAR GOÐSAGNIR**

verð nú **4.199** kr
verð áður 5.999 kr




**VARGÖLD Á VÍGASLÓÐ**

verð nú **4.999** kr
verð áður 6.999 kr




**ÞÚSUND KOSSAR**

verð nú **4.599** kr
verð áður 6.999 kr




**ELÍN - ÝMISLEGT**

verð nú **4.399** kr
verð áður 6.499 kr




**BJÓR & VÍN 2 Í PAKKA**

verð nú **3.499** kr
verð áður 4.999 kr




**ÚTKALL - REIÐARSLAG Í EYJUM**

verð nú **4.599** kr
verð áður 6.999 kr




**MAGNI**

verð nú **4.999** kr
verð áður 7.699 kr




**MINN TÍMI**

verð nú **4.999** kr
verð áður 7.499 kr




**ÆSKUBREK Á ATÓMÖLD**

verð nú **4.499** kr
verð áður 6.999 kr




**SAGA ÁSTU**

verð nú **4.599** kr
verð áður 6.999 kr

Gildir 14 - 17. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

– JÓLABÆKUR Í MIKLU ÚRVALI –

# Meira að lesa




**GATIÐ**

verð nú **4.499** kr
verð áður 6.999 kr




**PASSAMYNDIR**

verð nú **4.599** kr
verð áður 6.999 kr




**MYRKRIÐ VEIT**

verð nú **4.599** kr
verð áður 6.989 kr




**MISTUR**

verð nú **4.499** kr
verð áður 6.999 kr




**BLÓÐUG JÖRÐ**

verð nú **4.599** kr
verð áður 6.999 kr




**AFTUR OG AFTUR**

verð nú **4.699** kr
verð áður 6.999 kr

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðanátt og él um norðanvert landið í dag, en yfirleitt léttskýjað syðra. Frost 0 til 7 stig, kaldast inn til landsins.







### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | | | | 8 | | 5 | |
| | | | 5 | | | | | |
| | 9 | 1 | | 7 | 3 | | | |
| | | | | | | 5 | | |
| 8 | 4 | 3 | | | 5 | | | |
| 9 | 6 | | 7 | 2 | | | 1 | |
| 2 | | | | 9 | | | 3 | |
| | | 8 | 6 | | | 9 | | 2 |
| | 5 | | 4 | | | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. eygðir
6. tveir eins
8. mælieining
9. reiðihljóð
11. núna
12. raun
14. bragsmiður
16. strit
17. svörður
18. almætti
20. í röð
21. ögn

**LÓÐRÉTT**
1. ákaflega
3. í röð
4. fugl
5. hyggja
7. töf
10. ar
13. lærdómur
15. mannvíg
16. temja
19. tveir eins




**LÁRÉTT:** 2. sást, 6. ff, 8. bar, 9. urr, 11. nú, 12. reynd, 14. skáld, 16. at, 17. mór, 18. guð, 20. aá, 21. arða.
**LÓÐRÉTT:** 1. ofur, 3. áb, 4. sandlóa, 5. trú, 7. frestur, 10. ryk, 13. nám, 15. dráp, 16. aga, 19. ðð.

## Skák Gunnar Björnsson

Aljechin átti leik gegn N.N. í Vín 1933.

**Hvítur á leik**

**1. Dxg7+! Kxg7 2. Hg3+ Kh6 3. Bc1+ Kh5 4. Be2+ Kh4 5. Hh3# 1-0.** Friðriksmót Landsbankans – Íslandsmótið í hraðskák fer fram á laugardaginn. Flestir sterkustu skákmenn landsins taka þátt. **www.skak.is.** Nýjar skákfréttir alla daga.




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 4 | 1 | 8 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 3 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 3 | 4 | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 6 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 |
| 1 | 5 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 |
| 9 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 | 2 |
| 2 | 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 |
| 5 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 9 | 3 | 8 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# BESTA ÆVISAGA ÁRSINS!

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2017
bókaverslana

**HELGI** EFTIR **ÞORVALD KRISTINSSON**




*„Einhver mesta ævintýrasaga Íslendings á 20. og 21. öldinni … stórmerkileg saga.“*
Egill Helgason, Kiljunni



*„Stórkostleg saga … skrifuð af áreynsluleysi dansarans.“*
Þorgeir Tryggvason, Kiljunni



*„Virkilega gaman að fylgja Helga í þessari bók.“*
Sunna Dís Másdóttir, Kiljunni




# „HUGRÖKK, OPINSKÁ EINLÆG OG SÖNN!“

**EKKI GLEYMA MÉR** EFTIR **KRISTÍNU JÓHANNSDÓTTUR**

*„Gat ekki hætt fyrr en bókin var lesin til enda. Pólitík? Já! Mannkynssaga? Já! Ástarsaga? Já, heldur betur! Erótík? Já, í bland! Spennusaga? Já! Þökk sé Kristínu fyrir að vera svona hugrökk, opinská, einlæg og sönn.“*
Atli Rúnar Halldórsson

*„Æsispennandi, heillandi og heiðarleg ástarsaga.“*
Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona

*„Bókin er svo skemmtileg blanda af sögulegum fróðleik sem er svo mikilvægt að rifja upp og áhrifamikilli ástarsögu. Mig langar til að heimsækja alla þessa staði sem eru í bókinni.“*
Birna Einarsdóttir bankastjóri

„FRÁBÆR BÓK“
JÓN ÓSKAR
MYNDLISTARMAÐUR

BJARTUR













Bílaumferð í Bandaríkjunum.

# Minni bílasala í Bandaríkjunum í fyrsta sinn frá hruni

**Fer úr 17,6 milljónum bíla í fyrra í um 17,1 milljón í ár. Salan hefur aukist ár frá ári síðustu 9 ár en nú er lát á aukningunni.**

Í fyrsta sinn frá efnahagshruninu árið 2008 verður bílasala minni í ár í Bandaríkjunum en árið á undan, þó ekki muni miklu. Fyrstu 11 mánuði ársins hefur salan verið 1,5% minni en í fyrra, er salan náði metsölunni 17,6 milljón bílar. Salan hefur sem sagt aukist ár frá ári síðustu 9 ár en einsýnt var að þessi vöxtur myndi einhvern tíma taka enda og allt stefnir í að það verði ár, nema gríðarleg sala verði í desember. Ekkert bendir reyndar til þess. Það sem drifið hefur þessi síauknu sölu á undanförnum árum er lágt verð á eldsneyti í Bandaríkjunum, hagstæð bílalán, lágt verð á bílum og gríðarleg samkeppni á milli bílaframleiðenda.

Uppsöfnuð endurnýjunarþörf yfirstaðin

Að auki var uppsöfnuð þörf á kaupum á nýjum bílum eftir gríðarlega minnkandi sölu á árum efnahagskreppunnar og mikil endurnýjunarþörf. Eins og salan lítur út í dag stefnir í 17,1 milljón bíla sölu í Bandaríkjunum í ár, eða hálfri milljón færri seldra nýrra bíla en í fyrra. Spáin fyrir næsta ár kveður einnig á um minnkun í sölu, eða upp á 16,6 til 16,7 milljón bíla samkvæmt spám Autotrader.com og Kelly Blue Book. Það sem minnka mun söluna að þeirra mati er tilkoma mikils magns af nýlegum bílum sem renna út í leigu og verða boðnir til sölu lítillega notaðir. Búist er við því að sala næstu ára muni ná jafnvægi í um 15,5 til 16 milljón bíla sölu. Því er gósentíð bílaframleiðenda að einhverju leyti að renna sitt skeið nú vestanhafs og ár stöðugleika í sölu fram undan með minni sveiflum en á síðustu árum.

# Renault kynnir nýja bensínvél

Franski bílaframleiðandinn Renault kynnti þann 7. desember nýja 1,3 l bensínvél, Energy Tce með beinni innspýtingu og forþjöppu, sem þróuð var í samstarfi við Nissan og Daimler, móðurfyrirtæki Mercedes Benz. Eru fyrstu vélarnar nú þegar komnar í nýjustu Renault Scénic og Grand Scénic á meginlandi Evrópu. Vélin er snörp og togmikil og jafnframt eyðslugrennri og umhverfismildari en fyrri vélar. Kaupendur Scénic geta valið um þrjár útfærslur; 115 hestafla Energy Tce-vélina við beinskiptinu og 140 eða 160 hestafla Energy Tce-vél þar sem velja má um beinskiptingu eða EDC tveggja kúplinga sjálfskiptingu. Á næsta ári hyggst Renault bjóða fleiri bílgerðir með þessari nýju vél.


Hin nýja 1,3 lítra Tce vél Renault er öflug þrátt fyrir smæðina.

# Decubal fyrir mjúka og heilbrigða húð

*Dekraðu við húðina í desember. Mjúk og nærandi aðventugjöf til þín í næstu verslun Apótekarans.*




**Höfuðborgarsvæðið**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Domus Medica* | *Eiðistorg* | *Glæsibær* | *Helluhraun* | *Mjódd* | *Salavegur* | *Smiðjuvegur* |
| *Bíldshöfði* | *Fjarðarkaup* | *Hamraborg* | *Höfði* | *Mosfellsbær* | *Skipholt* | **apotekarinn.is** |

**Landsbyggðin**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Akureyri* | *Akureyri* | *Dalvík* | *Hella* | *Hvolsvöllur* | *Fitjar Reykjanesbæ* | *Vestmannaeyjar* |
| *Hafnarstræti* | *Hrísalundur* | *lyfjaútibú* | *Hveragerði* | *Keflavík* | *Selfoss* | *Þorlákshöfn* |

**Apótekarinn+**
- lægra verð

# Sigurður var maður sem ég hefði viljað hanga með

**Málarinn og menningarsköpun: Sigurður Guðmundsson og Kvöldfélagið 1858-1874 er ný bók um frumkvöðul sem mótaði íslenska menningu og hugmyndir okkar í aðdraganda sjálfstæðis þjóðarinnar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Sjálfstæði þjóðar, sjálfsmynd og menning er bundin órjúfanlegum böndum. Þetta vissi Sigurður Guðmundsson og aðrir aðstandendur Kvöldfélagsins sem var starfrækt á árunum 1861 til 1874 og hafði víðtæk áhrif á menningu, umhverfi og listalíf þjóðar í mótun og leit að sjálfstæði. Sigurður Guðmundsson málari var einn af stofnendum félagsins og helsti talsmaður, og hlutur hans verður seint ofmetinn í íslenskri menningarsögu þó að hann hafi ekki farið ýkja hátt til þessa. Nýverið kom þó út bókin Málarinn og menningarsköpun: Sigurður Guðmundsson og Kvöldfélagið 1858-1874, greinasafn í ritstjórn þeirra Terry Gunnell, prófessors í þjóðfræði við HÍ, og Karls Aspelund, lektors í hönnun við University of Rhode Island, og er bókin tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Hér er á ferðinni afar viðamikið og vandað verk en Terry Gunnell segir að hann hafi sjálfur fyrst fengið veður af Sigurði og verkum hans þegar hann kom hingað til lands til þess að vinna að BA-ritgerð sinni um íslenska leiklist við háskólann í Birmingham. „Það var 1976 að Þorgeir Þorgeirsson sagði mér aðeins frá Sigurði og þeim áhrifum sem hann hafði og síðan þá hef ég haft mikinn áhuga á honum. Það er stórfurðulegt að koma út í kirkjugarð þar sem legsteininn hans stendur máður og ómerktur og annað eftir því. Auk þess var lítið til af rituðu efni um Sigurð, engin ýtarleg ævisaga eða annað slíkt og samt var þetta maðurinn sem var einhvern veginn á bak við Þjóðleikhúsið, Þjóðminjasafnið, útivistarsvæðið í Laugardal, og íslenska þjóðbúninginn. Þetta var maðurinn sem sagði Jóni Árnasyni fyrstur þjóðsöguna Móðir mín í kví, kví og var meira að segja hugmyndasmiðurinn að turninum á Skólavörðuholti. Sigurður var maður sem hafði gríðarleg áhrif á menningu þessarar þjóðar en einhvern veginn dettur hann út af kortinu, er svona ýtt út úr myndinni og það er mikilvægt að draga hann aftur inn. Karl Aspelund, meðritstjóri minn, skrifaði doktorsritgerð um Sigurð og þjóðbúninginn og hann upplifði þessa sömu jaðarsetningu á þessum merkilega manni.“

## Maður sem vildi meira

Terry segir að þessi jaðarsetning á Sigurði og verkum hans eigi sér ekki augljósar og einhlítar skýringar. „Það hefur verið skrifað um hann og minnst á hann hér og þar en vandinn var eflaust að Danir voru mjög á móti Sigurði og hann á móti þeim. Samt var það Sigurður sem hannaði tjald fyrir konunginn þegar hann kom til Íslands 1874 og þá ætlaði konungur að gefa honum gullpening fyrir verkið. Hins vegar lögðust dönsku embættismennirnir gegn þessum fyrirætlunum þannig að Sigurður fékk aldrei gullpeninginn og dó svo í sárri fátækt aðeins nokkrum dögum síðar. Kerfið var á móti honum enda var þetta maður sem fór sínar eigin leiðir og átti það til að vera afar hvassyrtur,“ segir Terry og hlær.



Terry Gunnell hefur haft áhuga á Sigurði Guðmundssyni allt frá því hann var að vinna að BA-ritgerð sinni árið 1976. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Orðbragð hans var reyndar ekki upp á það besta og þetta var ekki ýkja þolinmóður maður þannig að það gekk stundum mikið á. Styrkur Sigurðar var að hann hafði brennandi áhuga á því að Ísland skapaði sína eigin menningu. Fyrir honum var ekki nóg að Ísland öðlaðist sjálfstæði heldur vildi hann að Íslendingar gætu staðið til jafns við aðrar þjóðir og til þess þarf menningu. Þess vegna þurfti leiklist, leikhús og söfn því það þarf að sýna söguna. Sýna bæði þjóðinni og öðrum hvaðan þessi þjóð er runnin.“

## Skapaði hefð

Spurður um það hvað valdi því að leiklistin hafi verið svona veigamikill þáttur í verkum Sigurðar, segir Terry að það megi rekja til þess þegar hann fór fyrst til Kaupmannahafnar 16 ára gamall. „Hugmyndin var að hann lærði húsamálun en hann gafst nú upp á því á nokkrum vikum. Þá fer hann út í leikhúsið og þar myndast þessi tenging að mála og skapa rými, þetta er það sama og hann gerði seinna með Þjóðminjasafnið til að mynda, þannig að þessi sviðslistanálgun verður honum mjög hugleikin. Úti í Danmörku sér hann tableaux vivants í fyrsta sinn, kemur heim og setur upp fullt af slíkum sviðssetningum með máluðum bakgrunni, leikurum, ljósi og hljóði.

Hann hvetur líka aðra til þess að semja verk á íslensku sem takast á við íslenskar kringumstæður og er alltaf að kenna. Hann lifði samkvæmt sínu eigin slagorði: Það þarf að laga alla þjóðina. Þetta er auðvitað alveg frábært.“

Terry segir að í raun hafi Sigurður tekið þessa leikhúsnálgun og útvíkkað hana fyrir alla þjóðina en hann hafi líka sjálfur verið einhvers konar leikari. „Ég var að skoða sögurnar sem hann sagði á sagnaskemmtun og þar virðist hann oft hafa endað sögurnar á draugalegum nótum, eins og Móðir mín í kví, kví eða Djákninn á Myrká og þarna kom fram dramatíski leikarinn í honum. Þetta var maðurinn sem var á bak við Útilegumenn Matthíasar, og Nýársnótt Indriða Einarssonar og með þessu var sköpuð hefð fyrir íslenskum leikritum. Hefð sem mjög fljótt fluttist út um allt land og líka erlendis. Sveinn Einarsson skrifaði grein um þetta í bókinni. Þetta voru fyrst og fremst söguleg leikrit og verk byggð á þjóðsögum og hafði mikil áhrif.“

## Fyrir framtíðina

Terry segir að Sigurður verði fyrst og fremst skilgreindur sem frumherji. „Þetta var mjög framsýnn maður með stóra drauma um öðruvísi land og þjóð, öðruvísi menningu. Hann kom heim frá Danmörku með fullt af nýjum hugmyndum og festist hér. Á þeim þrettán árum sem Kvöldfélagið starfaði gerðist gríðarlega mikið. Þetta var allt öðruvísi en hjá Jónasi frá Hriflu í upphafi tuttugustu aldar þegar líkaminn og karlmennska voru í forgrunni. En í Kvöldfélaginu var verið að tala um konurnar og menntun þeirra. Hið andlega og listræna skipti miklu máli, auk þess sem þetta var rammpólitískt. Þetta var félag sem var á móti kerfinu og fyrir vikið lenti Sigurður í ónáð.

En Sigurður var maður sem ég hefði viljað hitta og helst hanga soldið með,“ segir Terry léttur. „En það sem vantar núna er stytta af manninum. Ég vil að hún verði niðri í Aðalstræti og að hann halli sér þar upp að vegg og stari á Morgunblaðshöllina. En þetta á líka að vera stytta sem má klæða, snerta og gefa trefla eins og menn gerðu fyrir Sigurð þegar hann var á lífi. Þessi stytta mundi standa fyrir framsýni og hugsjónir unga fólksins og framtíðardrauma.“



Sigurður Guðmundsson málari við vinnu sína.


25% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM FERÐAVÖRUM
14. – 24. des.
Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is
A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook pinterest.com/a4fondur og instagram.com/a4verslanir
A4

# Vill ná sömu stemningu og í sveitakirkju

**Trúarleg tónlist, jólalög og þjóðlög, auk gullmola úr óperum Mozarts og Händels, verða á dagskrá jólatónleika söngkonunnar Sigríðar Óskar Kristjánsdóttur og félaga hennar í Seltjarnarneskirkju annað kvöld.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Lokaæfingin áðan var æðisleg. Nú mega jólin koma fyrir mér,“ segir Sigríður Ósk Kristjánsdóttir söngkona glaðlega þegar hún er spurð út í jólatónleikana sem hún stendur fyrir í Seltjarnarneskirkju annað kvöld, föstudag, og hefjast klukkan 20. Hún segir þá fara fram við tindrandi kertaljós og heita Sígild jól. „Ég stefni að því að gera þá að árvissum viðburði og fá til liðs við mig hina ýmsu félaga mína úr söngvarastétt,“ segir hún.

Í ár syngja með Sigríði Ósk þau Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Ágúst Ólafsson barítón. Um meðleik sjá Lenka Mátéová orgelleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Níels T. Girerd, betur þekktur sem Nilli, verður kynnir kvöldsins.

„Hugmyndin hjá mér er að reyna að ná svipaðri stemningu og í sveitakirkjum. Þar skapast svo mikil nánd milli áheyrenda og flytjenda. Þess vegna er líka bara söngur og orgel, reyndar bætum við sellói við til að ná meiri dýpt,“ segir Sigríður Ósk.

Er þá ekki Seltjarnarneskirkja óþarflega stór? „Nei, hún er nefnilega ekki svo stór og orgelið er niðri sem er stór þáttur í því að ná þeirri nánd sem við viljum. Við héldum tónleika þar á þessum tíma í fyrra, þá upplifðum við einstaka stemningu og jólaandinn mætti. Við erum að vona að það gerist aftur.“

En hvað er á dagskránni? „Það eru sálmar, íslensk og erlend jólalög og þjóðlög og við skjótum líka inn gullmolum úr óperum eftir Mozart og Händel. Meðal annars syngjum við tríó úr Così fan tutte sem er eitt fallegasta tríó sem Mozart samdi. Einnig syngjum við Hallveig saman Heims um ból. Það er útsetning sem hún Sigríður Ella, söngkennarinn minn, gróf upp. Hún söng hana þegar hún var lítil. Alveg ótrúlega falleg. Við vitum ekki eftir hvern sú útsetning er, þetta eru gamlar nótur.“

Sigríður Ósk segir að Lenka, Sigurður og hún hafi æft í nóvember því þau hafi farið með hluta dagskrárinnar til Strassborgar í Frakklandi á opnunarhátíð stærsta jólamarkaðar í Evrópu þar sem Ísland er heiðursgestur.

„Við komum fram í Cathedral Notre Dame, risastórri kirkju í miðri borginni. Þetta voru opnir tónleikar, allir velkomnir og kirkjan fylltist næstum. En ljósin voru svo sterk á okkur flytjendunum að við sáum ekki neitt. Reyndum bara að finna fyrir fólkinu,“ lýsir hún og lofar því að lýsingin verði notalegri í Seltjarnarneskirkju annað kvöld klukkan 20.



Sigríður Ósk, Ágúst, Hallveig, Lenka og Sigurður ætla að skapa hátíðlegt andrúmsloft í kirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ÓLAFUR HAUKUR SÍMONARSON
Fólkið í blokkinni
DÝRAGARÐURINN
SJÁLFSTÆTT FRAMHALD
Hvað gera Vigga, Óli bróðir og tvíburarnir á áttundu hæð, þegar bannað er að halda húsdýr í blokkinni?
Jú, auðvitað stofna þau dýragarð.




Sögur útgáfa

# Tónlist um tunglsjúka nótt

**GEISLADISKUR**

**Hafdís Bjarnadóttir: Já**
★★★★☆

**Útgáfa:** Hafdís Bjarnadóttir




Hér á Íslandi getur „já“ þýtt ótal margt. Það fer eftir því hvernig það er sagt; blíðlega, í spurnartón, hranalega, reiðilega, glaðlega og þar fram eftir götunum. Svo er það líka sagt á innsoginu, eða tvisvar, „já, já“ – jafnvel oftar. Þessar ólíku hliðar orðsins eru yrkisefni Hafdísar Bjarnadóttur tónskálds í fyrsta verkinu á geisladiski sem ber einmitt heitið Já. Hún klippti öll „jáin“ úr upptöku af samræðu á kaffihúsi og bjó til tónlist úr þeim. Undir er líflegur taktur og blásturshljóðfæri sem líkja eftir því hvernig hægt er að segja þetta orð. Inn í það fléttast laglína sem er leikin á rafgítar, skemmtileg og grípandi. Andrúmsloftið er glaðlegt og frjálst; útkoman minnir dálítið á þýsku tilraunarokksveitina Can, sæla minninga.

Hafdís er vaxandi tónskáld, um það er engum blöðum að fletta. Hún hefur margoft vakið athygli fyrir framsækið tónmál sem er fágað, fínlegt og hugvitsamlegt. Hún kann list hófseminnar, fer vissulega langt með hugmyndir sínar, en ekki um of. Sum tónskáld missa sig út í fanatík, festast í einhverju tilteknu og týnast þar. Hafdís er hins vegar full af skáldskap og hún kemur honum frá sér með frjóu ímyndunarafli.

Spennandi fjölbreytni ríkir á geisladiskinum. Þar eru upptökur af umhverfishljóðum, sveimkenndur kórsöngur, þráhyggjukenndur tréblástur og poppaðir raftónar með líflegum trommuleik. Allan tímann svífur húmor yfir vötnunum, án þess þó að platan sé beinlínis fyndin. Hafdís einfaldlega umfaðmar ólíka tónlistarstíla og hrærir þeim saman á persónulegan og áhrifaríkan hátt.

Tónlistin er samt ekki fyrir alla. Sum verkin eru býsna ómstríð og gætu kallað fram ofnæmisviðbrögð hjá viðkvæmum. En jafnvel þar er smekkvísi í fyrirrúmi, það er aldrei gengið yfir strikið. Alltaf er eitthvað kræsilegt handan við hornið ef hlustandinn bara bíður í smá stund.



**Hafdís Bjarnadóttir bregður á leik.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hafdís var staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti fyrir nokkru. Síðasta tónsmíðin á diskinum, Tunglsjúkar nætur, er samið fyrir kammerkórinn Hljómeyki fyrir hátíðina. Á diskinum blandast kórsöngurinn og rafhljóð saman við upptöku af Einari Má Guðmundssyni að lesa upp ljóðið sem liggur til grundvallar. Útkoman er íhugul en notalega kæruleysisleg, og hún smám saman verður að einhverju ómældu, óljósu og óumræðilegu sem er afar fallegt.

Flutningurinn á öllum verkunum er til fyrirmyndar. Þetta er fjölbreyttur hópur söngvara og hljóðfæraleikara sem of langt mál væri að telja upp hér. En túlkun þeirra er áhrifamikil, í senn ljóðræn og snörp, dreymin og kraftmikil. Heildarmyndin er svo sannarlega hrífandi. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Athyglisverð og skemmtileg tónlist, glæsilegur flutningur.

**SAKRAMENTIÐ EFTIR ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON**

# MEST SELDA BÓKIN!



★★★★★
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, FT UM MÁLVERKIÐ

„FRAMÚRSKARANDI HÖFUNDUR."
BOSTON GLOBE




***„Meistaraverk"***
Gísli Helgason

***„Fantagóð bók. … Verður ekki toppað."***
Þorgeir Tryggvason, Kiljunni

***„Ótrúlega heillandi. Virkilega spennandi."***
Sunna Dís Másdóttir, Kiljunni

***„Maður fær tár í augun."***
Snæbjörn Arngrímsson, kaktusinn.is

***„Sálarangist, trúarefa, ást í meinum og níðingshætti kirkjunnar manna vefur Ólafur Jóhann hér saman af alkunnri kúnst. Örlagasaga úr reykvískum samtíma undra nærri okkur."***
Páll Baldvin Baldvinsson

**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**

VERÖLD

markhönnun ehf

# nettó



## KALKÚNN DOUX
4,6-7,2 KG
**998 KR/KG**



KJÖTBORÐ

-40%

## KJÚKLINGUR 1/2
MARINERAÐUR 450 GR.
**299 KR/STK**
~~ÁÐUR: 498 KR/STK~~



-50%

## SÆTAR KARTÖFLUR
**119 KR/KG**
~~ÁÐUR: 238 KR/KG~~



KJÖTSEL

## HANGILÆRI
Á BEINI
**1.990 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.398 KR/KG~~

*Gamla góða!*



KJÖTSEL

## HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ
**2.659 KR/KG**
~~ÁÐUR: 3.798 KR/KG~~

-30%

## OKKAR LAUFABRAUÐ
8 STK
**1.094 KR/PK**
~~ÁÐUR: 1.367 KR/PK~~




-20%




# Jólablað Nettó er komið út

*...stútfullt af frábærum tilboðum*

**Tilboðin gilda 14. - 17. desember 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

KJÖTSEL



**BERJALAMBALÆRI**
HÁLFÚRBEINAÐ
**1.582 KR KG**
ÁÐUR: 1.798 KR/KG



**LAMBAGÚLLAS**
**1.278 KR KG**
ÁÐUR: 1.598 KR/KG

-20%

-27%



**GÚLLASSÚPA 1L**
UNGVERSK.
**1.386 KR STK**
ÁÐUR: 1.898 KR/STK

KJÖTBANKINN FERSKLEIKI FAGMENNSKA




**SMURBRAUÐ**
MEÐ RÆKJU/LAXI/HANGIKJÖTI
**848 KR STK**
ÁÐUR: 998 KR/STK

DAGNÝ & CO

**SMURBRAUÐ**
MEÐ ROASTBEEF
**798 KR STK**
ÁÐUR: 998 KR/STK




**ÍSLENSK KJÖTSÚPA 1L**
KJÖTBANKINN.
**1.167 KR STK**
ÁÐUR: 1.598 KR/STK

## *Heimilisréttir fyrir 2*

- OG ÞÚ ÞARFT EKKERT MEIRA!



**HEIMARÉTTIR**
WOK RÉTTUR
**2.998 KR PK**

**HEIMARÉTTIR**
MANGÓ KJÚKLINGUR
**2.998 KR PK**






**HEIMARÉTTIR**
TANDOORI LAMB
**2.998 KR PK**

*Fjölleg t!*

## *Heilsuréttir Guðrúnar Bergmann*




-20%

**MAROKKÓBOLLUR**
M. HRÍSGRJÓNUM
**798 KR PK**
ÁÐUR: 998 KR/PK

**KJÚKLINGARÉTTUR**
M. GRÆNMETI
**958 KR PK**
ÁÐUR: 1.198 KR/PK




-20%




-20%

**KÓKOSKARRÝPOTTRÉTTUR**
M. HÝÐISHRÍSGRJÓNUM
**718 KR PK**
ÁÐUR: 898 KR/PK

# Mitt á milli Seinfeld og Knausgård

BÆKUR

**Formaður húsfélagsins**

★★★☆☆

**Friðgeir Einarsson**

**Útgefandi:** Benedikt
**Prentun:** Bookwell digital, Finnlandi
**Síðufjöldi:** 205
**Kápa:** Ólafur Unnar Kristjánsson




Lífið er eitthvað sem gerist bara. Ekkert sem þú planar eða stjórnar. Það bara gerist og Friðgeir Einarsson, höfundur skáldsögunnar Formaður húsfélagsins, virðist vera meðvitaður um þessi einföldu sannindi. Formaður húsfélagsins er líka um margt eins og lífið, tiltölulega stórviðburðasnautt heldur það bara áfram hversdag eftir hversdag og við persónurnar fylgjum með.

Formaður húsfélagsins er látlaus fyrstupersónufrásögn ungs manns sem flytur í íbúð sem hann leigir af systur sinni í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Sagan spannar í heildina nokkur ár í lífi unga mannsins og ýmislegt drífur á daga hans þó svo hann virðist eiga erfitt með að greina á milli aðalatriða og aukaatriða og frásögnin samkvæmt því mjög hlutlaus. En þessi frásögn er líka laus við alla tilgerð og látalæti auk þess búa yfir lúmskum og skemmtilegum húmor. Svona eilítið sérstakri sýn á lífið. Þetta er bók sem liggur einhvers staðar á mörkum Seinfeld (a show about nothing) og lífsfrásagna Karls Ove Knausgård. Tvö frábær verk sem bæði fjalla um lífið eins og það er og hvernig því er lifað frá degi til dags og gera lítinn greinamun á því að fá sér te eða eignast barn, þó svo forsendur og útfærsla séu gjörólíkar.

„Fólk hlær gjarnan þegar það heyrir eitthvað sem það kannast við úr eigin lífi." (Bls. 185) Þetta er ágætis dæmi um athugasemd frá sögumanni og mætti nánast taka þessu sem stefnulýsingu höfundar. Við könnumst flest við þetta líf sem ungi maðurinn lifir og við könnumst við fólkið sem verður á vegi hans í lífinu og sú frásögn er skemmtileg að mörgu leyti. Mörg fyndin atvik verða á vegi sögumanns sem virðist þó sjálfur vera gjörsneyddur öllu sem kenna má við húmor en það kemur auðvitað ekki að sök fyrir lesandann heldur þvert á móti.

Það sem er hvað best við þetta er að sem ungur höfundur má segja að Friðgeir hafi fundið sinn tón, sína rödd og sinn stíl. Þetta er flatur og hlutlaus stíll sem er laus við alla stæla og þegar best tekst til þá er hann líka bráðfyndinn. Vandinn er hins vegar að á stundum verður hann eilítið þreytandi. Persónusköpunin mætti vera dýpri og mannlýsingar sterkari en það er erfitt að koma slíku að í fyrstupersónufrásögn hjá svo hlutlausri manneskju. Finnur því ekki til með persónunum, nema kannski helst þeim sem verður það á að flækjast inn í líf sögumanns, af þeirri einföldu ástæðu að hann hleypir lesandanum lítt nærri sér. Heldur fjarlægð frá honum frá upphafi til enda og forðast alla tilfinningasemi.

Formaður húsfélagsins er skrifuð af næmi fyrir umhverfinu og hversdeginum og þetta er skemmtileg bók. Vandinn er hins vegar að næmi fyrir hinu mannlega lætur lítið á sér kræla og aukapersónur verksins fljóta í gegnum það allt að því andlitslausar og það er eiginlega synd að þessi skemmtilega bók nái ekki að skilja aðeins meira eftir sig.

**Magnús Guðmundsson**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg og á köflum fyndin lesning sem skilur þó helst til lítið eftir sig.

# (lang)Skemmtilegasta bókin

BÆKUR

**(lang)Elstur í bekknum**

★★★★☆

**Bergrún Íris Sævarsdóttir**

**Útgefandi:** Bókabeitan
**Prentun:** Prentmiðlun, Lettlandi
**Síðufjöldi:** 78
**Kápa:** Villi Warén




Nú er Bergrún Íris Sævarsdóttir búin að teikna og skrifa það margar bækur að það er við hæfi að segja: Það er ávallt gleðiefni þegar Bergrún Íris sendir frá sér nýja bóka. Hér er engu logið, enda er bókin (lang)Elstur í bekknum mjög skemmtileg og afskaplega falleg.

Hér segir af Eyju, 6 ára telpu sem stendur frammi fyrir því að þurfa að hefja grunnskólagöngu sína í glænýju hverfi og glænýjum skóla þar sem hún þekkir ekki nokkurn mann. Hún dauðkvíðir fyrsta skóladeginum og telur sig hafa klúðrað öllum möguleikum um einhver vinsældastig þegar hún verður þess valdandi að þrjár stelpur í bekknum rennblotna og hlaupa hrínandi inn í skóla. Vinalaus og vondauf eygir hún þó eitt ljós í myrkrinu: Sessunaut sinn, hann Rögnvald, en sá er enginn venjulegur skólastrákur. Rögnvaldur hefur setið eftir í 1. bekk árum og áratugum saman því hann neitar að læra að lesa. Þrátt fyrir ákveðna byrjunarörðugleika verður þeim vel til vina og gera með sér samning sem felst í því að Eyja eignist fleiri vini í bekknum og Rögnvaldur læri stafina. Bæði þurfa þau að takast á við og yfirstíga, að því er þeim þykir, gríðarlegar hindranir en hafa sigur að lokum, með hjálp hvort annars.

Bókin sjálf er mjög læsileg, bæði hvað varðar uppsetningu og leturgerð. Fallegar myndir Bergrúnar Írisar lífga að auki upp á síðurnar og sérlega skemmtileg er dökk grá og svört mynd á heilli opnu framarlega í bókinni sem sýnir vel hversu erfitt er fyrir Eyju að mæta í skólann fyrsta skóladaginn. Textinn er blátt áfram og einfaldur en einstaka „erfiðari" orð lífga upp á síðurnar, auðkennd með breiðu letri. (lang) Elstur í bekknum talar beint inn í reynsluheim barna á yngsta stigi grunnskólans, bæði gleði þeirra og sorgir, og hentar örugglega flestum krökkum á aldrinum 6-10 ára.

**Helga Birgisdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Þrælskemmtileg krakkasaga, uppfull af góðum húmor og fallegum boðskap.



Frá einni kynslóð til annarrar

VERSLUN
Guðsteins Eyjólfssonar
Síðan 1918

# BESTU VERÐIN

GLEÐILEG JÓL!

# BESTA VARAN

BESTU ÁVEXTIRNIR

KALKÚNABRINGUR 1.485.- KG.

LAMBAHRYGGUR 1.785.- 1 KG.

NÝ SENDING
REMA 1000
ÓDÝR GÓÐ VARA

HANGIKJÖT NIÐURSAGAÐUR FRAMPARTUR
985.- 1 KG

ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
VERÐ FRÁ AÐEINS 1.895.- KG.

LAMBALÆRI
998.- 1 KG.

HAMBORGARHRYGGUR
VERÐ FRÁ AÐEINS 1.385.- KG

MACKINTOSH QUALITY STREET
1.985.- 2 KG. DÓS
985.- 1.2 KG. DÓS

MERRILD KAFFI
598.- 1PK.

ÚRBEINUÐ HANGILÆRI
VERÐ FRÁ AÐEINS 2.480.- 1 KG

ROBIN JÓLAKLEMENTÍNUR
485.- 2.3 KG. KASSINN

VERÐ GILDA TIL OG MEÐ 17. DES Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

# VÍÐIR

GARÐATORGI, HRINGBRAUT
SKEIFUNNI & BORGARTÚNI













## BÍÓ

# Fjölskyldudrama Geimgenglanna – VIII kafli

**Loksins komið að frumsýningu áttunda kafla geimóperunnar sem kennd er við Star Wars. Titringurinn í Mættinum áþreifanlegur. Í dag munu milljónir hrópa upp yfir sig af hrifningu og þagna skyndilega í sæluvímu. Eitthvað stórkostlegt hefur gerst.**

**KVIKMYNDIR** Stjörnustríðs-aðdáendur um allan heim hafa beðið þessa dags í óbærilegri spennu í tvö ár. Star Wars: Episode VIII – The Last Jedi er frumsýnd í dag og heldur áfram þar sem frá var horfið í Episode VII: The Force Awakens 2015.

Sjöunda kafla lauk þegar nýja hetjan okkar, Rey, fann loks Loga Geimgengil á afskekktri plánetu þar sem hann dvelur í sjálfskipaðri útlegð eftir að hafa klúðrað Jedi-þjálfun systursonar síns með þeim ósköpum að hann varð öflugasta handbendi myrkraaflanna frá því að afi hans, Svarthöfði, var og hét.

Mátturinn er með Rey sem heldur nú áfram að þróa nýfundna hæfileika sína með aðstoð Loga sem hefur víst ekki séð annan eins kraft frá því hann missti frænda sinn yfir til hins illa.

The Last Jedi er þriðja Stjörnustríðsmyndin sem Disney framleiðir eftir að hafa keypt réttinn á gerð myndanna af hugmyndafræðingi Star Wars, George Lucas, fyrir upphæð sem nemur fjárlögum íslenska ríkisins í hundraðasta veldi. Eða því sem næst.

Lucas hafði þá gert tvo þríleiki um hina brotnu og meðvirku Skywalker-fjölskyldu. Sá fyrri sem hófst með Star Wars 1977 er enn í hávegum hafður en sá síðari, sem hverfðist um fall ættföðurins, Anakins, sem reis upp sem Svarthöfði, olli umtalsverðum vonbrigðum.

Síðan Disney tók við hefur hins vegar gleðin ein verið við völd hjá Stjörnustríðsnördum allra landa. Fjölskyldudramanu var ýtt í gang með látum með The Force Awakens, í fyrra kom svo sjálfstæða sagan Star Wars: Rogue One, og nú vindur meginsögunni áfram.

The Force Awakens kallaðist svo hátt á við fyrstu myndina frá 1977 að um hálfgildings endurgerð var að ræða frekar en nýtt upphaf. Lucas fylgdi Star Wars eftir með The Empire Strikes Back 1980. Tónninn í þeirri mynd var mun myrkari og hún er almennt og óumdeilt talin besta myndin í bálkinum eins og hann leggur sig.

Sömu lögmál virðast gilda um The Last Jedi. Þegar hefur spurst út að í henni magnist drunginn í sögunni og þeir sem hafa séð hana keppast við að ausa hana lofi og fyrir almenna frumsýningu stendur hún í 94% á vefnum Rotten Tomatoes sem tekur saman meðaltal birtra dóma. Semsagt, brakandi fersk.

Árið 2017 er, fyrir utan þessa frumsýningu, stórt ár í sögu Star Wars þar sem þann 25. maí voru 40 ár liðin frá frumsýningu fyrstu myndarinnar. Íslendingar máttu þó engjast í forvitni býsna lengi því myndin var ekki frumsýnd í Nýja bíói fyrr en í október 1978.

Í millitíðinni fengu íslensk börn að kynnast öllum þeim furðuverum sem birtast í myndinni á límmiðum og myndum í Cocoa Puffs- og Cheerios-pökkum. Þegar myndin loksins kom var þeim Loga Geimgengli, Hans Óla, Lilju Ósk prinsessu, Loðni og öllum hinum tekið fagnandi. Helstirnið ógurlega, sem er sko ekkert tungl heldur geimstöð, kallaði fram hroll eins og illmennið Svarthöfði. Annar eins skúrkur hafði ekki sést áður. Síðar kom á daginn að undir svartri brynjunni engdist sundurtætt sál í togstreitu milli góðs og ills.

Allar aðalpersónur gamla þríleiksins komu fyrst aftur saman í The Force Awakens frá því þeim tókst að gera út af við keisaraveldi hins illa í The Return of the Jedi 1983.

Þessara endurfunda hafði verið beðið í rúma þrjá áratugi og tilfinningar áhorfenda eru því eðlilega þandar til hins ýtrasta núna þegar gallaða Geimgengla-fjölskyldan kallar enn á ný hörmungar yfir heila stjörnuþoku með vandamálum sínum.

thorarinn@frettabladid.is

**40 ár**

**ERU LIÐIN FRÁ FRUMSÝNINGU FYRSTU STAR WARS MYNDARINNAR. MYNDIN VAR EKKI FRUMSÝND Á ÍSLANDI Í NÝJA BÍÓI FYRR EN ÁRIÐ 1978.**

**ALLAR AÐALPERSÓNUR GAMLA ÞRÍLEIKSINS KOMU FYRST AFTUR SAMAN Í THE FORCE AWAKENS.**















# Stanslaust jólastuð með **Páli Óskari** og Orkusölunni



Komdu þér í stanslaust stuð með Páli Óskari og Orkusölunni í desember! Páll Óskar er búinn að setja saman hátíðlegan jólalagalista sem er tilvalinn í jólaboðið, laufabrauðsskurðinn eða gjafainnpökkunina. Þú finnur Jólastrauminn með Páli Óskari á Spotify-síðu Orkusölunnar.

orkusalan

Brandenburg / SÍA

Skannaðu inn kóðann á Spotify og hlustaðu á Jólastraum Páls Óskar hér.

422 1000 | orkusalan@orkusalan.is | orkusalan.is | Finndu okkur á Facebook







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|---|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 3:50 - 4:50 - 7 - 8 - 10:10 - 11:10 | STAR WARS 3D | KL. 5:30 - 9 | STAR WARS 3D | KL. 4:20 - 7:30 - 10:40 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 4:50 - 8 - 11:10 | STAR WARS 2D | KL. 4 - 10:40 | STAR WARS 2D | KL. 6 - 9:10 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | DADDY'S HOME 2 | KL. 8 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 3:20 - 5:40 | COCO ÍSL TAL | KL. 5:40 | COCO ÍSL TAL | KL. 3:40 - 5:40 |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 11:10 | JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 8 - 10:30 | JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 10:20 |
| | | SAMBÍÓIN AKUREYRI | | SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 3:40 |
| | | STAR WARS 3D | KL. 4:50 - 8 - 11:10 | SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
| KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU | | STAR WARS 2D | KL. 10:20 | STAR WARS 3D | KL. 8 - 11:10 |
| | | DADDY'S HOME 2 | KL. 8 | STAR WARS 2D | KL. 10:20 |
| | | COCO ÍSL TAL | KL. 5:40 | DADDY'S HOME 2 | KL. 8 |

## Góða skemmtun í bíó

LESUM UM DÝRIN
OG HEYRUM ÞAU TALA




Hvað segir kötturinn?
Og hvað segir krummi?
Þessi skemmtilega bók gerir börnunum kleift
að lesa um dýrin og heyra þau tala á sinni eigin tungu.

sögur ÚTGÁFA

# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

### 14. DESEMBER 2017

### Uppákomur

**Hvað?** Jólabókaupplestur í Bíói Paradís
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Í kvöld verður jólabókaupplestur í Bíói Paradís. Frítt inn og allir velkomnir. Bergþóra Snæbjörnsdóttir – Flórída, Adolf Smári Unnarsson – Um lífsspeki ABBA og Tolteka, Hallgrímur Helgason – Fiskur af himni, Fríða Ísberg – Slitförin, Yrsa Þöll – Móðurlífið, blönduð tækni, Valur Gunnarsson – Örninn og Fálkinn, Oddný Eir Ævarsdóttir – Undirferli.

**Hvað?** Lopapeysur og stafsetningarvillur
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hönnunarsafn Íslands
Boðið verður upp á kakó og kringlur, lopapeysur og stafsetningarvillur í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ í tilefni þess að þá verða opnaðar tvær sýningar. Þyslextwhere er lifandi sölusýning þar sem vöruhönnuðurinn Hanna Jónsdóttir hefur komið sér upp aðstöðu í anddyri safnsins og vinnur þar næstu vikurnar að verkefninu Þyslextwhere. Íslenska lopapeysan – uppruni, saga og hönnun er yfirskrift hinnar sýningarinnar sem opnuð verður í Hönnunarsafninu í dag. Íslenska lopapeysan þróaðist frá því að vera vinnufatnaður sem nýttist aðallega við erfið útistörf í það að verða að þjóðlegri minjavöru og vinsælli tískuvöru.

**Hvað?** Litlu listajólin
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Art Gallery 101, Laugavegi 44
Í kvöld verða litlu listajólin haldin í Art Gallery. Allir velkomnir í heimsókn til að skoða málverkin, teikningarnar, leirmunina, postulínið og skartgripina sem eru til sölu. Fleira verður líka um að vera: Raus Reykjavík kynnir og selur skartgripi og Hrönn Waltersdóttir verður með silfurskartlínuna sína svo dæmi séu tekin. 10% afsláttur veittur af öllum vörum.



**Farið verður yfir sögu lopapeysunnar í Hönnunarsafni Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Kvöldstund með Hjálmari Jónssyni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur og fyrrverandi alþingismaður deilir með gestum innsýn og minningum frá viðburðaríkri ævi þar sem gaman og alvara eiga samleið í Hljóðbergi Hannesarholts. 1.500 krónur á midi.is.

**Hvað?** Aðalfundur Hins íslenzka fornleifafélags
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Aðalfundur Hins íslenzka fornleifafélags verður haldinn í kvöld. Að honum loknum mun Árni Daníel Júlíusson, sagnfræðingur við Háskóla Íslands, flytja erindið „Mikið úrval eyðibýla. Um fjölbreytileika fornra bæjarrústa um miðbik Eyjafjarðarsýslu“. Fundur og fyrirlestur eru opnir öllum.

**Hvað?** Óhreyfð skjöl í rammbyggðri geymslu
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fyrirlestrasalur Þjóðminjasafns Íslands
Minjar og saga, vinafélag Þjóðminjasafns Íslands, efnir til hádegisfundar þar sem Guðmundur Magnússon, sagnfræðingur og höfundur bókarinnar Claessen, saga fjármálamanns, segir frá hinu stórmerka skjalasafni Eggerts Claessen hæstaréttarlögmanns og bankastjóra (1877-1950) á heimili hans á Reynistað í Skerjafirði. Þar leyndust áður óþekkt gögn um þjóðkunna menn, félög og fyrirtæki, og margt sem gerðist að tjaldabaki á fyrri hluta síðustu aldar. Bókin um Eggert verður boðin á sérstöku tilboði í tengslum við fundinn.

**Hvað:** Dansleikur
**Hvenær:** 20.00
**Hvar:** Danshöllin, Drafnarfelli 2
„Þá er komið að síðasta dansleiknum fyrir jól. Svanhildur verður í jólastuði í búrinu með swing, Rock 'n' Roll, sænskt bugg, tjútt, gömlu dansana og jólaskapið. Rautt þema. Allir hjartanlega velkomnir,“ segir í tilkynningu frá Danshöllinni

**Hvað?** Útgáfuboð og fyrirlestur
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Stofa 101 í Odda, Háskóla Íslands.
Útgáfuboð og fyrirlestur í tilefni af útkomu 2. tbl. 13. árg. tímaritsins Stjórnmál og stjórnsýsla. Við opnunina kynnir dr. Eva Marín Hlynsdóttir grein sína sem er meðal efnis í tímaritinu. Fyrirspurnir og umræður verða að loknu erindi hennar, og síðan verður boðið upp á léttar veitingar.




BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Undir Trénu ENG SUB. | 18:00 |
| Listy Do M3 ENG SUB. | 17:45 |
| The Killing of a Sacred Deer | 20:00, 22:30 |
| The Party | 22:15 |



# Greg Sestero, aðalleikari The Room, sérstakur gestur á jólaprumpi í Paradís

Hugleikur Dagsson er með mánaðarlegt kvöld í Bíói Paradís er kallast Prump í Paradís. Þar eru sýndar stórkostlega lélegar B-myndir (jafnvel C-myndir) sem eru í uppáhaldi hjá Hugleik eða gesti hans. Það mæta nefnilega alltaf gestir á þessi kvöld sem svo ræða við Hugleik eftir sýningu myndarinnar.

Í tilefni jólanna verður haldið sérstakt Jólaprump fimmtudaginn 28. desember þar sem ein allra vinsælasta B-mynd sögunnar verður til sýningar, eins konar Citizen Kane vondra kvikmynda, The Room. Gestur kvöldsins verður Greg Sestero en hann er einmitt einn aðalleikari myndarinnar. Það er ekki ólíklegt að hann geti gefið gestum sýningarinnar ansi magnaða innsýn í gerð þessarar ógurlega slæmu myndar.

Svo slæm er myndin The Room að James Franco hefur nú framleitt og leikstýrt kvikmynd í fullri lengd sem fjallar um þessa hræðilegu mynd og Tommy Wiseau, hina sérstæðu persónu bak við þessa költkvikmynd. Myndin var frumsýnd fyrr í mánuðinum og hefur fengið nokkuð góða dóma og nú þegar hlotið tvær tilnefningar til Golden Globe verðlaunanna, annars vegar fyrir bestu grín- eða söngvamyndina og hins vegar fær James Franco í hlutverki Wiseau tilnefningu fyrir besta leik í aðalhlutverki í grín- og söngvamynd. – sþh




Hinn sérkennilegi Tommy Wiseau er heldur betur rogginn með hina hörmulegu The Room.



## Tónleikar

**Hvað?** Jóhanna Guðrún á Hard Rock
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hard Rock Café
Hard Rock Café Reykjavík býður á tónleika í vetur. Jóhönnu Guðrúnu þarf varla að kynna fyrir landi og þjóð. Hún mun koma fram í Hard Rock kjallaranum á fimmtudögum í vetur. Frábært tækifæri til að sjá þessa mögnuðu söngkonu á tónleikum. Húsið opnað klukkan 20.00.










**PJ KARSJÓ**
KL. 20:20
Skemmtilegasti bílaþáttur heims í umsjón Péturs Jóhanns einkennist af hraða, spennu og húmor. Þekktir gestir taka þátt í ýmsum uppákomum og þrautum í þættinum. Algerlega sprenghlægilegur kaggaþáttur af bestu gerð!

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**




**THE SANDHAM MURDERS**
KL. 21:45
Sænsk spennuþáttasería í þremur hlutum sem byggð er á vinsælum bókum rithöfundarins Vivecu Sten. Þættirnir fjalla um rannsóknarlögreglumanninn Thomas Andreasson og lögfræðinginn Noru Lindes sem hjálpast að við að upplýsa flókin morðmál.

**NCIS**
KL. 21:00
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**THE HUNGER GAMES: CATCHING FIRE**
KL. 22:00
Myndin hefst eftir að Katniss Everdeen kemur heim til sín eftir að hafa unnið 74. árlegu Hungurleikana, ásamt félaga sínum Peeta Mellark.



**FLASH**
KL. 22:30
Hörkuspennandi þættir um vísindamanninn Barry Allen sem er í raun ofurhetja og hann getur ferðast um á ótrúlegum hraða.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**00.45** Room 104
**01.10** The Mysteries of Laura
**01.50** Extraction
**03.20** The Sinner
**04.00** The Sinner
**04.45** The Sinner
**05.25** The Middle
**05.45** Á uppleið
**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.40** The Doctors
**10.15** Project Runway
**11.40** Jamie's Best Ever Christmas
**12.35** Nágrannar
**13.00** High Strung
**14.35** Mr. Turner
**16.55** Bold and the Beautiful Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tískuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig.
**17.15** Nágrannar
**17.40** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** The Goldbergs Gamanþáttaröð sem gerist á níunda áratug síðustu aldar og fjallar um fjöruga fjölskyldu sem er ekki alveg eins og fólk er flest. Sögumaðurinn sem er 11 ára tekur allt sem fram fer á heimilinu upp á myndbandsupptökuvél og rifjar upp sögur af yfirþyrmandi móður, skapstyggum föður, uppreisnargjarnri eldri systur, stressuðum eldri bróður og svölum afa.
**19.55** The Big Bang Theory
**20.20** PJ Karsjó Stórskemmtilegur bílaþáttur í umsjón Péturs Jóhanns, sem einkennist af hraða, spennu og húmor en farartæki eru alltaf í forgrunni. Þekktir gestir taka þátt í ýmsum uppákomum og þrautum í þættinum. Keppnirnar geta verið í öllu á milli himins og jarðar, en allt er þó farartækjatengt.
**21.00** NCIS
**21.45** The Sandham Murders
**22.30** Snatch
**23.15** Room 104
**23.45** Springfloden

## STÖÐ 2 SPORT

**06.45** West Ham - Arsenal
**08.25** Manchester United - Bournemouth
**10.05** Keflavík - Haukar
**11.35** Southampton - Leicester
**13.15** Swansea - Manchester City
**14.55** Newcastle - Everton
**16.35** Detroit Pistons - Golden State Warriors
**18.30** Premier League World
**19.00** ÍR - Keflavík
**21.05** NFL Gameday
**21.35** UFC 218: Holloway Vs. Aldo 2

## STÖÐ 2 SPORT 2

**03.05** Valur - Stjarnan
**07.55** Tottenham - Brighton
**09.35** Valur - Stjarnan
**11.00** Newcastle - Everton
**12.40** Keflavík - Haukar
**14.20** NBA - Charles Barkley
**15.05** Valur - Stjarnan
**16.30** West Ham - Arsenal
**18.10** Liverpool - WBA
**19.50** Stjarnan - Tindastóll
**21.55** Manchester United - Bournemouth
**23.35** Premier League World

## STÖÐ 3

**01.00** Modern Family
**01.25** Seinfeld
**01.50** Friends
**02.15** Tónlist
**17.15** Gilmore Girls
**18.05** Fresh off the Boat
**18.35** The Big Bang Theory
**19.00** Modern Family
**19.30** Seinfeld
**20.00** Friends
**20.25** Næturvaktin
**20.55** Gotham
**21.40** The Secret
**22.30** Six Feet Under
**23.30** Eastbound & Down

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.05** Stóri og Litli
**07.18** Víkingurinn Viggó
**07.27** K3
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Elías
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Víkingurinn Viggó
**11.27** K3
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Elías
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Víkingurinn Viggó
**15.27** K3
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Elías
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Jóladagatal Afa
**19.05** Kapteinn Skögultönn



Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Golfing World
**08.50** Omega Dubai Ladies Masters
**12.05** QBE Shootout
**15.10** Golfing World
**16.00** Omega Dubai Ladies Masters
**20.10** Golfing World
**21.00** QBE Shootout

## STÖÐ 2 BÍÓ

**01.40** Walk of Shame
**03.15** Jurassic World
**12.25** Grey Gardens
**14.05** Goosebumps Ævintýramynd frá 2015 með Jack Black í aðalhlutverki. R.L.Stine sem skrifar skrímslabækur glímir við það vandamál að ef eitthvert af frumeintökum bóka hans er opnað sleppa skrímslin út í raunheima. Stine hefur því gætt þess vel og vandlega að læsa bókunum og passa að enginn utanaðkomandi komist í þær. Sú öryggisráðstöfun fer þó fyrir lítið þegar nágranni hans kíkir við ásamt félaga sínum því áður en Stine getur stöðvað þá hafa þeir opnað eina af bókum hans af einskærri forvitni.
**15.45** Absolutely Anything
**17.10** Grey Gardens
**18.50** Goosebumps
**20.30** Absolutely Anything
**22.00** The Hunger Games: Catching Fire 2 Myndin hefst eftir að Katniss Everdeen kemur heim til sín eftir að hafa unnið 74. árlegu Hungurleikana, ásamt félaga sínum Peeta Mellark. Sigur þýðir að þau verða núna að fara í sigurferð um landsvæðin og skilja vini sína og fjölskyldur eftir heima.

## RÚV

**13.30** Setning Alþingis
**15.00** Aðstoðarmenn jólasveinanna
**15.10** Heimsleikarnir í Crossfit 2017
**15.55** EM í sundi 2017
**17.55** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Jóladagatalið: Snæholt
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.25** Veður
**19.30** Stefnuræða forsætisráðherra
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Glæpahneigð
**23.10** Neyðarvaktin
**23.50** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**01.00** Deadwood
**01.53** How To Get Away With Murder
**02.38** APB
**03.23** Imposters
**04.07** Nurse Jackie
**04.37** Wisdom of the Crowd
**05.21** Law & Order True Crime: The Menendez Murders
**06.11** Better Things
**06.50** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.24** Dr. Phil
**09.09** The Tonight Show
**09.56** The Late Late Show
**10.39** The Voice USA
**12.25** Síminn + Spotify
**13.25** Dr. Phil
**14.07** Life in Pieces
**14.33** Survivor
**15.25** Family Guy
**15.48** Solsidan
**16.11** Everybody Loves Raymond
**16.35** King of Queens
**16.58** How I Met Your Mother
**17.21** Dr. Phil
**18.06** The Tonight Show
**18.54** The Late Late Show
**19.45** America's Funniest Home Videos
**20.10** Failure to Launch
**21.50** Bridget Jones: The Edge Of Reason
**23.40** We Are Your Friends

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opnunartími

## fram að jólum

| | | |
|---|---|---|
| 16. des. | **10:00-19:00** | Laugardagur |
| 17. des. | **10:00-18:00** | Sunnudagur |
| 18. des. | **11:00-18:30** | Mánudagur |
| 19. des. | **11:00-19:00** | Þriðjudagur |
| 20. des. | **11:00-19:00** | Miðvikudagur |
| 21. des. | **10:00-20:00** | Fimmtudagur |
| 22. des. | **10:00-21:00** | Föstudagur |
| 23. des. | **10:00-22:00** | Laugardagur |
| 24. des. | **10:00-14:00** | Sunnudagur |

# AMERÍSKU JÓLAEPLIN

komin í Bónus



**327** kr. kg

**Rauð Epli**
Amerísk, í lausu

Jólavínberin

**NÝ UPPSKERA**

Beint frá S-Afríku



**979** kr. kg

**Vínber Græn og rauð**
Ný uppskera frá S-Afríku



# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **17. desember** eða meðan birgðir endast.



Hágæða hársnyrtivörur
og aðrar góðar hugmyndir
BRAUN
Oral-B
MIKIÐ ÚRVAL
AF RAFMAGNS-
TANNBURSTUM
Hárklippur HC5050
Skeggsnyrtir BT5070
Rakvél 3050S
HD380
Hárblásari
Háreyðingatæki 7-521
AS720
Krullubursti
ST510
Sléttujárn
HD780
Hárblásari
GOTT ÚRVAL
Tefal
TALENT PRO
Allinox
Góðir og stórir
stálpottar á fínu verði.
Stærðir:
9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.
Tefal
JAMIE OLIVER panna
30 cm - Á JÓLATILBOÐI
kr. 7.990,-
Pioneer
PIX-EM26-B
kr. 25.900,-
20W (10W + 10W RMS) (8Ω) / 7,6cm Full Range hátalarar. / Innbyggt Bluetooth 4.0 m. A2DP 1.2, AVRCP 1.4 stuðningi. / Hljómstillir með 5 stillingum / CD Geislaspilari með MP3 stuðningi. / USB afspilun með MP3 stuðningi. / FM Útvarp m. 20 stöðva minni og RDS stuðningi. / Auto Power Off, Klukka, Sleep Timer, 0,5A USB hleðsla. Tengi: USB, Audio-In, Loftnet
Pioneer
MJ553BT
Góð þráðlaus BlueTooth heyrnartól frá Pioneer.
kr. 12.900,-
NÝTT
Nintendo
New Nintendo 2DS XL Poké Ball Edition
kr. 25.900,-
95 ÁRA
ORMSSON
1922 - 2017
Opnunartímar:
Virka daga kl. 11-18
Laugardag kl. 11-16
Sunnudag kl. 13-17
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Netverslun
ORMSSON.IS
ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# SAMSUNG

# Jóladagar




LIFETIME BURN-IN WARRANTY

CES INNOVATION AWARDS 2017 BEST OF INNOVATION

**SAMSUNG**
QLED / QE65Q7C
ULTRA HD PREMIUM GÆÐI,
PQI 3200 / QHDR 1500
**65" Kr. 359.900,-**

**SAMSUNG**
MS660/XE
Soundbar með innbyggðum bassa
**Kr. 69.900,-**

L&B LJUD & BILD Bästa köp




**MU9005 / 55" OG 65"**
2700 PQI 10 bita. Motion rate 200. Sér tengi box.
**55" Kr. 229.900,-**




**MU7055 / 49" 55" OG 65"**
2400 PQI 10 bita. Motion rate 200. Sér tengi box.
**55" Kr. 219.900,-**




**MU6455 / stærðir 49" 55" 65"**
1600 PQI, 4K. Motion rate 100
**55" Kr. 170.000,-**




**MU6655 / stærðir 49", 55" og 65"**
1700 PQI, 4K. Motion rate 100
**55" Kr. 170.000,-**

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 - SÍMI 530 2800

**SAMSUNG SETRIÐ**
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



Yfir 70 manns létu helling af óútgefnum lögum með Flóna ganga sín á milli löngu áður en platan kom út. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Eitt og hálft ár af lífi Flóna

Tónlistarmaðurinn Flóni gaf í síðustu viku út plötuna Flóni þar sem hann talar nokkuð opinskátt um síðustu misseri í lífi sínu. Flóni segist mjög lífsglaður þrátt fyrir að platan sé myrk á köflum. Hann segir bestu hlutina gerast óplanaða.

Friðrik Jóhann Róbertsson eða Flóni, eins og hann er kallaður, gaf í síðustu viku út samnefnda plötu en eftirvæntingin eftir plötunni var mikil og jafnvel áður en hann hafði nokkru sinni sent frá sér eitt einasta lag var nafni hans haldið á lofti í rappsenunni. Um er að ræða nokkuð persónulegan grip og yfir vötnum svífur töluverður tregi, þó að líka sé nokkuð um gleðskap í bland, svolítið í anda við rapptónlist frá Atlanta og þá sérstaklega rapparann Future.

„Ég hlusta mikið á trapptónlist – sérstaklega miklir áhrifavaldar hjá mér eru Future og Travis Scott til dæmis. Mestu áhrifin koma frá Atlanta-senunni, ég elska þannig dót. Það er hægt að heyra það í minni tónlist – ég fíla að nota Autotune-ið sem hljóðfæri, eins og Future gerir oft, nýtir röddina með Autotune eins og hljóðfæri, eins og píanó. Ég er oft að fara með röddina upp og niður og gera tilraunir. Ég hlusta líka á house og RnB og alls konar. En auðvitað þegar ég er að gera þessi lög er ég að reyna að gera mitt og það sem ég vil gera og það sem ég sé fyrir mér að eigi að gera. Þá finnst mér koma það flottasta út og það sem fólk kann langbest að meta.“

*Þú ert sjálfur að pródúsera á plötunni, ekki satt?* „Þetta er eiginlega smá ferli hjá mér. Ég bý til skissu af bíti og syng yfir það. Þá erum við komin með grunn að lagi – svo sendi ég það á besta vin minn, en hann heitir Jökull Breki. Hann hefur verið að gera tónlist í nokkur ár og ég fékk áhugann á tónlist svolítið í gegnum hann – við vorum saman í Verzló og féllum úr skólanum á sama tíma og svona. En hann tekur sem sagt skissuna, það kannski vantar eitthvað aðeins meira í hana, og hann fer í að krydda hana og gera hana að heilsteyptara lagi. En ég tek allt upp sjálfur og geri sjálfur „beats“.

*Hvernig fórstu út í það að gera eigin takta?* „Það er skemmtilegt að segja frá því að Arnar Ingi, Young Nazareth, var líka í Verzló og ég vissi að hann var að dj-a og svona. Þannig að ég var bara „hey gaur, nenniðu að kenna mér að gera beats?“ og hann bara „jájá“. Við þekktumst ekkert þannig á þessum tíma. Svo fór ég bara á YouTube að kynna mér hlutina og fór að prófa mig áfram, var í svona hálft ár að því og syngja sjálfur í aðstöðu sem ég var með heima hjá mér, og líka lítið stúdíó heima hjá Jökli þar sem við vorum að búa til lög og prófa okkur áfram með alls konar. Það var síðan seinna meir sem þetta fór að verða aðeins alvarlegra og einhver lög sem ég var að gera voru komin í dreifingu – þá var ég alveg „oh shit, þetta sem ég er að gera gæti verið gott“. Þannig að ég lagði mig allan í þetta.“

Innan ákveðins hóps gengu einhver 20 lög, sem Flóni hafði tekið upp, á milli í tölvupóstkeðju og varð hann hálfgerð költhetja í rappinu.

**ÉG ER BARA BÚINN AÐ VERA „IN THE SHADOWS“ AÐ BÍÐA EFTIR RÉTTA AUGNABLIKINU. GÓÐIR HLUTIR GERAST HÆGT.**

Nafnið Flóni sást fljóta um á Twitter og í hinum og þessum rapplögum – „hver er að passa upp á Flóna?“ spurði skáldið til að mynda.

„Einhvern veginn fór þetta að dreifast til fólks. Þetta endaði með að það var komin óformleg plata sem fólk var að senda á milli sín. Það voru fullt af demóum, jafnvel bara fyrsta vers af einhverju ókláruðu lagi. Ég held að nafnið mitt hafi orðið smá til út af því – smá svona „underground hype“. Sem mér finnst kúl, ég er ekkert endilega fyrir það að vera mikið í sviðsljósinu – ég vil bara gera tónlist, gera það vel og hafa gaman af því. Ég er bara búinn að vera „in the shadows“ að bíða eftir rétta augnablikinu. Góðir hlutir gerast hægt.“

## Dagbók Flóna

„Þetta er búinn að vera svona eins og hálfs árs vinnuferill, það að velja bestu lögin og að þróa þetta litla sánd svo þú fáir ákveðinn fíling út frá plötunni sem þú ert að hlusta á. Þetta á ekki að vera allt útum allt, heldur er þarna ákveðið „storyline“.

*Má ekki segja að þetta sé mjög persónuleg plata?* „Frekar – þetta er þannig séð saga af síðasta eina og hálfa ári. Þetta er búinn að vera tími af rugli og vitleysu en líka mjög mörgu skemmtilegu. Þetta er búin að vera smá ferð. Það er gott að koma frá sér hlutum sem ég hef verið að upplifa varðandi ástamál, og annað. Ég get hlustað á lögin og verið bara „intró, þá var ég að ganga í gegnum þetta og næsta lag var þetta“ ... smá eins og dagbók. Það komu nokkrar nafnatillögur en mér fannst meika sens að nefna hana Flóna, af því að þetta er ég.“

*Kannski leiðinlegt orð – en það er svona „emo“ fílingur þarna.*

„Já, smá,“ svarar Flóni sem virðist ekki láta emo-orðið trufla sig, „þetta fer svona úr því persónulega og yfir í það þar sem ég er að hafa gaman. Það fer eftir því hvernig mér líður, hvort ég er „down“ og lítill í mér eða að hafa gaman og skemmta mér.“

Gott dæmi segir hann lagið Ísköld.

„Ísköld er lag sem mér þykir ótrúlega vænt um. Alltof hratt er svo persónulegt á annan hátt, en þessi lög lýsa kannski vel þessum mismun.“

Flóni segist þó alls ekki vera „emo“ gaur heldur þvert á móti einstaklega lífsglaður.

„En allir upplifa eitthvað og það að geta komið því út í gegnum tónlist er náttúrulega geðveikt. Mér finnst fólk oftar tengja við þetta persónulega.“

## Fjörið rétt að byrja

*Hvernig er svo tilfinningin að vera búinn að senda frá þér þessa plötu?* „Það er eiginlega bara ótrúlega skrítið. Ég er alltaf búinn að vera að hugsa og reyna að sjá fyrir mér hvernig það verður þegar ég næ loksins að sýna fólki þetta, ég er eiginlega ekki búinn að ná að átta mig á þessu. En það er auðvitað geðveikt að vera búinn að gefa út. Núna byrjar þetta fyrir alvöru. Ég er bara ótrúlega spenntur að sjá hvert þetta leiðir mig.“

*Hvað er svo planið núna?* „Ég er alltaf í stúdíóinu núna að taka upp eitthvað nýtt og hugsa um hvað mig langar til að gera. Oftast er langbest að hugsa ekkert um hvað maður ætlar að gera, þá kemur yfirleitt það besta út. Ef maður planar of mikið og hugsar of mikið þá er þetta ekki lengur í því „væbi“ að ég sé að hafa gaman, þá verður þetta kannski of alvarlegt. Við erum að búa til góða tónlist og það er nóg.“

stefanthor@frettabladid.is






**MISTUR EFTIR RAGNAR JÓNASSON**

# „LESIÐ ÞESSA BÓK UM JÓLIN!“

**KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI**



★★★★

**ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON, DV**




*„Mistur er ekki aðeins góð glæpasaga heldur er skyggnst inn í hugarheim helstu persóna og þá baráttu sem þær standa í.“*
Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðinu

*„Frábærlega vel uppbyggð bók. ... Við unnendur spennusagna segi ég: Lesið þessa bók um jólin. ... **Þrælspennandi**. Þarna er spenna svo manni **er stundum ekki rótt**. ... Ég fullyrði að þetta er langbesta bók Ragnars. Mikil spenna út í gegn.“*
Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni

*„Spennandi og vel fléttuð saga, tvímælalaust **besta bók höfundar**.“*
Brynhildur Björnsdóttir, Fréttablaðið

**3. sæti**
**Bóksölulistinn**
**Skáldverk**

**3.**
**Metsölulisti Eymundsson**
Íslensk skáldverk

**MISTUR ER ÞRIÐJA BESTA SKÁLDSAGA ÁRSINS, AÐ MATI ÍSLENSKRA BÓKSALA!**

**VERÖLD**

# Svitnuðu við að kaupa efnið í gripina

**Demantar og 18 karata gull einkenna nýtt skart frá Orrafinn. Skartgripahönnuðurinn Helga G. Friðriksdóttir segir ákveðna áhættu fylgja því að vinna með svo dýrt efni en að nú sé rétti tíminn til að láta drauminn rætast.**



Orri og Helga afhjúpa nýju gripina í verslun sinni á Skólavörðustíg 17a í kvöld klukkan 17-20. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skartgripafyrirtækið Orrifinn fagnar fimm ára afmæli um þessar mundir. Af því tilefni ákváðu skartgripahönnuðirnir Orri Finnbogason og Helga G. Friðriksdóttir að láta draum rætast og smíða viðhafnarútgáfur af nokkrum gripum úr 18 karata gulli og þekja þá demöntum.

„Okkur hefur svo ofboðslega lengi dreymt um að smíða meira úr gulli. En sökum kostnaðar þá hefur það ekki endilega alltaf verið sniðugasta leiðin til að fara. En í tilefni af fimm ára afmælinu þá ákváðum við að taka þetta alla leið,“ útskýrir Helga sem viðurkennir að hráefnið í skartgripina hafi kostað sitt.

„Maður náttúrulega svitnar þegar maður kaupir efnið og er hræddur um að setja sig á hausinn. Það er mjög óþægileg tilfinning,“ segir Helga og skellir upp úr.

**MEST NÁÐUM VIÐ AÐ SETJA 39 DEMANTA Í EINN GRIP.**

„Þetta er eitthvað sem ég hefði ekki treyst mér til að gera fyrr. Þegar við vorum að byrja að byggja fyrirtækið upp þá hefði maður ekki þorað að fjárfesta svona mikið í efniskaup.“

### Eins mikið af demöntum og hægt er



**18 karata gull og demantar eru í aðalhlutverki í nýjustu línu Orrafinn.**

Beðin um að lýsa nýja skartinu nánar segir Helga: „Við völdum þá skartgripi frá okkur sem okkur hefur þótt standa upp úr á þessum fimm árum. Og við tókum þá gripi og smíðuðum þá úr 18 karata gulli. Svo setjum við bara eins mikið af demöntum og við getum í hvert og eitt stykki. Mest náðum við að setja 39 demanta í einn grip,“ segir Helga um nýja viðhafnar-skartið sem verður til í takmörkuðu upplagi núna fyrir jólin. Það verður svo afhjúpað í afmælisboði Orrafinn í kvöld.

Þess má geta að Orri lærði demantaísetningu á sínum yngri árum í New York. „Okkur finnst þetta líka vera smá óður til fortíðar Orra sem vann við þetta í New York. Hann flutti þangað sem unglingur með ekkert nema bakpoka nánast og endaði nokkuð tilviljunarkennt á að vinna sem demantaísetjari hjá stóru demantafyrirtæki á Manhattan. Það er því gaman að nýta þá dýrmætu reynslu og mikil forréttindi að geta sett demanta í sjálf.“

gudnyhronn@365.is




ÆVINTÝRALEGAR JÓLAGJAFIR
Skíðadeild Útilífs er í Smáralind
Herra- og dömuskíði með bindingum
Verð frá: 49.990 kr.
Herra- og dömuskíðaskór
Verð frá: 29.990 kr.
LOWA gönguskór, dömu og herra
Verð: 36.990 kr.
North Face húfur
Verð frá: 3.990 kr.
20% AFSLÁTTUR AF SKÍÐAPÖKKUM
Skíðapakkar fyrir fullorðna
Verð frá: 64.000 kr.
JÓLA TILBOÐ
North Face Thermoball úlpur
Herra- og dömusnið - margir litir
Verð nú: 19.990 kr.
Verð áður: 27.990 kr.
Deuter Futura bakpokar
Verð frá: 19.990 kr.
20% afsláttur af North Face
McMurdo Parka og Arctic Parka
20% AFSLÁTTUR
North Face hanskar
Verð frá: 6.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI • SMÁRALIND
utilif.is
Verð gilda til þriðjudags.

# Heilsan okkar



**Jóhanna E. Torfadóttir**
næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum

**ÁFENGISNEYSLA FYRIR MÁLTÍÐ EYKUR LÍKA MATARLYSTINA OG GEFUR AUKA HITAEININGAR.**

## Hvernig kemst ég hjá því að borða of mikið á aðventunni?

Of mikil fjölbreytni og framboð á mat, eins og bíður okkar á jólahlaðborði, eykur líkur á að við borðum allt of mikið – við eigum einfaldlega erfiðara með að hafa stjórn á okkur þegar úrvalið er mikið. Áfengisneysla fyrir máltíð eykur líka matarlystina og gefur auka hitaeiningar.

Það getur verið lúmskt hvað hollar fæðutegundir eins og þurrkaðir ávextir og hnetur eru orkuríkar og mætti því borða þær í hóflegu magni (lófafylli). Þetta gildir sérstaklega fyrir einstaklinga í kyrrsetuvinnu.

Trefjarík matvæli auka á seddutilfinninguna og því tilvalið að notfæra sér það fyrir uppskriftir (kökur og pítsubotn).

Dæmi um breytingar á uppskriftum til að gera þær hollari og trefjaríkari:

Nota heilhveiti eða grófmalað spelt á móti hveiti í uppskriftinni. Fínt er að miða við 50:50 hlutföll. Nota eplamauk eða stappaðan banana á móti sykri í uppskriftinni. Þannig er hægt að minnka sykurmagnið um a.m.k. helming. Einnig má minnka sykurinn í uppskriftinni án þess að bæta nokkru á móti. Nota jurtaolíu í staðinn fyrir smjör eða smjörlíki (1 dl fyrir 100 g) – mjúk fita er ávallt betri valkostur en hörð fita.

Best er að sneiða sem oftast hjá sykurríkum matvælum eins og sælgæti, konfekti og sykruðum gosdrykkjum (t.d. jólaöli). Í staðinn mætti fá sér mandarínur, vínber, tómata og fleira í þeim dúr. Svo er mikilvægt að borða hóflega af söltu og/eða reyktu kjöti eða sleppa því alveg og gefa í staðinn ávöxtum, grænmeti og baunum gott pláss á disknum.

**NIÐURSTAÐA:** Þrátt fyrir annasama aðventu er mikilvægt að huga að reglulegum máltíðum og hreyfingu og minnka þannig líkur á ofáti. Einnig er gott að borða ríkulega af ávöxtum og grænmeti. Svo er bara að njóta.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**



# Leynivopn Melaniu

Melania Trump forsetafrú þykir glæsileg en leynivopn hennar er förðunarmeistarinn Nicole Bryl. Þær hafa starfað saman í 11 ár.

Melania starfaði sem fyrirsæta á sínum yngri árum og var stórstjarna í tískuheiminum, líkt og kunnugt er. Melania þykir einstaklega fáguð og með háklassa fatasmekk. Hún er óhrædd við að ganga í skærum litum og ber þá með prýði. Gífurlegt álag og heilmikil ferðalög um heiminn virðast samt ekki hafa áhrif á óaðfinnanlegt útlit þessarar 47 ára gömlu eiginkonu Donalds Trump.

Melania hefur margoft verið spurð hvort hún hafi farið í fegrunaraðgerðir sem er frekar venja en undantekning hjá þeim sem eru stöðugt í sviðsljósinu en hún segir galdurinn liggja í öðru. Leynivopn Melaniu er förðunarmeistarinn Nicole Bryl en þær hafa starfað saman í ellefu ár, Nicole hefur unnið fyrir fjölmarga heimsfræga, meðal annars fyrirsætuna Cindy Crawford og Charlene, eiginkonu Alberts fursta af Mónakó.

Leiðir þeirra lágu fyrst saman þegar Nicole farðaði Melaniu fyrir fyrirsætuverkefni. Nicole og Melania eru sammála um að galdurinn á bak við gott útlit sé fyrst og fremst góð húðumhirða. Sjálf hefur Melania margoft sagt frá því í viðtölum að gott rakakrem og húðhreinsun sé lykillinn að fallegu útliti, en hún hefur sinnt húð sinni af alúð frá táningsaldri. Melania hefur fastmótaðan förðunarstíl þar sem áherslan er á „smókí“ útlit í kringum augun og athyglinni beint að háum kinnbeinum hennar en að jafnaði er hún með hlutlausan varalit. Spennandi verður að sjá hvort þessi förðun verður að tískubylgju.

asta@frettabladid.is



Nicole Bryl





„Ég hreinsa húðina og nota rakakrem og forðast sólina,“ hefur Melania Trump sagt, spurð út í galdurinn á bak við gott útlit. NORDICPHOTOS/GETTY






Columbia NIKE SKECHERS TRESPASS DIDRIKSONS1913 Champion CAMPINGAZ MERIDA adidas Coleman DEVOLD ecco MOUNTAIN HARDWEAR SOREL TATONKA

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON
## 06.12.17 – 12.12.17




**1** **Sakramentið**
Ólafur Jóhann Ólafsson




**2** **Gatið**
Yrsa Sigurðardóttir




**3** **Myrkrið veit**
Arnaldur Indriðason




**4** **Saga Ástu**
Jón Kalman Stefánsson




**5** **Amma best**
Gunnar Helgason




**6** **Þitt eigið ævintýri**
Ævar Þór Benediktsson




**7** **Mistur**
Ragnar Jónasson




**8** **Fuglar**
Hjörleifur H. / Rán F.




**9** **Heima**
Sólrún Diego




**10** **Sönglögin okkar**
Ýmsir höfundar

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson

# Bestu og verstu jólagjafirnar

Nú styttist óðum í jólin og eflaust margir farnir að huga að jólagjöfum fyrir sína nánustu. Og svo er bara að vona að gjafirnar hitti í mark hjá þeim sem fá þær. Lífið fékk nokkra einstaklinga til að rifja upp eftirminnilegar gjafir, þær bestu og verstu nánar tiltekið.



## FELIX BERGSSON, LEIKARI



Ég hef nú eiginlega bara fengið bestu jólagjafir og erfitt að velja eina en ætli ég segi ekki að það sem er mér efst í hug er að ég fékk æðislegan frakka frá eiginmanni mínum fyrir ári síðan. Frakkinn er blár með rauðu í kraganum og keyptur í uppáhaldsbúðinni okkar, Ganzo, en hana má finna í París, London og víðar. Ég hef ekki haft undan að segja fólki hvaðan frakkinn kemur og taka hrósi fyrir hvað hann fer mér vel. Baldur er mjög smekklegur þegar kemur að því að velja á mig föt til gjafa.

Versta jólagjöfin var nú kannski ekki svo slæm en sagan af henni er skemmtileg.

Þannig var að þegar við bræðurnir, Þórir og ég, vorum fimm og sjö ára ákvað ég að gefa honum forláta riffil í jólagjöf en riffilinn mátti kaupa í Kaupfélagi Austur Húnvetninga á Blönduósi. Ég gat ekki lýst undrun minni þegar mamma kom því þannig fyrir að við opnuðum gjafirnar hvor frá öðrum á sama tíma því að ég fékk nákvæmlega eins riffil.

Ég skildi ekkert í þessu fyrr en mörgum árum síðar þegar ég fattaði hlutverk foreldra í því „að láta hlutina gerast“ eins og þeim hentaði. Við bræður vorum alveg himinsælir með gjöfina hvor frá öðrum og skutum hvor annan ástúðlega í indíánaleik í nokkur ár eftir það.



## GUÐRÚN ÓLA JÓNASDÓTTIR, SÖNGKONA



Bestu jólagjafirnar eru gjafirnar frá sonum mínum, bæði þær sem þeir hafa föndrað í leikskóla og skóla og eins þær sem þeir hafa valið sjálfir og keypt handa mér í seinni tíð. Það er eiginlega ekki hægt að gera upp á milli þeirra en mér þykir óskaplega vænt um glerkrukkuna sem þeir máluðu og fylltu með jákvæðum staðreyndum um mömmu sína og líka hálsmenið með upphafsstafnum mínum.

Engin jólagjöf verið verst, en ein sérstök frá ónefndum ættingja; lítið box með nokkrum ólífupinnum. Kæmi sér kannski vel að hafa það í veskinu í dag en var ekki alveg málið á þessum tíma þegar ég var 10 ára og borðaði ekki einu sinni ólífur.



## SÉRA HILDUR EIR BOLLADÓTTIR



Besta jólagjöfin er án efa dúkka sem ég fékk frá foreldrum mínum þegar ég var átta ára, hún var risastór og hlaut nafnið Bolli. Síðar eignaðist ég dreng sem heitir einmitt Bolli og er risastór í dag, 192 cm á hæð, svo ég lít svo á að þessi jólagjöf hafi haft forspárgildi um framtíð mína. Ég hef nú aldrei fengið ljóta jólagjöf en ég man að þegar við maðurinn minn vorum nýbyrjuð saman rúmlega tvítug að aldri fengum við alls konar hluti í framtíðarbúið í jólagjöf, ég var ekkert að fíla það, mig langaði bara að fá áfram bækur, skart og snyrtidót eins og þegar ég var einhleyp, þetta var alltaf mikið fullorðins fyrir mig.



## GERÐUR KRISTNÝ, RITHÖFUNDUR

Ein besta jólagjöfin var þegar ég var 11 ára og fékk Þjóðsagnabækur Sigurðar Nordal í jólagjöf frá foreldrum mínum. Mér fannst mjög hátíðlegt að raða þessum þremur fallegu bindum upp í hillu við hliðina á Löbbu-, Kátu- og Liljubókunum. Á jólanótt lá ég í þjóðsögunum og sleppti draugunum lausum í herberginu mínu. En ekki man ég eftir því að neinn hafi gefið mér vonda jólagjöf. Allar hafa þær verið gefnar af góðum hug og alltaf hefur verið jafnspennandi að taka þær upp.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS



4., 5. OG 6. JANÚAR

# VÍNAR TÓNLEIKAR

**Karen Kamensek** hljómsveitarstjóri
**Valgerður Guðnadóttir** einsöngvari
**Kolbeinn Ketilsson** einsöngvari

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil verið allra vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar og eru ómissandi upphaf á nýju ári.

Nokkur af djásnum valsakóngsins Johanns Strauss prýða efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að Leðurblökunni og lýkur á Dónárvalsinum.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS**

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Frosta Logasonar




## Kærleikurinn í umferðinni

Það getur reynst nokkuð góður mælikvarði á geðheilsu manna hversu vel þeir kunna að bregðast við áreiti í umferðinni á götum höfuðborgarsvæðisins. Sjálfur lærði ég fyrir mörgum árum að mikilvægt er halda þar ró sinni í hvívetna, sýna þolinmæði og stillingu. Þrátt fyrir að hafa aldrei trúað á neitt sem kalla megi æðri máttarvöld þykir jafnvel mér, trúvillingnum, viðeigandi að kyrja þar stundum æðruleysisbænina góðu, en hún minnir á að stundum reynist best að sætta sig bara við það sem maður ekki fær breytt.

Já, við eigum að forðast að láta skapið hlaupa með okkur í gönur. Það veldur skærum og illdeilum sem við megum vel vera án í okkar litla og samheldna samfélagi. Þess vegna er gott að hafa í huga að öll höfum við gengið í gegnum sama umferðarskóla og þreytt sameiginlegt próf til ökuréttinda. Það sameinar okkur öll í lífsins ólgusjó og hjálpar okkur að komast klakklaust í gegnum frumskóginn sem samgöngukerfi landsins er.

Það var því með nokkuð ævintýralegum ólíkindum að fylgjast með apaheilanum á hvíta Toyota Hybrid bílnum sem ók norður eftir Reykjanesbrautinni í morgun. Manngerpið var á undan mér í aðrein að brautinni en í stað þess að ná upp hraða umferðarinnar, gefa stefnuljós og sveigja svo varlega inn í strauminn ákvað fíflið að aka á fimm kílómetra hraða og bíða þess að bílar á hraðbrautinni myndu nema staðar til að hleypa honum inn sem þeir gerðu auðvitað ekki. Í huga mínum hélt ég inni flautunni og gargaði hressilega á kauða. Sumir eru bara fæðingarhálfvitar sem eiga alls ekki að vera með ökuréttindi.








